


# ÁRSSKÝRSLA SJÁLANDSSKÓLA

2009-2010



## EFNISYFIRLIT

---

<b>Inngangur</b> .....	4
<b>Hagnýtar upplýsingar</b> .....	5
<i>Nemendur</i> .....	5
<i>Starfsmenn</i> .....	7
<i>Ytri tengsl</i> .....	11
<i>Skólaárið</i> .....	13
<i>Skóladagur nemenda</i> .....	14
<i>Skólahúsnæði – skólalóð</i> .....	15
<b>Áherslur í starfi Sjálandsskóla árið 2009 – 2010</b> .....	17
<b>Tyllidagar og viðburðir á skólaárinu</b> .....	17
<b>Samstarf heimilis og skóla</b> .....	24
<i>Skýrsla foreldrafélags Sjálandsskóla</i> .....	25
<b>Þróunarverkefni á skólaárinu</b> .....	26
<b>Sjálfsmat skóla</b> .....	26
<b>Samtanteikt og mat á árangri skólastarfsins</b> .....	26
<b>Skýrslur kennara</b> .....	27
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 1. og 2. bekk</i> .....	27
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 3. og 4. bekk</i> .....	32
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 5. og 6. bekk</i> .....	42
<i>Skýrsla umsjónakennara í 7. bekk</i> .....	49
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 8. bekk</i> .....	54
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 9. bekk</i> .....	58
<i>Skýrsla dönskukennara</i> .....	64
<i>Skýrsla íþróttakennara</i> .....	70
<i>Skýrsla sundkennara</i> .....	77
<i>Skýrsla myndmenntakennara</i> .....	88
<i>Skýrsla smíðakennara</i> .....	92
<i>Skýrsla í textílkennara</i> .....	99
<i>Skýrsla tónmenntakennara</i> .....	104
<b>Stuðningsþjónusta</b> .....	114

<i>Skýrsla sérkennara</i> .....	114
<i>Skýrsla þroskaþjálfara</i> .....	117
<i>Skýrsla meðferðarfulltrúa</i> .....	118
<i>Skýrsla námsráðgjafa</i> .....	118
<b>Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu – og upplýsingatækni</b> .....	123
<b>Skýrsla bókasafnsins</b> .....	123
<b>Tómstundaheimilið Sælukot</b> .....	124
<b>Fylgiskjöl</b> .....	129
<i>Fylgiskjal 1 – Skipurit Sjálandsskóla</i> .....	129
<i>Fylgiskjal 2 – Skóladagatal 2009-2010</i> .....	131
<i>Fylgiskjal 3 - Læsispróf í Sjálandsskóla 2008-2009</i> .....	133
<i>Fylgiskjal 4- Samræmdu prófin í Sjálandsskóla 2009</i> .....	135
<i>Fylgiskjal 5 - Skýrsla sjálfsmatshóps</i> .....	139
<i>Fylgiskjal 6 - Gegn einelti í Garðabæ - könnun</i> .....	148
<i>Fylgiskjal 7 - Fréttadagbók af heimasíðu</i> .....	156

## INNGANGUR

---

Ársskýrsla Sjalandskóla kemur nú út í fimmta sinn. Markmiðið skýrslunnar er að gefa sem bestar upplýsingar um starfið í Sjalandskóla veturinn 2009-2010. Gefið er yfirlit yfir starfið sem fram fer í skólanum auk þess sem fjallað er um ýmis atriði sem tókust sérstaklega vel og ábendingar um sitthvað sem betur má fara. Að gerð skýrslunnar koma skólastjóri, kennarar, ritari og aðstoðarskólastjóri sem ritstýrir verkinu. Skýrslan skiptist í ellefu kafla auk formála. Skýrslunni er dreift til skólaráðs, stjórnar foreldrafélagsins, skólanevndar Garðabæjar, forstöðumanns fræðslu- og menningarsviðs, deildarstjóra skóladeildar, auk þess sem hún er aðgengileg á heimasíðu skólans og liggur frammi á skrifstofu hans. Ýmsar frekari upplýsingar um daglegt starf í Sjalandskóla er að finna á heimasíðu skólans: <http://www.sjalandskoli.is>

Sjalandskóli er einsetinn grunnskóli og bauð á þessu ári upp á starf fyrir nemendur í 1.-9. bekk. Í Garðabæ hafa foreldrar val um grunnskóla fyrir börn í 1.-9. bekk og um eiginleg skólahverfi er ekki að ræða. Nærhverfi skólans er: Sjaland, Ásar, Grundir og Nes og markast það að Hafnarfjarðarvegi í suður, Gálgahrauni í vestur, Arnarnesvogi í norður og Kópavogi í austur.

Fyrsti skóladagur skólaársins 2009-2010 var 24. ágúst og voru þá 235 nemendur skráðir við skólann. Fyrsta skóladaginn voru allir nemendur skólans boðaðir ásamt forráðamönnun í einstaklingsviðtöl hjá umsjónarkennurum. Markmið þessara viðtala var að kynna nýjum nemendum og skerpa á markmiðum vetrarins. Skipulag skólans er í samræmi við grunnskólalög og aðalnámskrá. Skóladagatal skólans er í fylgiskjali 2. Skólastjóri á þriðja starfsári var Helgi Grímsson og aðstoðarskólastjóri var Ólöf Sigurðardóttir. Skipurit skólans er í fylgiskjali 1.

Sjalandskóla í júní 2010

Ólöf S. Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri


# HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

## NEMENDUR


Samtals voru 238 nemandi í skólanum þetta skólaár, 235 við upphaf skólaársins en 241 þegar mest var. Stúlkur í skólanum voru 122 og piltarnir voru 119. Skipting nemenda í árganga var með eftirfarandi hætti 1. og 2. bekk var samkennt í þrem umsjónarhópum alls 51 nemendur. Samkennt var í 3. og 4. bekk í þremur umsjónarhópum. Þar voru 55 nemendur. 64 nemenda var samkennt í 5. og 6. bekk í þremur umsjónarhópum og 7. bekk var kennt í einum umsjónarhóp alls 26 nemendum. Í 8. bekk var líka kennt í einum umsjónarhóp alls 21 nemenda. Einnig var kennt í einum umsjónarhóp í 9. bekk alls 21 nemenda.

Fjöldi nemenda Sjálandsskóla síðustu 5 ár

	2005-2006	2006-2007	2007-2008	2008-2009	2009-2010
Fjöldi nemenda	85	114	167	182	241



Eftirfarandi súlurit sýnir skiptingu nemenda skólans eftir lögheimili. Athyglisvert er hversu hlutfallslega fáir nemendur koma úr Sjólandsshverfi en hverfið er nokkuð stórt og afar nálægt skólanum. Skýrist það væntanlega af íbúasamsetningu og aldri íbúa hverfisins.



## Ástundun

Samantekt ástundunar leiðir í ljós að veikindadagar nemenda sem skráðir eru í Mentor eru samtals 1306. Beðið var um leyfi fyrir nemendum í 677 daga.

Ef tekið er meðaltal af þessum fjarvistum þá er hver nemandi veikur í 5,4 daga og fær leyfi í 2,8 daga. Eftirfarandi tafla sýnir ástundun hjá nemendum skólans.

	Veikindi 2008-2009	Veikindi 2009-2010	Leyfi 2008-2009	Leyfi 2009-2010
<b>1./2.bekkur</b>	139	244	98	98
<b>3./4.bekkur</b>	157	258	190	152
<b>5./6.bekkur</b>	246	362	120	195
<b>7.bekkur</b>	59	99	34	30
<b>8.bekkur</b>	115	202	83	91
<b>9.bekkur</b>		141		111
<b>Samtals</b>	<b>716</b>	<b>1306</b>	<b>525</b>	<b>677</b>

## STARFSMENN

---

Starfsmenn Sjálandsskóla er hópur fagmenntaðra og ófaglærðra starfsmanna sem vinna í sameiningu að því að byggja upp skólastarf sem einkennist af vilja og virðingu, með hag nemenda að leiðarljósi. Þeir starfa undir verkstjórn skólustjóra og eiga í nánú samstarfi sín á milli, við nemendur, foreldra þeirra og aðra sem að skólastarfinu koma. Allir starfsmenn skólans bera mikla ábyrgð á skólastarfinu jafnt undirbúningi, framkvæmd og mati og leggja metnað sinn í að styðja hvert annað í starfi, miðla þekkingu, reynslu og færni og nýta sér þau tækifæri sem gefast til þess að vaxa í starfi.


Skólaárið 2009-2010 störfuðu við skólann 32 starfsmenn, 19 kennarar og stjórnendur. 1 kennsluráðgjafi, 2 þroskaþjálfar, 1 stuðningsfulltrúi, 1 bókaforður, 4 starfsmenn við tólmstundaheimilið, 3 skólaliðar 1 ritari og umsjónarmaður.

Eftirtaldir starfsmenn störfuðu við skólann þetta skólaár:

<b>Nafn</b>	<b>Staða</b>	<b>Netfang</b>
Alina Daniela Petrache Tamasan	Skólaliði	<a href="mailto:alinat@sjalandsskoli.is">alinat@sjalandsskoli.is</a>
Anna Lilja Torfadóttir	Umsj.kennari	<a href="mailto:annal@sjalandsskoli.is">annal@sjalandsskoli.is</a>
Bjarney Gísladóttir	Bókaforður	<a href="mailto:bjarneyg@sjalandsskoli.is">bjarneyg@sjalandsskoli.is</a>
Bryndís A Rail	Sérkennari	<a href="mailto:bar@sjalandsskoli.is">bar@sjalandsskoli.is</a>
Davíð Örvar Ólafsson	Íþróttak./Sælukot	<a href="mailto:davido@sjalandsskoli.is">davido@sjalandsskoli.is</a>
Dorin Tamasan	Skólaliði	<a href="mailto:dorint@sjalandsskoli.is">dorint@sjalandsskoli.is</a>
Edda Björg Sigurðardóttir	Umsj.kennari	<a href="mailto:edda@sjalandsskoli.is">edda@sjalandsskoli.is</a>
Elfa Hrönn Friðriksdóttir	Umsj.kennari	<a href="mailto:elfa@sjalandsskoli.is">elfa@sjalandsskoli.is</a>
Erna Sif Auðunsdóttir	Umsj.kennari/í leyfi	<a href="mailto:ernaa@sjalandsskoli.is">ernaa@sjalandsskoli.is</a>
Fanney Hanna Valgarðsdóttir	Þroskaþjálfari	<a href="mailto:fanneyh@sjalandsskoli.is">fanneyh@sjalandsskoli.is</a>
Fjóla Hrund Björnsdóttir	Starfsm.Sælukots	
Guðrún Dóra Jónsdóttir	Listakennari	<a href="mailto:gudrunj@sjalandsskoli.is">gudrunj@sjalandsskoli.is</a>
Hafdís Helgadóttir	Stuðningsfulltrúi	
Harpa Maren Sigurgeirsdóttir	Námsráðgjafi	<a href="mailto:harpamaren@sjalandsskoli.is">harpamaren@sjalandsskoli.is</a>
Helgi Grímsson	Skólastjóri	<a href="mailto:helgi@sjalandsskoli.is">helgi@sjalandsskoli.is</a>
Hrafnhildur Sigurðardóttir	Umsj.kennari	<a href="mailto:hrafnhildursig@sjalandsskoli.is">hrafnhildursig@sjalandsskoli.is</a>
Hrafnhildur Sævarsdóttir	Íþróttak.	<a href="mailto:hrafnhs@sjalandsskoli.is">hrafnhs@sjalandsskoli.is</a>
Ingunn Þóra Hallsdóttir	Umsj.kennari	<a href="mailto:ingunnth@sjalandsskoli.is">ingunnth@sjalandsskoli.is</a>
Ingveldur Karlsdóttir	Umsj.kennari	<a href="mailto:ingveldurk@sjalandsskoli.is">ingveldurk@sjalandsskoli.is</a>
Íris Björk Baldursdóttir	Umsj.kennari	<a href="mailto:irisb@sjalandsskoli.is">irisb@sjalandsskoli.is</a>
Jóhanna Elísa Magnúsdóttir	Meðferðafulltrúi	<a href="mailto:johannam@sjalandsskoli.is">johannam@sjalandsskoli.is</a>
Kristín Steinarsdóttir	Tölvur/upplýsingafr.	<a href="mailto:kristin@sjalandsskoli.is">kristin@sjalandsskoli.is</a>
Margrét Helgadóttir	Umsj.kennari	<a href="mailto:margrethe@sjalandsskoli.is">margrethe@sjalandsskoli.is</a>
Margrét Tómasdóttir	Umsj.kennari	<a href="mailto:margrett@sjalandsskoli.is">margrett@sjalandsskoli.is</a>
Margrét Þorleifsdóttir	Umsj.kennari	<a href="mailto:margretth@sjalandsskoli.is">margretth@sjalandsskoli.is</a>


Ólafur Schram	Tónmenntakennari	<a href="mailto:olafurs@sjalandsskoli.is">olafurs@sjalandsskoli.is</a>
Ólöf Sigurbjörg Sigurðardóttir	Aðstoðarskólastjóri	<a href="mailto:olofs@sjalandsskoli.is">olofs@sjalandsskoli.is</a>
Sesselja Þóra Gunnarsdóttir	Umsj.kennari	<a href="mailto:sesseljag@sjalandsskoli.is">sesseljag@sjalandsskoli.is</a>
Sigríður Gísladóttir	Þroskaþjálfari	<a href="mailto:sigridurg@sjalandsskoli.is">sigridurg@sjalandsskoli.is</a>
Sigríður Ólafsdóttir	Sérkennari	<a href="mailto:sigriduro@sjalandsskoli.is">sigriduro@sjalandsskoli.is</a>
Sigrún Reynisdóttir	Textíl/danska	<a href="mailto:sigrunr@sjalandsskoli.is">sigrunr@sjalandsskoli.is</a>
Sigurður Guðleifsson	Umsjónarmaður	<a href="mailto:sigu@sjalandsskoli.is">sigu@sjalandsskoli.is</a>
Soffía Dagmar Þorleifsdóttir	Skólaritari	<a href="mailto:soffiath@sjalandsskoli.is">soffiath@sjalandsskoli.is</a>
Sonia Dias F.C. Leite	Skólaliði	<a href="mailto:soniad@sjalandsskoli.is">soniad@sjalandsskoli.is</a>
Svanhildur Gísladóttir	Skólaliði	
Þórey Íris Halldórsdóttir	Umsj.kennari	<a href="mailto:thoreyh@sjalandsskoli.is">thoreyh@sjalandsskoli.is</a>
Jón Sigbór Jónsson (Sissi)	Tölvuumsjón	<a href="mailto:sissi@flataskoli.is">sissi@flataskoli.is</a>
Kristín Blöndal Magnúsdóttir	Hjúkrun	<a href="mailto:kristin.blondal@hg.is">kristin.blondal@hg.is</a>
Brynjólfur G Brynjólfsson	Sálfræðingur	<a href="mailto:brynjolfur@gardabaer.is">brynjolfur@gardabaer.is</a>

Á næstu þremur myndum má sjá yfirlit yfir aldur, kyn og lögheimili starfsmanna.






## Kyn starfsmanna



## Lögheimili starfsmanna



## **Símenntun starfsmanna**

Kennarar skólans komu til starfa 17. ágúst. Fyrstu dagarnir voru nýttir til samráðs. Ítarlega var farið yfir hugmyndafræði og innra skipulag skólans. Þann 17. ágúst sóttu allir kennarar skólans námsstefnu Listir/sköpun í skólastarfi sem haldin var að frumkvæði samtaka um skólapróun. Ársþing samtaka um skólapróun var haldið í Sjálandsskóla 6. og 7. nóvember. Fjallað var um árangursríkar leiðir til að fyrirbyggja eða taka á agavanda og eineltismálum og bæta samskipti og skólabrag. Margir kennarar skólans sóttu þingið. Skólastjórnendur sóttu fjölmörg erindi og kynningar. Þeir starfsmenn sem ekki höfðu nýlega lokið skyndihjálparnámskeiði fengu slíka kennslu. Sérkennarar og þroskajálfar sóttu erindi og námskeið sem hæfðu þeirra sérhæfingu. Starfsmenn og kennarar skólans sóttu fjölmörg önnur námskeið og fræðslufundi. Starfað var samkvæmt gildandi símenntunaráætlun. Kennarar fara margvíslegar leiðir í persónulegri endurmenntun og gera grein fyrir henni í starfsmannaviðtölum. Ennfremur skila allir kennarar yfirlitsblaði yfir endurmenntun sína ár hvert.

## **Ráðningar starfsfólks**

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahópnum. Í ágúst 2009 bættust 4 nýjir í starfshópinn, 2 kennarar, námsráðgjafi og 2 aðrir starfsmenn. Tveir kennarar voru í fæðingarorlofi en annar kom til starfa á ný á vormisseri. Allir nýjir starfsmenn voru kallaðir í viðtal. Við ráðningu var lögð rík áhersla á að allt starfsfólk skólans hefði það helsta hlutverk að starfa með börnum þó svo að hver starfsmaður hefði einnig sitt nánara verkvið. Þó var lögð rík áhersla á að starfsfólk sýndi sveigjanleika og væri tilbúið að grípa inn í störf allra annara starfsmanna ef aðstæður krefðust. Það er stefna skólans að allir þeir sem sinna kennslu í skólanum hafi kennsluréttindi og gekk það eftir.

## **Forföll starfsmanna**

Þegar kennarar forfölluðust var leitast við að tryggja að störf nemanda fylgdu kennsluáætlun og skólanámskrá. Áfram var unnið eftir samkomulagi kennara við Garðabæ þar sem ákvæði í samningnum gerði ráð fyrir því að kennarar bættu á sig forföllum annarra kennara í teyrum án sérstakrar greiðslu. Þetta fyrirkomulag átti við um forföll á fyrsta degi. Þá sinnti UT kennsluráðgjafi forfallakennslu sem og skólastjórnendur. Oft sinntu skólaliðar eftirliti með nemendum í forföllum kennara en þá með leiðsögn. Forföll annarra starfsmanna voru í flestum tilvikum leyst með hagræðingu og flutningi verkefna. Þegar borin eru saman forföll kennara á milli ára eru 51% meiri forföll skólaárið 2009-10 en árið á undan. Nokkuð var um lengri veikindi auk þess sem slæmur flensufaraldur hafði áhrif. Skýrir það þessa miklu aukningu. Sjá nánar forföll skólaársins 2009-2010 í töflunni hér að neðan.

	Veikindi	Veikindi barna	Samtals
<b>Kennarar</b>	206 dagar	56 dagar	262 dagar
<b>Aðrir starfsmenn</b>	40 dagar	10 dagar	50 dagar
<b>Samtals</b>	246 dagar	66 dagar	312 dagar

## Samkomulag um breytta vinnutímaskilgreiningu og breytt vinnuframlag kennara

Í júní 2009 undirrituðu fulltrúar Garðabæjar og kennara Sjálandsskóla samkomulag um breytta vinnutímaskilgreiningu og breytt vinnuframlag kennara. Var þetta sambærilegt samkomulag og gildi á skólaárinu 2007-2008. Þó voru laun kennara lækkuð um einn launaflokk en á móti var binding viðveru á föstudögum stytta. Samkomulagið fól í sér að vinnutímaákvæði kennara yrðu hliðstæð og hjá öðrum háskólamenntuðum starfsmönnum sveitarfélaga, þ.e. á bilinu frá kl. 8 – 17 og innan þeirra tímamarka væri öll vinnuskylda kennara. Markmið samkomulagsins var að tryggja enn frekar vinnuumhverfi þar sem kennarar vinna saman sem hópur fagmanna að undirbúningi, framkvæmd og mati skólastarfs, undir verkstjórn skólustjóra; nemendum, starfsmönnum og skólastarfinu í heild sinni til bóta.

Það er mat kennara og skólustjórnenda að vinna samkvæmt samkomulagi sé mjög mikilvæg fyrir skólastarf í Sjálandsskóla og mikilvægt að allra leiða sé leitað til þess að halda því áfram.

## Starfmannasamtöl

Starfmannasamtöl voru í mars og apríl og tóku skólustjórnendur þau við kennara og suma starfsmenn en umsjónarmaður tók viðtölin við skólaliða. Í starfmannasamtölum var stuðst við umræðublað sem starfsmaður hafði fengið sent fyrir viðtalið. M.a. er rædd upplifun starfsmannsins í vinnunni, starfsánægja, starfið sjálft, samskipti og líðan á vinnustaðnum og hvaðeina annað sem starfsmaður og stjórnendur telja að þurfi að ræða.

---

## YTRI TENGLS

Fjölmarginir gestir komu í vetur og kynntu sér starfsemi skólans og bygginguna. m.a.:

- Skólastjórnendur úr Kópavogi
- Kennaranemar úr Listaháskólanum
- Skólastjóri og arkitektar frá Færeyjum
- Skólafólk tengt umsókn um Comeniusarstyrk
- Menntamálaráðherra og starfsfólk Námsgagnastofnunar
- Norskt skólafólk
- Nemar frá Menntavísindasviði HÍ
- Nemar úr Listaháskólanum
- Kennarar og starfsfólk úr Hraunvallaskóla
- Skólaráð Kópavogsskóla
- Skólastjóri og formaður skólanefndar Flóaskóla
- Starfsfólk leikskólans Hamrar

Stjórnendur og kennarar skólans aðstoðuðu líka fjölmarga kennaranema með því að svara spurningalistum, viðtölum og aðstoðuðu nokkra nema með lokaritgerð. Fjölmargir foreldrar og aðrir sem vildu kynna sér starfsemi skólans komu í heimsókn.

Lífshlaupinu 2010 var hleypt af stokkunum í Sjálandsskóla

## **Tengsl við aðra grunnskóla, leikskóla, atvinnulíf, íþrótt- og æskulýðsfélög, kirkju og frjáls félagasamtök.**

Sjálandsskóli átti margháttað samstarf við aðila innan Garðabæjar að þróun skólstarfs.

- Skólastjórnendur og kennarar 1.- 2. bekkjar áttu í samstarfi við leikskóla í bænum vegna "brúum bilið" verkefnisins.
- Skólastjóri og kennari í 7.bekk áttu samráð við Flataskóla, Hofstaðaskóla og Garðaskóla vegna flutnings nemenda í og úr Sjálandsskóla.
- Náíð samstarf var við leikskólann Sjáland og gagnkvæmar heimsóknir nemenda og starfsfólks reglulega allan veturinn. Unnið er að þróunarstarfi í samráði við leikskólann.
- Samráð og samvinna var við félagsmiðstöðina Garðalund.
- Samráð og samvinna var við félagsstarf aldraðra í Jónshúsi og Holtsbúð og Vífilstöðum.
- Samráð haft við Stjórnuna og skátafélagið Vífil vegna ýmissa verkefna.
- Kennsluráðgjafi í upplýsinga - og tæknimennt vann að þróun upplýsinga- og tæknimenntar í samstarfi við kennsluráðgjafa í öðrum grunnskólum Garðabæjar.

- Skólastjórnendur áttu reglulega fundi með skólastjórum í Garðabæ og sátu fundi grunnskólafulltrúa.
- Skólastjóri átti mikið samstarf við ýmsar stofnanir bæjarins vegna byggingaframkvæmda við skólann.
- Sjálandsskóli hélt helgistund í Vídalínskirkju í samstarfi við sóknarprest.
- Nemendur í tónlistarskóla Garðabæjar héldu tónleika í Sjálandsskóla.
- Nemendur skólans gerðu verð og vörukönnun í Fjarðarkaup í heimilisviku. Einnig fóru nemendur skólans í fjölmargar vettvangsferðir í nágrenni skólans allt skólaárið.
- Skólinn átti í samstarfi við fjölmargar bæjarstofnanir t.d. starfsfólk stofnana ÍTG, áhaldahús, garðyrkjudeild og bæjarskrifstofur vegna undirbúning og framkvæmd skólastarfsins.
- Þá átti skólastjóri og umsjónarmaður mikil samskipti við Fasteign vegna skólabyggingarinnar.

### **Tengsl við menntamálaráðuneytið og aðrar ríkisstofnanir.**

Skólinn tók þátt í heimaskólaverkefni Kennaraháskóla Íslands sem felst í því að Sjálandsskóli fóstur kennaranema öll þrjú ár nemans í náminu. Í vetur voru sex nemar í heimaskólaverkefninu. Auk þeirra voru 2 aðrir kennaranemar frá Listaháskólanum í vettvangsnámi við skólann í vetur.

Menntamálaráðuneytið lét gera úttekt á starfsemi skólans. Lesa má nánar um þá úttekt í kaflanum um sjálfsmat.

### *SKÓLAÁRIÐ*

Samkvæmt skóladagatali eru skóladagar nemenda 180. Kennsludagar nemenda eru 174 og skertir dagar skólaárið 2009-2010 voru alls fimm. Skertir dagar eru það þegar nemendur mæta aðeins hluta úr degi. Þeir dagar voru skólaásetningardagur, tveir foreldradagar, dagur vegna jólaskeppunar og skólaslitadagur. Kennsla fellur niður í jólaaleyfi nemenda sem var frá 21. desember til og með 4. janúar. Vetrarleyfi var 15. til og með 19. febrúar og páskaleyfi var 29. mars til og með 5. apríl. Einnig fellur kennsla niður vegna fimm skipulagsdaga kennara á skólaárinu, þ.e. 25. september, 23. október, 4. janúar, 14. maí og 9. júní.

Aðrir dagar á skólaárinu þar sem brugðið var út frá hefðbundnu skólastarfi hjá öllum nemendum skólans voru:

2. september	Gróðursetningardagur
11. nóvember	Dagur íslenskrar tungu

1. desember	Fullveldishátíð
23. apríl	Dagur umhverfisins
7. maí	Unicefhreyfingin
2.júní	Íþróttadagur
7.-8. júní	Innilega

Þess ber þó að geta að ekki var um að ræða skerta kennsludaga heldur breytt fyrirkomulag. Fjallað er sérstaklega um skipulag þessara daga í sérstökum kafla. Einnig má lesa um flesta þessa viðburði í fréttadagbók (fylgiskjal 7).

---

### SKÓLADAGUR NEMENDA

---

Skólastarf hefst kl. 8:15 og lýkur klukkan 14:05.

Skólahúsnæðið er opið frá kl. 7:30 á morgnana. Nemendur geta mætt í skólann frá klukkan 7:30 á morgnana en 2 starfsmenn sjá um gæslu til klukkan 8:00 þegar starfsmenn almennt mæta. Eftir að skóla lýkur á daginn býðst nemendum lengd viðvera til klukkan 17:15 sem er starfrækt á vegum tólmstundaheimilis skólans Sælukots.

Nemendur fá 10 mín langan nestistíma klukkan 9:25 og 30 mín hádegishlé klukkan 12:05 eða 12:35. Í nestistímanum er létt hressing í kennslustofunni en í hádegishléi er borðað í matsalnum. Nemendum gefst kostur á að kaupa hádegismat í skólanum eða koma með nesti. Yngri nemendum bauðst að kaupa ávaxtahressingu í morgunnestinu. Var það tilraun í vetur sem að mati okkar gekk ljómandi vel.

Frímínútur eru tvisvar yfir daginn. Fyrri frímínútur dagsins eru klukkan 9:50-10:10. Allir nemendur í 1.-7.bekk fara út í þessar frímínútur. Síðara hléð er í tengslum við hádegismatinn. Eldri nemendur 5.-9. bekkur fara í mat klukkan 12:05 – 12:35 og síðan beint í hlé klukkan 12:35-13:05. Nemendur í 8.-9.bekk fara þó í kennslu klukkan 12:35. Yngri nemendur byrja á því að fara í hlé klukkan 12:05 og í mat klukkan 12:35. Í þessu hléi hafa nemendur val um að vera úti eða inni. Starfsmenn skipta með sér gæslu í báðum þessum frímínútum bæði úti og inni eftir því sem við á.

Nemendur sækja íþróttakennslu í íþróttahúsi Sjálandsskóla 1 klst. á viku og sem lið í útikennslu 1 sinni í viku. Allir nemendur fara vikulega í sundkennslu í sundlaug skólans.

Á samkomu koma nemendur í 1.-7.bekk saman á hverjum morgni í hátíðarsalnum og sungu saman tvö lög, sáu skemmtiatriði ef slíkt var í boði og hlustuðu á tilkynningar. Skólastjóri stýrir samkomu og allir starfsmenn skólans taka þátt í henni. Foreldrar og forráðamenn voru ávallt velkomnir að taka þátt í samkomu og nýttu margir sér það. Í 8.og 9.bekk hófst kennsla strax klukkan 8:15. Nemendur í 8.og 9.bekk komu af og til á samkomu.

Í umsjónartíma sem voru í upphafi dagsins og við lok skóladagsins áttu nemendur stund með umsjónarhópnum sínum á umsjónarsvæði. Farið var í markvissa málörvun, lífsleikni, skipulag eða uppgjör dagsins eftir því hvort um var að ræða umsjónartíma í upphafi eða lok dags.

Á milli kennslustunda áttu nemendur hlé. Þetta hlé var notað til næringar, útiveru, hreyfingar og slökunar. Sérstök áhersla er lögð á að nemendur hefðu grænmeti eða ávexti í morgunnesti. Í frímínútum gátu nemendur valið um hvort þeir færu út á skólalóð til leikja og íþróttar eða væru inni í rólegum leikjum, spilum, handavinnu eða vinnu með þroskandi leikföng.

Hver kennslustund hjá 1.-7.bekk var 60 mínútur og skipti þá ekki máli að hvaða fagi var unnið. Kennarar voru afar sáttir við þessa tímalengd og hentaði það skólastarfinu vel. Kennslustundir hjá 8. og 9.bekk bekk voru ýmist 40 eða 60 mín.

Skóladagurinn var jafn langur hjá öllum nemendum. Var það upphaflega gert til þess að stuðla að betra næði í lok skóladags þar sem að allir árgangar voru saman á heimasvæði. Þannig fengu yngstu nemendur talsvert lengri skóladag en gengur og gerist en 5. , 6. og 7. bekkur bekkur ívið styttri. 8.og 9.bekk bekkur hefur styttri frítíma á milli kennslustunda og voru því með lengri kennslutíma þrátt fyrir að lengd skóladagsins væri sú sama. Var þetta gert með samþykki foreldraráðs, grunnskólafulltrúa og menntamálaráðuneytis. Gafst þetta fyrirkomulag skóladags afar vel og hefur því verið haldið áfram. Sérstakir foreldraviðtalsdagar voru teknir á haustönn og vorönn. Engir sérstakir prófdagar voru teknir.

---

## SKÓLAHÚSNÆÐI – SKÓLALÓÐ

---

Skólinn er staðsettur í útjaðri Sjálandshverfis í fjöruborðinu í Arnarnesvogi. Hraunholtslækur rennur undir skólabygginguna.

### Skólalóðin

Á lóð við 2. áfanga skólans eru nokkur svæði sem nýtast vel í skólastarfinu. Við norðurenda íþróttahúss er þrek- og teygjustöð, Við vesturenda hringsvið, áttaviti og skákborð og á suðurhlíð hópeflisstöð.

### Fjaran og Arnarnesvogurinn

Nálægð við Arnarnesvoginn og Hraunsholtslæk skiptir miklu máli í skólastarfinu og nýttist afar vel í allri útikennslu. Nemendur læra fljótt og vel að lækurinn og fjaran er ekki leiksvæði og þar má aðeins vera með starfsmanni skólans. Umsjónarmaður skólans (húsvörður) fór stundum með barnahópa í „veiðiferðir“ niður í fjöru í frímínútum vor og haust. Aflinn var settur í 2000 ltr. kaldsjávarbúr sem staðsett er í anddyri skólans.

Öllum nemendum 5.-9. bekkjar stóð til boða að fara út á sjó haust og vor. Haldið var sérstakt þriggja daga námskeið, annars vegar fyrir stelpur og hins vegar stráka í meðferð kajakanna. Þá var á skólaárinu starfræktur kajakklúbbur fyrir nemendur 5.-9. bekkjar. Þegar mest var í klúbbunum voru félagar 8. Við opnun sundlaugar opnaðist nýr möguleiki í starfi siglingaklúbbsins. Fengnir voru að láni 6 litlir kajakar frá Siglingaklúbbinum í Nauthólsvík sem hentuðu til æfinga í lauginni. Nokkrir klúbbfélagar hafa náð að taka eskimóaveltuna við þessar aðstæður.

### **Skólahúsnæðið**

Skólaárið 2009-2010 var nýting á skólahúsnæðinu svohljóðandi: öll heimasvæðin voru fullnýtt til kennslu og annar áfangi skólans var tekin í notkun. Í öðrum áfanga er hátíða- og matsalur, eldhús, tónlistarmiðstöð (tónmenntastofa og 5 herbergi til hljóðfæranáms), íþróttamiðstöð (3 íþróttasalir og sundlaug) og tólmstundaheimili. Nýja húsnæðið hefur nýst afar vel og hentar skólastarfinu mjög vel.

### **Heimasvæði**

Þetta skólaár var nemendum skipt á milli heimasvæða með eftirfarandi hætti. 5.-7. bekkur var saman á neðri heimasvæði í 4 umsjónarhópum, 3.-4. bekkur var saman á efra heimasvæði í 3 umsjónarhópum. 1.-2. bekkur var á efri hæð í syðri álmu. Áttundi og 9. bekkur voru á heimasvæði á neðri hæð í syðri álmu. Alþjóðaskólinn var með umsjónarsvæði á efri hæð syðri álmu.

### **Sérgreinastofur**

Hefðbundið skólasafn og tölvustofa sameinast í upplýsingamiðstöð Sjálandsskóla. Nokkuð hefur bæst í bókakost safnsins og nokkrir nemendur og aðrir Garðbæingar hafa gefið bækur til skólasafnsins.

Innangengt er á milli saumastofu (textílmenn), myndmenntastofu og smíðstofu (hönnun og tæknimenn) og hafa þeir kennarar sem þar kenna sameiginlega vinnuaðstöðu. Smíðakennsla fór fram í smíðastofu.

Íþróttakennsla fór fram í nýju íþróttasölunum. Fyrstu og síðustu vikur skólaársins fór kennslan fram utandyra.



# ÁHERSLUR Í STARFI SJÁLANDSSKÓLA ÁRIÐ 2009 – 2010

---

Helstu áhersluatriði á skólaárinu 2009 – 2010 eru:

- Koma samstarfi Sjálandsskóla og Garðalundar í ásættanlegt horf.
- Hefja kennslu í framhaldsskólaáföngum á unglíngastig með samstarfi við FG.
- Meta skólastarfið með þátttöku alls skólasamfélagsins með hliðsjón af skólafestun Garðabæjar 2010-2013.
- Rýna þemu á yngsta og miðstigi með hliðsjón af því hversu vel við „þekjum“ aðalnámskrá í náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni, trúarbragðafræði, upplýsinga- og tæknimennt.
- Skerpa áherslur í íslensku og stærðfræðikennslu á miðstigi.
- Skerpa viðmið og leiðbeiningar um heimalestur og aðra heimavinnu.
- Einfalda sjálfsmatsferli skólans með hliðsjón af skýrslu matsaðila sem gerðu ytra mat á starfi Sjálandsskóla vorið 2010 (sjá sérstaka skýrslu).

## TYLLIDAGAR OG VIÐBURÐIR Á SKÓLAÁRINU

---

### Morgunsöngur

Morgunsöngur hefur verið í allan vetur. Sungin hafa verið tvö lög á hverjum morgni og reynt að hafa söngskrána fjölbreytta og að lögin höfði til sem flestra nemenda. Þá hafa lög markvisst verið kennd í tónmennt til að fjölga lögum sem nemendur þekkja og geta sungið vel. Í vetur hefur verið lögð áhersla á að nemendur syngi og þekki nokkur íslensk þjóðlög, lög við texta þjóðkunnra ljóðskálda, lög úr teiknimyndum og barnaleikritum, þjóðlög nokkurra annarra þjóða, ný og gömul barnalög og ný og gömul íslensk sönglög og dægurlög. Reynt var að tengja morgunsönginn þeim þemum sem voru í gangi hverju sinni.

### Gróðursetningardagur í Sandahlíð

Sjálandsskóli fékk úthlutað landsvæði til ræktunar hjá Skógræktarfélagi Garðabæjar. Svæðið er í suðaustanverðri Sandahlíð nálægt Guðmundarlundi. Farið var með allan nemendahópinn miðvikudaginn 2. september í plöntunar og útivistarferð. Nemendahópnum var fjórskipt í vinnu. Á meðan einn hópur plantaði birkiplöntum undir stjórn starfsfólks Garðyrkjudeildar Garðabæjar voru hinir við leiki í Guðmundarlundi. Í hádeginu voru grillaðar pylsur og svo var frjáls leikur á svæðinu. Dagurinn tókst mjög vel enda var veður gott og allir í sólskinsskapi.

### 1. des. Fullveldisdagurinn

Fullveldisdagurinn hófst með því að nemendur í 7. bekk fluttu dagskrá sem var samansett af ýmsum fróðleik um fullveldishátíðina 1918, aðdraganda hennar og líf og starf Íslendinga á þeim tíma. Um leið og textinn var fluttur var sýnd glærusýning með ljósmyndum frá fullveldishátíðinni, frostavetrinum mikla og af húsum og lífsháttum Íslendinga. Að lokum voru sungin tvö ættjarðarlög. Nemendur Sjálandsskóla sem stunda nám í Tónlistarskóla Garðabæjar léku á lúðra. Að því loknu fór hver hópur nemenda til síns umsjónarkennara. Dagskráin gekk mjög vel.

## **Jóladagskráin**

Í desembermánuði tók skipulag skólastarfsins nokkuð mið af jólnum. Hóparnir skipulögðu hver fyrir sig jólabema. Nánari dagskrá var eftirfarandi:

### **17. desember**

Kirkjuferð í Vídalínskirkju kl. 11. Allir nemendur ásamt starfsfólki gengu fylktu liði til Vídalínskirkju þar sem Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir tók á móti okkur.

### **19. desember – litlu jólin**

**Skipulag dagsins var eftirfarandi:**

#### **Jólaskemmtun kl. 8.30 – 10.00**

8. bekkur  
3./4. bekkur  
9. bekkur  
Helgileikur  
Stofujól  
Dansað í kringum jólatré

#### **Jólaskemmtun kl. 10:00 – 11.30**

7. bekkur  
5./6. bekkur  
1./2.. bekkur  
Helgileikur  
Stofujól  
Dansað í kringum jólatré

## **Hrekkjavökudagurinn**

Hrekkjavaka var haldin í samstarfi við Alþjóðaskólann. Öskudag bar upp á í vetrarfríi nemenda Sjálandsskóla og var því ákveðið að þiggja boð Alþjóðaskólans um að halda með þeim hrekkjavöku og brugðið út frá hefðbundnu skólastarfi. Tveir fulltrúar frá Sjálandsskóla tóku þátt

í skipulagningu dagsins ásamt tveimur starfsmönnum Alþjóðaskólans. Foreldrar skólanna útveguðu sælgæti en starfsmenn útbjuggu átta fjölbreyttar og skemmtilegar stöðvar sem nemendur fóru á milli.

Nemendur og starfsfólk klæddu sig upp í hrekkjavökubúninga í tilefni dagsins. Dagurinn hófst á samveru í sal þar sem sungnir voru hrekkjavökusöngvar. Eftir það fóru nemendur á sín heimasvæði, fönnduðu hrekkjavökuskreytingar, skiptu sér í hópa og æfðu söngva. Loks fóru nemendur á milli stöðva og þar sem þeir voru ýmist látnir syngja eða þreyta þrautir og þáðu sælgæti að launum. Sex stöðvar voru útbúnar af starfsfólki Sjálandsskóla, þ.e. Drakúlakastalinn, Beinagrindin, Hryllingsbúðin, Hellirinn, Vampírudalur og Draugahúsið. Alþjóðaskólinn útbjó tvær hrekkjavökustöðvar. Foreldrar og nemendur voru ánægðir með daginn sem tókst í heildina vel.

## **Stærðfræðidagur**

Dagur stærðfræðinnar var haldinn vikuna 1.-4. febrúar. Þema verkefna var flatarmál, rúmmál og talning. Í stað þess að allir væru að vinna sama daginn var ákveðið að hvert svæði fengi sinn dag. Verkefnavinnan fór fram um allan skólann inni og úti, í útikennslutíma. Stærðfræðidagarnir gengu ágætlega fyrir sig en vilji er til að auka áherslu á þennan dag.

## **Íþróttadagur**

Heilsudagur/íþróttadagur var haldinn 23. september 2009

Fyrirkomulag dagsins var með eftirfarandi hætti:

Tími: lota 1-3. (8.15-12.10)

### **Fyrir 1. - 6. bekk.**

Nemendur eru 60 mín (1 lota) á hverju svæði. Það eru 3 stöðvar á hverju svæði. Allir fara á allar stöðvarnar. Þannig að hver stöð er 20 mínútur.

Íþróttahús:

1. Stöð: Íþróttasalur bandý með mjúkum og hörðum kylfum (20 nem) 10 spila með hörðum kylfum í hálfum sal á meðan 10 spila með mjúkum kylfum og svo er skipt um kylfur/stað eftir 10 mín.
2. Stöð: Þreksalur brennó
3. Stöð: Danssalur Ásadans, stoppdans, setudans.

Unglingadeild/eitthvert heimasvæði:

1. Tafl
2. Yatzy, spil.....
3. Borðtennis, billjard,

## Úti

1. Blak
2. Handbolti (Alina, Dorin)
3. Stinger, körfubolti, frjálst (fyrir minnstu krílin)

## Fyrir 7. – 9. bekk

### Val milli

1. Hjólað í hellaskoðun.
2. Línuskautuferð.
3. Fótbolti á Stjörnuvelli og sund í Sjálandsskóla.

Dagurinn tókst vel í alla staði, allir glaðir og ánægðir nemendur sem og kennarar.

## Íþróttadagur 2. Júní 2010

Annar íþróttadagur var haldinn þann 2.júní. Fyrirkomulagið var eftirfarandi:

Hver hópur er eina lotu á hverri stöð.

### Íþróttahús

Hang og upphíftingur fyrir neðan hús, Badminton. Borðtennis (úti), Spil (úti/inni), Bandý (í litla sal eða úti á túni fyrir framan hátíðarinnangang), Aukalega fyrir litlu hoppukastali og dans í danssalnum

### Skólalóð

Fótbolti á battavelli, Körfubolti á körfuboltavelli, Stinger á körfunni sem er stök, Brennó á brennóvellinum, Kubbur á grasinu, Kýló, Hjólabrettapallar (allan tíman)

### Ylströnd

Blak, Boccia, Skotbolti, Munkur. Vaða/búa til sandkastala

### Mat:

Dagurinn tókst í alla staði mjög vel, allir glaðir enda veðrið frábært.

Kennarar töluðu um að hafa daginn skertan (þar til eftir hádegismat) eða að hafa íþróttadaginn allan daginn.

## Skýrsla um listadaga

Sjálandsskóli tók þátt í listadögum Garðabæjar sem haldnir voru dagana 26. apríl til 1. maí 2010. Allir árgangar skólans komu að listadögunum með einum eða öðrum hætti.

## 1. – 2. bekkur

Nemendur eru 51 og unnu þrjú verkefni í tilefni listadaga.

### Fuglahræða

Nemendur bjuggu til fuglahræðu sem var sett niður við skólann til merkis um það að þar væri listadagaviðburðir í gangi. Fuglahræðan var unnin í umsjón umsjónakennara árgangsins.

### Hljóðfæragerð

Nemendur bjuggu til sín eigin hljóðfæri og spiluðu á þau í morgunsöng. Hljóðfæragerðin var unnin með umsjón umsjónarkennurum árgangsins. Lagið sem nemendur spiluðu var unnið í umsjón tónmenntakennara.

### Furðufuglar

Nemendur máluðu furðufugla á steina við göngustíginn sjávarmegin. Verkefnið var unnið með umsjón af umsjónarkennurum árgangsins.

## 3. – 4. bekkur

Nemendur eru 55, unnu þrjú verkefni í tilefni listadaga og tóku þátt í opunarhátíð þeirra.

### Opunarhátíð

Nemendur tóku þátt í opunarhátíð listahátíðar með skruðgöngu frá skólanum upp að hátíðarsvæði á Garðatorgi.

### Fuglahræður

Nemendur bjuggu til tvær fuglahræður önnur var sett niður við skólann til merkis um það að þar væri listadagaviðburðir í gangi. Hin var sett niður við hátíðarsvæðið á Garðatorgi en ein fuglahræða var sett þar niður frá öllum skólum bæjarins. Fuglahræðan var unnin í umsjón umsjónakennara árgangsins.

### Hljóðfæragerð

Nemendur bjuggu til sín eigin hljóðfæri og spiluðu á þau í morgunsöng. Hljóðfæragerðin var unnin með umsjón umsjónarkennurum árgangsins. Lagið sem nemendur spiluðu var unnið í umsjón tónmenntakennara.

### Ljóðaflutningur

Nemendur fluttu ljóð í fjöruborðinu við skólann. Umsjón með ljóðaflutningi höfðu umsjónarkennarar árgangsins.

## 5. – 6. bekkur

Nemendur eru 64 og unnu tvö verkefni í tilefni listadaga og einn umsjónarhópurinn fór í heimsókn til listamanns.

#### Listamannaheimsókn

Einn umsjónarhópurinn fór í heimsókn til listamannsins Sesselju Tómasdóttur, þar fengu þau fræðslu og fengu að mála.

#### Trúarbrögð mætast

Nemendur fluttu gjörning þar sem að þemað er trúarbrögð, í gjörningum mættust ólík trúarbrögð. Umsjón með gjörningnum höfðu umsjónarkennarar árgangana.

#### Kassabílar

Nemendur unnu þrjá kassabíla og fóru í kassabílarallí á skólalóð. Umsjón með smíði kassabíla hafði smíðakennari en umsjón með kassabílarallí höfðu umsjónarkennarar árgangana.

#### 7. bekkur

Nemendur eru 26 í árgöngunum. Nemendur unnu tvö verkefni í tilefni listadaga.

#### Vindharpa

Nemendur smíðuðu vindhörpu sem sett var upp á skólalóðinni. Umsjón með vinhörpunni hafði umsjónakennari árgangsins.

#### Listir á skólalóð

Nemendur gröffuðu á spjöld á skólalóðinni. Umsjón með graffinu hafði umsjónakennari árgangsins.

#### 8. – 9. bekkur

Nemendur eru 41 og tóku margir þátt í sýningu.

#### Sýning á listmunum

Nemendur sem höfðu verið í listgreinavali settu munina sýna á sýningu sem var haldin dagana 27. apríl til 30. apríl fyrir framan listgreinastofurnar. Umsjón með sýningunni höfðu myndmennta- textíl- og smíðakennarar.

## Unicefhreyfingin

Þann 19.maí tóku allir nemendur skólans þátt í í Unicefhreyfingunni. Nemendur Alþjóðaskólans tóku þátt með okkar börnum. Nemendur hlupu frá 1 og upp í 15 km hver. Fyrir daginn höfðu

nemendur safnað áheitum meðal ættingja sinna. Umsjónarhóparnir komu svo hver á eftir öðrum og hafði u.þ.b. klukkustund til að hlaupa. Starfsmenn skiptust á að standa við hlaupaleiðina og aðstoða nemendur ef þörf var á. Skemmt er frá að segja að hlaupið tókst frábærlega vel og söfnuðu nemendur Sjálandsskóla og Alþjóðaskólans 382.595 krónum

## Útilegan og vorhátíðin

4.- 5. júní var útivistardagur og innilega í Sjálandsskóla. Með yfirumsjón fóru Helgi Grímsson skólastjóri og Ólöf Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri. Allir kennarar skólans og aðrir starfsmenn tóku síðan þátt í frekari skipulagningu. Foreldrafélagið sá um skipulagningu á matartilbúningi en samið var við Heitt og kalt um að útvega kvöldmat þetta kvöld og nesti í hádeginu daginn eftir. Þeir nemendur sem ekki voru í mataráskrift greiddu 1000 krónur í fæðisgjald. Mánudaginn 7. júní var farið með rútum að Kaldárseli. Í boði voru þrjár mismunandi gönguleiðir. Nemendur á unglingsstigi fóru í skálaferð í Skorradal.

Dagskráin var eftirfarandi:

### Mánudaginn 7.júní

Nemendur komu með farangur í skólann, sunginn morgunsöngur og stutt umsjón með umsjónarkennara. Þá var farið af stað í Helgafellsgönguna. 10-15 foreldrar tóku þátt í göngunni með okkur og var það mjög ánægjulegt og auðveldaði ferðina mjög. Komið var tilbaka um miðjan dag og fengu þá börnin sér nesti. Að því loknu tók við dótadagur og frjáls tími til undirbúnings kvöldvöku. Kvöldverður var í umsjón foreldrafélagsins og fengu börnin lasagne sem Heitt og kalt útbjó. Um kvöldið var sameiginleg kvöldvaka þar sem nemendur skemmtu með heimatilbúnum skemmtiatriðum. Yngri nemendur áttu að vera komin í ró um klukkan 22:00 en eldri nemendur máttu vaka til miðnættis. Þá átti að vera komin ró og ljósín voru slökkt.

Starfsmenn skiptu með sér vöktum þennan dag.

### Þriðjudagurinn 8.júní

Klukkan 8 voru ljósín kveikt og nemendur tóku til við að ganga frá og fá sér að borða morgunverð sem foreldrafélagið sá um. Eftir það fóru nemendur ásamt sínum umsjónarkennara í dagsferðir af ýmsum toga.

Árgangarnir komu á misjöfnum tíma tilbaka en boðið var upp á samlokur og ávexti í nesti. Klukkan 13:00 bauð skólinn nemendum í pylsupartý sem nemendur höfðu áunnið sér með góðum árangri á hreinsunardegi.

Nokkur fjöldi foreldra mætti á kvöldvökuna og var það mjög skemmtilegt.

Mat starfsmanna var að þriðjudagurinn 8.júní hefði betur verið skertur dagur því bæði nemendur og starfsmenn voru orðnir lúnir þarna eftir hádegis.

## SAMSTARF HEIMILIS OG SKÓLA

---

Forráðamenn eru mikilvægir samstarfsmenn skóla þar sem þeir bera ábyrgð á uppeldi og umönnun barna sinna. Afar mikilvægt er að foreldrar finni sig velkomna í skólann og að aðstoð þeirra sé vel þegin og hafi gildi. Þess er vænst að foreldrar fylgist náið með námsframvindu barna sinna, hvetji barnið áfram, sýni áhuga, tali jákvætt um skóla og skólastarf við barnið og spyrji viðeigandi spurninga (hver spurning á sinn stað og stund). Hvatt er til þess að foreldrar komi með virkum hætti að skólastarfinu með markvissum heimsóknnum á skólatíma, þátttöku í starfi umsjónarbekkja, foreldrafélags og foreldraráðs.

*Viðamikil viðhorfakönnun var lögð fyrir foreldra í desember til þess að fá fram viðhorf foreldra til fyrstu mánaðanna í starfi skólans. Niðurstöður könnunarinnar má lesa um í fylgiskjali 5. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eru foreldrar afar ánægðir með starf Sjálandsskóla og virðist nemendum líða vel í skólanum. Starf skólans er í samræmi við stefnuna, skólabragur og andi uppbyggilegur og starfsfólk lætur sér annt um velferð barnanna. Þá komu skýrar vísendingar um það sem betur má fara.*

### Samstarf kennara og foreldra

Á haustdögum kynntu kennarar skólans komandi starfsár og helstu áherslur í starfi. Skólaárið hófst á foreldraviðtalsdegi. Þar gafst dýrmætt tækifæri til þess að miðla upplýsingum milli foreldra og kennara. Á skólaárinu voru einnig að lágmarki tvö viðtöl við alla foreldra. Haldnir voru tveir sérstakir foreldraviðtalsdagar. Eins og gefur að skilja voru fundir, símtöl og tölvupóstsendingar tíðari hjá stórum hópi nemenda. Sérstakir viðtalstímar kennara voru ekki skráðir á töflu heldur var upplýsingagjöf og samráði við foreldra sinnt eins fljótt og hægt var. Gafst það fyrirkomulag afar vel. Rík áhersla var lögð á upplýsingastreymi til forráðamanna. Var það gert með vikulegum bréfum umsjónarkennara.

### Foreldraheimsóknir

Fjölmargir foreldrar komu reglulega í morgunsöng og einnig var fjölmenni á viðburðum á samkomu í byrjun skóladags. Allir hópar héldu kynningar og aðrar upptökur með forráðamönnum og var almenn ánægja með það.



## SKÝRSLA FORELDRAFÉLAGS SJÁLANDSSKÓLA

---

Á skólaárinu skipuðu eftirfarandi stjórn foreldrafélags Sjálandsskóla:

Guðrún		Kristjánsdóttir,	formaður
Aníta		Sigurbergisdóttir,	varaformaður
Bryndís	Björk	Ásgeirsdóttir,	gjaldkeri
Berglind		Víðisdóttir,	ritari
Einar	Páll	Tamimi,	meðstjórnandi
Elma		Vagnsdóttir,	meðstjórnandi
Jóna Þorvaldsdóttir,	meðstjórnandi		

Meðfylgjandi er yfirlit yfir starfsemi félagsins í vetur:

Í skólabyrjun kynnti formaður félagið í öllum bekkjardeildum.

Á fyrstu vikum starfsársins stóð foreldrafélagið fyrir fundi með bekkjarfulltrúum. Farið var yfir fyrirhugaðar upptökur á skólaárinu og hlutverk bekkjarfulltrúa kynnt. Rætt var um vinnuhópa og var það sett í hendur bekkjarfulltrúa að koma þeim á með viðkomandi kennurum.

Í desember stóð foreldrafélagið fyrir lauffabráuðssteikingu í skólanum með nemendum og foreldrum.

Í mars hélt foreldrafélagið sitt árlega páskabingó. Þátttaka var mjög góð sem endranær.

Í byrjun júní tók foreldrafélagið þátt í innelegu skólans og sáu hópar foreldra um kvöldmat, gistingu og morgunmat. Þetta gekk virkilega vel og er orðið fastur liður í skólalífinu.

Foreldrafélagsgjöld voru sett 1.500.- þau eru valfrjáls og einungis innheimt með tilmælum í tölvupósti. Hluti foreldra greiddi í félagið.

Önnur mál

Foreldrafélagið hefur átt tvo fulltrúa í Svæðaráði foreldrafélaganna í Garðabæ. Starfsemi svæðaráðsins hefur verið með miklum blóma í vetur. Annar af fulltrúunum hefur jafnframt setið í Skólanefnd Garðabæjar.

Aðalfundur hefur enn ekki verið haldinn þar sem hann far fluttur fram á haust og verður strax í byrjun skólaárs.

Fyrir hönd Foreldrafélags Sjálandsskóla,

Guðrún Kristjánsdóttir, formaður

## ÞRÓUNARVERKEFNI Á SKÓLAÁRINU

---

Áfram var unnið markvisst að þróun skólstarfsins. Annar áfangi skólans opnaði marga nýja möguleika í skólstarfinu og unnu allir starfsmenn að því að nýta þá sem best. Í ár var mikil áhersla á þróun skólanámskrár (sjá nánar heimasíðu skólans) og sjálfsmats (sjá nánar sjálfsmatsskýrslu).

Unnið var að formlegu þróunarverkefni um þemakennslu á unglingastigi. Markmið verkefnisins er að þróa fjölbreyttari náms- og kennsluhætti á unglingastigi þar sem meginviðfangsefni náttúrufræðigreina, samfélagsgreina og lífsleikni eru að öllu leyti samþætt við aðrar greinar svo sem íslensku, list og verkgreinar. Því er gert ráð fyrir að unnið sé að öllum námsmarkmiðum fyrrgreindra þriggja greina í gegnum þemakennslu og öllu tímamagni þeirra samkvæmt viðmiðunarstundaskrá varið með þessari nálgun. Í þróunarferlinu bættist við þematenging upplýsinga- og tæknimenntar, svo og kristnifræði og siðfræði við þann grunn sem lagt var af stað með. Samþætting við list- og verkgreinar var minni en vonir stóðu til. Helgast það meðal annars af því að ákveðið var að bjóða upp á valnámskeið í list og verkgreinum og það þrengdi verulega möguleika til samráðs þar sem að kennslutímamagn var svo takmarkað. Ákveðið var að skilgreina ekki sérstaklega samþættingu við íslensku þó svo að hún hafi verið veruleg í flest öllum þemunum. Í sumum tilfellum má segja að þemun séu meira í ætt við lotukennslu í tiltekinni grein (t.d. eðlisfræði) frekar en samþætting margra námsgreina.

## SJÁLFSMAT SKÓLA

---

Sjá sérstaka skýrslu Sjálfsmatshópsins í fylgiskjali 5

## SAMTANTEKT OG MAT Á ÁRANGRI SKÓLASTARFSINS

---

Samkvæmt skólaskýrslu 2008-2009 voru eftirtalin áhersluatriði á skólaárinu 2009 – 2010:

- Ljúka samsetningu skólanámskrár
- Hefja sjálfsmatsvinnu samkvæmt Gæðagreini Festa í sessi þau atriði sem til umfjöllunar voru í umbótavinnu.
- Auka notkun á Mentor upplýsingakerfinu t.d. í námsmati.

- Byggja upp skólastarf með hliðsjón af þeim möguleikum sem 2. áfangi skapar með sérstakri áherslu á tengingu skóla og grenndarsamfélags.
- Þróa val (valnámskeið) á unglingastigi
- Hefja undirbúning kennslu í framhaldsskólaáföngum með samstarfi við FG.

Mikil vinna var lögð í samsetningu skólanámskrár og er hún nú heilstætt plagg sem er í sífelldri endurskoðun. Sjálfsmatsteymi hóf störf. Árlegar foreldrakannanir voru endurskoðaðar og lagðar voru kannanir fyrir starfsmenn og nemendur. Úrbótavinna fór fram í ljósi niðurstöðu og skrifuð um hana sérstök skýrsla. Notkun kennara á Mentor jókst. 2. áfangi skólans reyndist hin mesta menningarbót og er rýmin í henni notuð allan daginn. Skóladagurinn hefst með morgunsöngur í salnum, salurinn er notaður í hverjum hádegisverðartíma og fjölmargar skólaskemmtanir og sýningar hafa verið haldnar í salnum. Eldri borgarar notuðu áfangann í ríkum mæli og einnig tónlistarskólinn. Barnaskóli Hjallastefnunnar og Alþjóðskólinn nýttu sér íþróttamiðstöðina. Þá voru í salnum stórir viðburðir á vegum skáta og Samtaka áhugafólks um skólaþróun. Miklum vonbrigðum olli að Garðalundur stóð ekki fyrir viðburðum fyrir nemendur Sjálandsskóla og Garðaskóla á þessu ári. Valnámskeið fóru af stað og gáfu góða raun þó svo að ýmsir hnökror hafi komið fram við framkvæmd sem leiðréttir voru jafn óðum og gáfu góða reynslu fyrir næsta skólaár. Nemendur 8. og 9. bekk þreyttu stöðupróf að vori. Þeir sem náðu afburða árangri á þessum prófum fá heimild til „hraðferðar“ og að stunda fjarnám á framhaldsskólastigi.

## SKÝRSLUR KENNARA

---

### SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 1. OG 2. BEKK

---

Nemendur í 1. bekk voru 32 og í 2. bekk voru nemendur 19. Í hópnum voru 30 strákar og 21 stelpa. Nemendunum var skipt í 3 umsjónahópa og voru Ingunn Þóra Hallsdóttir, Ingveldur Karlsdóttir og Íris Björk Baldursdóttir umsjónakennarar hópanna. Jóhanna Elísa Magnúsdóttir leikskólakennari aðstoðaði inn á svæðinu. Aðrir kennarar sem kenndu í hópnum voru Guðrún Dóra Jónsdóttir og Sólveig Þórdís Einarsdóttir kenndu myndmennt, Edda Björg Sigurðardóttir kenndi hönnun og smíði, Hrafnhildur Sævarsdóttir kenndi íþróttir og sund, Sigrún Reynisdóttir kenndi textílmenn. Sigríður Ólafsdóttir sérkennari og Ólafur Schram kenndi tónmennt.

#### Kennslustundir

Nemendurnir fengu 20 kennslustundir (60 mín hver stund) á viku. Námið fór fram í þemalotum og var samþætt. Þannig voru námsgreinarnar íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, kristinfræði, enska, tölvur og lífsleikni kennd samþætt við efni lotunnar. Fyrirkomulag kennslunnar var gjarnan sett upp í hringekju. Fjöldi kennslustunda í hverri

námsgrein var því mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Við vetrarlok er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum námsgreinanna hafi verið náð. Hönnun og smíði, textílmenn, myndmenn og heimilisfræði voru kennd í lotum, 2 klukkustundir á viku í 9 vikur fyrir hvern nemenda. Tónmennt var í eina klukkustund á viku og íþróttir voru 1 klukkustund á viku. Útikennsla var fyrir hádegi einn dag í viku og kom þar inn mikil hreyfing. Sund var kennt í 40 mínútna kennslustundum og fór hver nemandi í sund 1 kennslustund á viku. Reynt var eftir megni að samþætta sérgreinarnar við viðfangsefnin og gekk það almennt mjög vel.

### Helstu áherslur hópsins

Meginmarkmið í starfi vetrarins voru þau að börnunum liði vel í skólanum, að þau fái jákvæða tilfinningu fyrir skólastarfinu og að vekja jákvæðan námsáhuga. Í upphafi var mikil áhersla lögð á almenna skólafærni. Skólinn, umhverfi hans og umgengnisreglur í skólasamfélaginu voru kynntar og æfðar. Lífsleikni var ríkur þáttur þennan vetur og mikið unnið með vináttu, tillitsemi og samkennd. Á hverjum degi var frátekinn tími þar sem nemendur gátu talað um það sem þeim lá á hjarta hverju sinni.

Mikil áhersla var lögð á lestrarnám og ritun. Í byrjun skólaárs skiptum við nemendum upp í hópa eftir því hvar þeir voru staddir í lestri og var unnið þannig fram á vor. Nemendur færðust þó á milli hópa eftir framvindu í náminu. Hjá 2.bekk var aukin áhersla lögð á einfalda málfræði og nemendum leiðbeint með stafsetningu. Höfuðáhersla var lögð á lestur og voru nemendur látnir lesa heima daglega og líka í skólanum.

Í stærðfræði var hópnum skipt upp þar sem nemendur unnu með samlagningu og frádrátt. Gerðu athuganir og bjuggu til súlurit, unnu með form, fundu tugi og einingar, ásamt því að gera ýmiskonar mælingar og skráningu. Auk þess byrjuðu nemendur í 2. bekk að vinna með verð og verðgildi, daga og mánuði, ásamt að finna tölur á undan og á eftir, læra um hundrað og finna helmingi minna og tvöfalt meira.

Í öllum námsgreinum var stuðst við markmið Aðalnámskrár grunnskóla.

### Þemaverkefni vetrarins

Yfirheiti	Helstu áherslur í verkefninu
<i>Hafið – 4 vikur</i>	Fjaran og hafið
<i>Tröll – 3 vikur</i>	Tröllin í náttúru Íslands
<i>Ég sjálfur / líkaminn – 3 vikur</i>	Líkaminn, skynfærin og samskipti
<i>Dýrin í Hálsaskógi – 5 vikur</i>	Leikræn tjáning og framsögn
<i>Örkin hans Nóa – 4 vikur</i>	Trúarbragðafræði

### Mat á þemum

*Hafið:* Unnið var með lífríki hafsins og fjörunnar. Hljóðheimur hafsins var einnig skoðaður og unnin verkefni í tónmennt í tengslum við hafið. Verkefnin voru skemmtileg og hæfðu markmiðunum vel. Þemað var hæfilega langt og skemmtilegt.

*Tröll:* Unnið var með þjóðsögur og búnir til litlir leikþættir. Steinar voru skoðaðir og unnið með þá á fjölbreyttan hátt. Verkefnin vöktu áhuga og voru skemmtileg. Auðveldlega hefði verið hægt að lengja þetta þema og vinna áfram með viðfangsefnið.

*Ég sjálfur/ líkaminn:* Unnið var með vináttu og samkennd innan hópsins. Einnig var unnið með skynfærin. Þemaverkefnin hæfðu vel þeim markmiðum sem unnið var með, vöktu áhuga og styrktu hópinn.

*Dýrin í Hálsaskógi:* Sett var upp leikritið Dýrin í Hálsaskógi. Í tónmennt æfðu börnin söngvana en einnig komu listgreinar að leikmyndagerð. Allir tóku þátt, nemendur í 2. bekk léku og nemendur í 1. bekk sáum um sönginn. Leikritið var sýnt nokkrum sinnum og var lokasýningin á foreldravöldi. Þemað tókst vel.

*Örkin hans Nóa:* Gyðingdómur og Íslam voru kynnt fyrir nemendunum en megináherslan var á kristna trú í gegnum söguna um örkina hans Nóa. Tímasetning var góð því páskar og umfjöllun um þá kom í kjölfarið. Þemað tókst vel.

*Plöntur og dýr:* Unnið var með fugla, smádýr og plöntur. Farið var í vettvangsferðir þar sem plöntur og dýr voru skoðuð. Einnig bjuggum við til ormabú og settum niður skordýragildir. Börnin voru einstaklega áhugasöm en spurning hvort að betra sé að vinna svona þema að hausti þegar meira er að finna af plöntum og skordýrum. Að öðru leyti gekk þemað vel.

### Skipulag kennslunnar

Unnið var út frá hugmyndum hugsmíðahyggju og hugmyndum um einstaklingsmiðað nám. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluáferðir en hlutbundin vinna, leikir, leitarnám, uppgötvunarnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar. Útikennsla var í hverri viku 2-3 kennslustundir. Mikil áhersla var lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulegðu eigið nám. Unnið var út frá sterkum hliðum hvers einstaklings og námið byggt upp út frá þeim. Fjölgreindakenningin var í hávegum höfð. Í upphafi og lok hvers dags hittist hver umsjónarhópur með umsjónarkennara þar sem dagurinn var ræddur og fengu nemendur þar stöðuga endurgjöf kennara á samskipti, framkomu og almennt gengi hópsins.

### Námsbækur og gögn

Kátt er í Kynjadal

Sproti 1, 2A, 2B

Viltu reyna gulur, rauður, grænn og blár

Vasareiknir 1 og 2

Komdu og skoðaðu líkamann

Komdu og skoðaðu umhverfið

Pínulitla Ritrún

Stig af stigi 1-2

Skrift 1-2

Skrift A-Ö

Vita meira og meira

Meira í dag en í gær

Vinnubók - Við lesum A

Vinnubók- Við lesum B

Lesum saman

Leikur að orðum 1 og 2

Ýmsar lestrarbækur

Ýmsar handbækur í tengslum við viðfangsefnið hverju sinni

Græni blýanturinn

Sitt af hverju 1

## **Foreldrasamstarf**

Gott samstarf var á milli foreldra og kennara. Kennarar sendu út vikuleg fréttabréf í tölvupósti, ásamt "Gera mitt besta" blöðunum í upphafi hvers þema. Foreldrar fengu einnig sendar heim námsmatsmöppurnar fimm sinnum yfir skólaárið. Haldin var námskynning í byrjun skólaárs, formleg foreldraviðtöl voru tvisvar yfir veturinn og haldin var leiksýning fyrir foreldra. Bekkjarfulltrúar skipulögðu tvö bekkjarkvöld. Einnig tóku foreldrar virkan þátt í innilegu. Ekki hafa verið auglýstir sérstakir viðtalstímar en foreldrar voru alltaf velkomnir í skólann til viðræðna við kennara og einnig var fólk duglegt að nota tölvupóst.

## Ferðir/útikennsla

Hópurinn fór í fjölmargar ferðir. Farið var á Þjóðminjasafnið, gróðursett í Sandahlíð, Náttúrustofu Kópavogs, bókasafn Garðabæjar, á sinfóníutónleika, í hjólaferð, Hafnarborg, kirkjuferð og fjölmargar ferðir í nágrenni skólans. Vorferð var farin á Helgafell og í Valaból.

Verkefni í útikennslu:

Útikennsla er tengd við þemu, þannig að unnið er með markmið úr viðkomandi þema úti. Reynt er að hafa útiverkefni fjölbreytt og nálgast þannig sem flest markmið Aðalnámsskrár grunnskóla.

- Berjamó í Gálgahrauni – drekka nesti úti, allir að kynnast og læra reglur í útikennslu, félagsfærni.
- Gróðursetningarferð í Guðmundarlund – allur skólinn (náttúrufræði)
- Fjöruferð – gönguferð – útikennsluþjálfun, kynnast nánasta umhverfi skólans, hvað má og hvað má ekki (félagsfærni, náttúrufræði)
- Hjólaferð á Náttúrugripasafnið í Kópavogi – í tengslum við þemað um hafið
- Stöðvavinna – í tengslum við þemað um hafið
  1. Teikna steypireið á skólalóðina og mæla
  2. Búa til færi og reyna að veiða
  3. Fjöru lykillinn
- Skipulagðir leikir – leikskólakennara-nemar skipulögðu
- Þema –Tröll – Fjaran: Hver nemandi tínir steina til að búa til sinn tröllkarl – tröllapema.
- Gálgahraun – leita að tröllum í hrauninu, segja tröllasögur o.fl.- í tengslum við þemað um tröll.
- Útikennslustöðvar í tengslum við þemað líkaminn
  1. Skyndihjálpi
  2. Ganga blindandi, annar leiðir
  3. Mælingar með líkamanum
  4. Hjartsláttarathuganir eftir göngu/hlaup
- Vinastund í leikskólanum Sjálandi (okkur boðið í leikskólann í vinastund, félagsfærni)
- Lummubakstur og leikur á lóð (heimilisfræði)
- Sleðaferð – allir koma með sleða og við förum saman út að renna (félagsfærni)
- Nemendahópnum skipt í tvennt, ½ fór á Bókasafn Garðabæjar og ½ fór á Þjóðminjasafnið. Skipti viku seinna (menning).
- Sinfóníutónleikar í Háskólabíó – boðsferð (menning, tónmennt)
- Bollukaffi í Leikskólanum Sjálandi (félagsfærni, tengsl)
- Ratleikur – teningaraleikur fenginn að láni hjá Hrafnhildi Íþróttakennara ( unnið með stærðfræði)
- Stærðfræði stöðvar – ýmis mælingaverkefni
- Valstund í Leikskólanum Sjálandi (félagsfærni)

- Val (leikur á skólalóð, páskaföndur, video)
- Gönguferð í leit af hljóðgjöfum – í tengslum við listadaga
- Planta fræjum – byrjað nýtt þema, Plöntur og dýr. Plöntuðum blómafræjum og radísufræjum í mjólkurfurnur sem við tókum svo inn. Fluttar aftur út nokkrum vikum síðar (í tengslum við þemað plöntur og dýr).
- Hafnarborg – leikfangasýning (menning)
- Mála fugla á steina úti – í tengslum við listadaga
- Unicef hlaup – áheitahlaup (félagsfærni – að láta gott af sér leiða)
- Pizzu-brauðbakstur með leikskólanum Sjálandi (heimilisfræði, félagsfærni)
- Hjólaferð (íþróttir, félagsfærni)

## Ástundun

Veikindadagar samtals í hópnum voru 244 dagar.

Leyfi voru 99 dagar.

Samtals komu nemendur 507 of seint í skólann og var foreldrum gerð gein fyrir mikilvægi þess að mæta á réttum tíma á námskynningu í október því þá strax var farið að bera á því að nemendur mættu of seint. Einnig var þetta rætt í foreldraviðtölum.

## Námsmat

Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru og vorum viðmiðin í samræmi við markmið greinarinnar (íslenska, stærðfræði, tölvu- og upplýsingartækni, þemu). Kannanir voru lagðar reglulega fyrir og nokkur hefðbundin skimunarpróf (Les, Tove Krogh, Læsi). Nemendur gerðu reglulega sjálfsmat í ýmsum greinum. Námsmat var kynnt foreldrum fimm sinnum í vetur í námsmatsmöppum. Tvisvar var því fylgt eftir með foreldraviðtölum. Í lok skólaársins var nemendum afhent námsmatsmappan sem innihélt allt mat vetrarins.

## Mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Þemaloturnar voru í flestum tilfellum hæfilega langar og tókst okkur að vinna þau verkefni sem við lögðum upp með. Mikil áhersla var lögð á grunnfærnina í lestri og ritun og gekk það vel. Einnig fórum við í skriftarátak í vor. Námsárangur var að jafnaði mjög góður og stóðu nemendur sig vel í allri vinnu jafnt utan dyra sem innan.

---

## SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 3. OG 4. BEKK

---



## Tölulegar upplýsingar

Skólaárið 2009-2010 stunduðu 56 nemendur nám í 3. og 4. bekk. Skiptust þeir þannig að 22 nemendur voru í 3. bekk og 34 nemendur í 4. bekk. Kynjaskipting hópsins var stúlkur 27 og drengir 29. Um áramótin hættu ein stúlka og einn drengur en undir vorið bættist ein stúlka í hópinn.

Nemendahópurinn skiptist í þrjá umsjónarhópa með þremur umsjónarkennurum. Þeir voru Margrét Helgadóttir, Margrét Tómasdóttir og Þórey Íris Halldórsdóttir. Umsjónarhóparnir skiptust í tvo 19 nemenda hópa og einn 18 nemenda hóp. Frá áramótum var Svanhildur Gísladóttir skólaliði sérlegur aðstoðarmaður kennarateymisins og barnanna.

Aðrir kennarar sem kenndu 3.-4. bekk voru:

Íþróttir: Davíð Örvar Ólafsson

Myndmennt: Guðrún Dóra Jónsdóttir og Sólveig Þórdís Einarsdóttir

Smíði og hönnun: Edda Björg Sigurðardóttir

Sund: Hrafnhildur Sævarsdóttir.

Textílmennt: Sigrún Reynisdóttir.

Tónmennt: Ólafur Schram.

Aðrar námsgreinar en þær sem hafa verið taldar upp hér að framan kenndu umsjónarkennarar hópsins. Sigríður Ólafsdóttir sérkennari fylgdi eftir námi nokkurra nemenda en einnig vann hún nánar með hópa sem kröfðust frekari þjálfunar t.d. í hraðlestrarnámskeiði, lestrarfærni og stærðfræðiþjálfun. Harpa Maren Sigurgeirsdóttir námsráðgjafi aðstoðaði nemendur við áætlunargerð sem og ræddi við nemendur eftir óskum og ábendingum umsjónarkennara, foreldra eða að óskum nemendanna sjálfra. Sigríður Gísladóttir yfirproskapjálfi kom að kennslunni eftir áramótin í þrjár stundir á viku til stuðnings. Jóhanna Magnúsdóttir kom inn í bekkinn til að aðstoða 1-3 stundir á viku og Sigrún Reynisdóttir aðstoðaði lengst af fjórar stundir á viku. Þeirra starfskraftar nýttust vel við hin ýmsu verkefni sem lögð voru fyrir.

## Skipulag námsins

Kennslustundir nemenda skiptust í 60 mínútna lotur, fjórar lotur á dag, 20 lotur á viku. Nemendur voru 14 lotur á viku með umsjónarkennurum á heimasvæði bekkjarins. Námið fór fram að stórum hluta í þemum (sjá kafla um þemu) og voru námsgreinar samþættar. Íslenska og stærðfræði voru á föstum tímum í stundatöflu en var einnig fléttað inn í þemun. Samfélagsfræði, náttúrufræði, kristinfræði, enska og lífsleikni var samþætt þemalotum. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var mismikil eftir því hvert viðfangsefnið var að undanskildum

íslensku og stærðfræði eins og áður kom fram. Útikennsla var að minnsta kosti tvær lotur á viku þar sem leitast var við að tengja hana við þemun. Tónmennt og íþróttir voru kenndar í eina klukkustund á viku. Textílmennnt, myndmennt, smíði og hönnun, tölvu og upplýsingamennt og heimilisfræði voru kennd í sjö vikna lotum og fengu nemendur úthlutað þremur klukkustundum á viku. Sund var kennt einu sinni í viku í 40 mínútur. Við vetrarlok er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum námsgreina hafi verið náð.

## Helstu áherslur

Hugsmíðahyggja og hugmyndafræðin um einstaklingsmiðað nám var rauði þráðurinn í öllu skólastarfinu hjá 3. og 4. bekk í vetur. Leitast var við að nota fjölbreytta kennsluhætti til að mæta þörfum flestra. Hlutbundin vinna, leikir og spil, leitarnám, uppgötvunarnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar. Verkefni og námsgreinarnar voru mismunandi og fjölbreyttar. Unnið var út frá sterkum hliðum hvers einstaklings og námið byggt upp og skipulagt út frá þeim.

Helsta markmið vetrarins var að skapa nemendum gott og jákvætt námsumhverfi til að vaxa og þroskast. Lögð var áhersla á jákvæða upplifun nemenda á skóla og byggja upp góðan bekkjaranda. Reglulega var farið yfir reglur, boð og bönn og almenn skólafærni æfð. Í vetur sátu nemendur bekkjarfundi með það að leiðarljósi að efla samkennd nemendahópsins og aðstoða við úrlausn deilumála sem og rætt var mikið um þetta í umsjón.

Byrjað var að kynna áætlunarvinnu fyrir nemendahópnum og var ein kennslustund á viku helguð þeirri vinnu. Nemendur fengu klukkustund til á ákveða hve mikið þeir ætluðu sér að vinna í tímanum í íslensku og stærðfræði og reyna smá saman að átta sig á hvað þeir geta gert mikið á þessum tíma. Ef þeir stóðust eigin áætlun þá fengu þeir staðfestingu hjá kennara og merktu við á yfirlitsblaði. Þetta er æfing fyrir þá áætlunarvinnu sem tekur við í 5. bekk enda mikilvægt að hver og einn geri sér grein fyrir hvers hann er megnugur og öðlist sjálfstæði í vinnubrögðum.

Í öllum námsgreinum var stuðst við markmið Aðalnámskrár grunnskóla. Hér eftir eru taldar upp helstu áherslur í undirstöðu námsgreinum.

## Íslenska

Að minnsta kosti tvisvar í viku hófust dagarnir á hljóðlestrarstund. Í heimanámi nemenda var lögð rík áhersla á lestur. Ætlast var til að allir læsu minnst 15 mínútur á dag og fullorðinn kvittaði í þar til gert lestrarhefti. Kennarar kvittuðu einnig og skrifuðu jákvæðar og uppbyggjandi athugasemdir til nemenda sem gafst afar vel. Nemendur skrifuðu heima í stílabók eftir upplestri, þrjú til fimm orð sem þeir höfðu lesið. Eftirfylgni kennara skiptir miklu máli til að ekki verði brotalöm á.

Ritun var yfirleitt unnin í tengslum við útikennslu þar sem nemendur gerðu grein fyrir upplifun sinni í tengslum við verkefni sem lögð voru fyrir og hvað þeir lærðu. Þeir áttu einnig að nota viðurkennd vinnubrögð við slíkum dagbókarskrifum eins og tilgreina dagsetningu, setja fyrirsögn, hafa upphaf, miðju og endi.

Skriftarkennsla var unnin að mestu með að nemendur æfu sig í þar til gerðum bókum *Skrift 2-6* og sérstökum skriftarblöðum en að auki var skriftaráttak þar sem hver og einn nemandi fékk leiðbeiningar um hvernig hann mætti bæta skriftarkunnáttu sína. Hins vegar var því ekki fylgt eftir að nemendur notuðu þessa skrift í annarri vinnu en sérstökum skriftarverkefnum

Unnið var markvisst með lesskilning, málfræði og stafsetningu í tengslum við *Hugarflug* og *Litlu landnemana* einu sinni í viku. Í málfræði var lögð áhersla á eftirfarandi hugtök og skilgreiningar á þeim:

Andheiti/samheiti

Sérnöfn/samnöfn

Eintala/fleirtala

Sérhljóðar/samhljóðar (tvöfaldir)

Kyn orða

Sagnorð/nafnorð/lýsingarorð

Eldri nemendurnir og einhverjir yngri unnu einnig með fallbeygingu nafnorða. Unnið var markvisst með stafrófið bæði í formi söngva, leikja og æfinga.

Í stafsetningu var ætlast til að nemendur skrifuðu stóran staf á eftir punkti og í sérnöfnum. Ætlast var til að þeir skrifuðu ekki stóran staf í miðju orði eða setningu. Einnig var áhersla lögð á að þeir kynnu einfaldar reglur um n og nn.

Að auki unnu nemendur ýmsar námsbækur í íslensku svo sem *Litla Ritrún*, *Ritrún*, *Ás*, *Tvistur*, *Þristur*, *Skinna I* og *II* ásamt verkefnum er tengdust þeim og unnin voru gagnvirk í tölvutímum.

### **Stærðfræði**

Stærðfræðin var kennd skipulega í lotum í vetur ásamt því að vera tvinnuð saman við þemun. Unnið var með samlagningu, frádrátt, margföldun, deilingu flatarmál, ummál, námundum, hnitakerfi, form og flutninga, hlutföll, mynstur og algebru, almenn brot og mælingar. Teknar voru kannanir [stoppkannanir] eftir hverja lotu. Innlagnir voru í upphafi hvorrar lotu og verkefni tengd lotunni unnin. Ætlast var til að nemendur lærðu margföldunartöfluna heima frá 0-10.

Námsbækurnar *Eining 5*, *6*, *7* og *8* lágu til grundvallar þessarar lotukennslu en að auki voru nemendur með aukabækurnar *Við stefnum að margföldun*, *Við stefnum að deilingu*, *Viltu reyna* og *Merkúrius*.

Þemaverkefni vetrarins

Þemur sem nemendur unnu voru eftirfarandi:

<b>Þemaverkefni</b>	<b>Helstu áherslur í verkefninu</b>
Stærðfræði og íslenska	Undirbúningur fyrir samræmdu prófin
Náttúran og tíminn	Tré, breyting á náttúrunni, veðrið, íslenska, stærðfræði, klukkan og hringrásir
Lína langsokkur	stærðfræði, lífsleikni, leiklist, tónmennt og íslenska
Afríka	Landfræði og samfélagsfræði, söngvar og leikir, tónmennt, mynsturgerð í stærðfræði, að setja sig í spor Afríkubúa
Ísland	Staðarhættir, landfræði, höfuðáttirnar, bókmenntir og ljóð, leikræn tjáning.

### **Stærðfræði og íslenska 31. ágúst - 16. september 2009**

#### **Almennt mat á þemanu:**

Stærðfræði og íslenskubemað gekk vel. Nemendur voru áhugasamir og mjög virkir í byrjun skólaárs og tilbúnir í skólabækurnar. Við tókum gömul samræmd próf og helstu atriði úr þeim og bjuggum til verkefni sem við unnum bæði innandyra og utan í góða verðrinu. Sem dæmi bjuggum við til ratleiki úr gömlum samræmdum prófum bæði í íslensku og stærðfræði. Við þjálfuðum ritun markvisst og unnum lesskilningsverkefni. Í stærðfræði fórum við djúpt í margföldunartöfluna og æfðum okkur utandyra á mælingum.

### **Náttúran og tíminn 21. september - 08. október 2009**

#### **Almennt mat á þemanu:**

Þemað í heild sinni gekk ljómandi vel en tók lengri tíma en áætlað var. Við lukum þemanu 16.okt í stað 9.okt. Nemendur höfðu gaman af þemanu og sýndu því áhuga.

Útikennsla var stór hluti þemans þar sem við notuðum nánasta umhverfið í vettvangskannanir. Við fórum í Hellisgerði, Vigdísarlund og fórum í göngutúra í mýrunum þar sem við skoðuðum tré og tíndum laufblöð og fylgdumst með hvernig litur þeirra breyttist viku frá viku. Nemendur unnu spæjarabók samhliða útikennslunni sem þau skráðu í upplýsingar um tré, stærð þeirra og fleira. Í skólanum nýttum við okkur afurð útikennslunnar í alls kyns verkefni. Nemendur pressuðu laufblöð og notuðu til að búa til bókamerki og prýða forsíðu á námsmatsmöppu októbermánaðar. Í ensku lærðu nemendur heiti daga og mánaða auk þess að læra á klukku.

Mikil áhersla var lögð á tímum og að nemendur áttu sig á árstíðaskiptunum og hvað veldur þeim. Nemendur útbjuggu hringbók en hugmyndin með henni var að búa til 4 hringi sem væru þættir sem færu alltaf í hring. Þannig fer klukkan í hringi, árstíðirnar, mánuðirnir og dagarnir. Þetta var mjög skemmtileg vinna og höfðu fönðrarnir mest gaman af þessu. Flestir náðu að klára þessa hringbók. Í umsjón á morgnana unnum við með veðrið og veðurtáknin. Nemendur skiptust á að teikna veðrið á hverjum degi með réttum veðurtáknum, hita og vindstigum. Nemendur sýndu þessu yfirleitt alltaf áhuga og þessi þáttur ætti í raun ekki að bindast við þetta þema heldur verða til umfjöllunar oftar. Nemendur útbjuggu síðan veðurtáknin í paravinnu þar sem þau drógu sér veðurtákn og hjálpuðust að við að teikna og lita sitt tákn sem var svo hengt upp í loft á heimasvæði. Mjög fallegt og líflegt verkefni. Nemendur útbjuggu líka tré og laufblöð á maskínupappír auk þess að útbúa klippimynd af skólalóðinni sem nemendur náðu ekki að ljúka en við munum halda áfram með í vetur. Eins og áður ætluðum við okkur aðeins um og of. Við náðum til dæmis ekki að vinna nánar með ættartré sem nemendur höfðu fyllt út heima hjá sér.

### **Lína langskokkur 19. október – 27. nóvember 2009**

#### **Almennt mat á þemanu:**

Bókin um Línu Langsokk var lögð til grundvallar í þemanu og lásu umsjónarkennarar 1 kafla á hverjum degi í umsjónarkrök fyrir nemendur. Þessar lestrarstundir voru mjög notalegar og er greinilegt að börnunum þótti gott að byrja daginn með þessum hætti. Auk þess gafst tækifæri fyrir kennara að útskýra flókin orð fyrir nemendur úr texta.

Þemað hófst með heimsókn 3.-4.bekkjar í Norræna húsið þar sem sænskur starfsmaður að nafni Pia tók á móti okkur og fræddi okkur um Astrid Lindgren auk þess sem hún las upp úr bókinni bæði á sænsku og finnsku. Pia sýndi nemendum bækur eftir Astrid Lindgren og leyfði nemendum að skoða bókasafnið sem var mjög spennandi. Í lokin afhenti hún öllum nemendum Línu-dúkkulísur sem nemendur dunduðu sér við að klippa út þegar í skólann var komið.

Verkefni sem nemendur unnu við voru margvísleg. Í íslensku var megin áhersla lögð á stafsetningu og unnu nemendur verkefni í sóknarskrift þar sem reyndi á stafsetningu. Nemendur áttu líka að leiðrétta bréf sem Lína skrifar Tomma og Önnu í bókinni. Gengu þessi verkefni ljómandi vel. Það reyndi líka á ritun í þemanu þar sem eitt verkefnið var þannig vaxið að nemendur áttu að skrifa um uppáhalds kaflann sinn í bókinni og rökstyðja hvers vegna þeir völdu hann. Eftir útikennslu skrifuðu nemendur um upplifun sína á verkefnum sem voru lögð fyrir hverju sinni. Í stærðfræði var helst lögð áhersla á margföldun þar sem fjölbreyttum kennsluaðferðum var beitt. Nemendur spiluðu margaegg, bjuggu til margföldunarhús, unnu í vinnubókum og léku sér í búmm leik í krök. Við fjölluðum líka um peninga og lögð voru fyrir verkefni tengd þeim auk þess sem nemendur fengu að spila Matador og Monopoly við mikla hrifningu. Nemendur unnu eðlisfræðitilraunir sem tengdust krafti og þyngdarafli.

Í útikennslu útbjuggum við Línuleika sem fólst í því að nemendur unnu á 8 mismunandi stöðvum og voru verkefni öll tengd Línu. Nemendur áttu að baka lummur (pönnukökur), útbúa kakó, labba á stultum, stökkva og mæla, hlaupa ofl.

Leiklistin var stór þáttur í þemanu og höfðu börnin mjög gaman af þeim þrotlausu æfingum sem áttu sér stað í desember. Þau stóðu sig eins og hetjur á jólasýningunni en leikritið í heild sinni var svo flutt fyrir foreldra í lok janúar. Sem sagt mjög vel heppnað þema sem þó dróst aðeins á langinn.

## **Afríkubema 01. mars – 01. apríl 2010**

### **Almennt mat á þemanu:**

Þemað hófst með heimsókn Gunnars Schram (bróður Óla tónmenntakennara) frá SOS barnaþorpunum. Hann kom og kynnti starf SOS og sýndi myndband frá dvöl sinni í Eþíópíu ásamt því að sýna krökkunum myndir af dýrategundum og fólkinu í landinu. Krakkarnir voru mjög áhugasamir og spurðu ótal spurninga samt mest tengdum dýrum. Mjög vel heppnuð heimsókn.

Í upphafi var ætlunin að lesa bókina er til *Lím í Afríku* í krók og vinna verkefni út frá henni þar sem frábærar kennsluleiðbeiningar eru á náms.is við þá bók. Við áttuðum okkur fljótt á því að bókinn væri helst til of þung fyrir 3.-4.bekk og ákváðum því að lesa valda kafla úr henni og ræddum meira saman um hvað börnin vildu vita, hvað þeim fannst merkilegt við Afríku og hvað þau vissu. Nemendur voru mjög hrifnir af kaflanum um leiki barna í Afríku. Notuðum við því tækifærið og æfðum nokkra leiki fyrir Afríkuleikana okkar í útikennslu. Samhliða því að lesa valda kafla úr bókinni sýndum við brot úr myndinni *Hvíti Masaíinn*. Börnin voru mjög spennt fyrir myndinni og urðu forvitin um ættbálka Afríku.

Fyrsta verkefni sem nemendur unnu var einstaklingsverkefni en þá drógu nemendur 1 fána 1 lands í Afríku. Þetta var mjög heppilegt þar sem við vorum með 53 nemendur en þjóðfánar Afríku eru 52-54. Nemendur studdust við öftustu blaðsíðuna í kortabókinni og teiknuðu fánana nákvæmt á A4 blað og notuðu til þess reglustiku og neon color liti. Fánarnir voru að lokum hengdir upp í band hlið við hlið til skrauts inn á heimasvæði.

Annað verkefni var hópverkefni en þá skiptum við krökkunum upp í 12 hópa þannig að 4-5 voru saman í hóp með 1 ákveðið land í Afríku. Verkefnið var veggspjaldagerð. Við reyndum að velja löndin í verkefnið jafnt eftir hvort þau voru staðsett í austur, vestur, suður, norður eða mið-Afríku. Við ræddum í krók hversu misvel fólk býr í þessum löndum, skilyrði til ræktunar, húðlitur fólks mismundandi o.s.frv. Hópunum var afhent ein mappa sem innihélt verklýsingu, kortabók og nokkrar bækur. Nemendur fengu jafnframt afnot af tölvum þessa daga sem þau unnu í veggspjaldagerðinni. Þetta verkefni gekk ágætlega en misvel hjá hópunum eins og oft vill verða þegar taka þarf tillit og skiptast á hugmyndum. Afraksturinn var hengdur upp á glervegg við tölvupallinn.

Í útikennslu fórum við á listasafn Reykjavíkur og skoðuðum sýninguna Ljósítlífun, héldum Afríkuleika og tjölduðum í fjörunni og grilluðum brauð á teini. Þam kennari í Alþjóðaskólanum kom í heimsókn og kenndi okkur afrískan dans og afrískan leik sem við notuðum í útikennslu og krakkarnir höfðu ótrúlega gaman af. Í heimilisfræði bökuðum við Malaví bananabrauð, í

myndmennt unnu krakkarnir mynsturverkefni á dúk ásamt því að smíða trommur. Tónmenntin var stór þáttur því nemendur æfðu afrísk lög og léku á hljóðfæri.

Uppgjörið á þemanu var uppákoma í morgunsöng þar sem nemendur sungu og spiluðu afrísku lögin fyrir nemendur skólans og foreldra sína. Eftir morgunsönginn buðu þau foreldrum sínum í stutta heimsókn upp á svæði þar sem þau leiddu foreldra sína um verkefnin sem þau unnu og sýndu þeim sýnishorn af leikjum og dansi sem þau lærðu. Í lokin buðu þau foreldrunum upp á kaffi og bananabrauðið.

Í heildina gekk þemað ljómandi vel, mjög skemmtilegt og fróðlegt og tímasetningin mjög góð þar sem engin leiði eða þreyta var farin að segja til sín. Við ásettum okkur að einblína meira á gleði og það jákvæða við Afríku í stað eymdar og hungursneyðar og fannst okkur það takast vel. Það sem við teljum hafa verið erfiðast var hópavinnan í veggspjaldagerðinni. Það vantaði oft upp á frumkvæði og virkni hjá æði mörgum.

### **Íslandspema 3. maí – 28. maí 2010**

#### **Almennt mat á þemanu:**

Við byrjuðum þemað um Ísland á hugarflugi í krók, umræðurnar um hvað krakkarnir vissu um Ísland og hvað þau vildu vita meira um Ísland. Til að mæta þörfum og áhuga nemenda ákváðum við kennararnir að þetta síðasta þema vetrarins yrði aðallega unnið út frá þeirra áhugasviði. Krakkarnir fengu því blað með sér heim þar sem þau áttu að fylla út hvað þau vissu og vildu vita um Ísland. Unnið var út frá svörum nemenda og raðað í hópa eftir áhugasviði hvers og eins.

Allir nemendur teiknuðu þjóðfánann og skrifuðu upp þjóðsönginn á réttan hátt. Nemendur unnu mikið í tónmennt tengt þemanu þar sem þjóðsöngurinn var æfður ásamt fleiri ættjarljóðum.

Í smíði og myndmennt útbjuggu nemendur risastórt kort af Íslandi og lituðu það með réttu litum, hálendið brúnt, láglendi grænt og merktu inn helstu jökla, fossa, eyjar ásamt því að merkja inn á landið með segli helstu staði á landinu.

Á heimasvæði þurftu nemendur líka að vinna með þessa þætti og fengu að æfa sig á að teikna upp landið og lita kortið í réttum litum ásamt því að merkja inn helstu örnefni landsins.

Í útikennslu var unnið með höfuðáttirnar þar sem nemendur skoðuðu stjörnuna fyrir utan skólann sem sýnir réttar áttir. Nemendur fengu einnig krítar til að teikna upp landið, höfuðáttirnar og helstu staði. Krakkarnir fóru í boðhlaup á battavellinum sem byggðist á því að liðið þurfti að búa til ýmis örnefni með frauðplaststöfum. Í lok þemans var einnig farið í miðborgarferð þar sem krakkarnir þurftu að finna elstu byggingar í miðborginni og vinna ákveðið verkefni tengt því.

Uppgjörið á þemanu var uppákoma í morgunsöng þar sem nemendur buðu foreldrum að koma og hlusta á lögin sem þau höfðu æft í þemanu. Krakkarnir sungu þjóðsönginn, Ísland er land þitt, Draumalandið og Ísland ögrum skorið við mikinn fögnuð áheyrenda. Að loknum morgunsöng

buðum við foreldrum upp á svæði að sjá afrakstur einstaklings- og hópverkefnanna. Þar mátti sjá veggspjöld, glærusýningu, eldgostilraunir, bækur, tímaás og margt fleira sem krakkarnir voru mjög stolt af enda unnu flestir vel.

Að okkar mati gekk þemað fínt og mun betur en á horfðist í fyrstu því krakkarnir voru lengi af stað og þeir getuminni áttu í miklum erfiðleikum með þessa útfærslu á verkefnum. Við vorum samt afar stoltir kennarar að horfa á nemendur syngja ættjarðarlög í lok þemans flaggandi íslenska fánanum.

#### Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu út vikuleg fréttabréf um starfið í vikunni sem leið. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur og ýmis önnur mál. Nemendur unnu nokkur heimaverkefni. Þeir sem óskuðu eftir því fengu heimavinnu í stærðfræði og íslensku en lítill hluti hópsins óskaði eftir slíku.

Bekkjjarfulltrúarnir skipulögðu vinarhópa í samráði við kennara og eins stóðu þeir fyrir tveimur bekkjarkvöldum í vetur.

Ferðir, útikennsla og aðrar upptökur

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir þær ferðir og útikennslu sem nemendur tóku þátt í í vetur:

<b>Ferðir og útikennsla</b>	<b>Helstu áherslur í verkefninu</b>
<b>Gálgahraun</b>	Nemendur fóru að tína ber
<b>Gróðursetningarferð í Sandhlíð</b>	Skólaferð
<b>Ratleik í íslensku</b>	Vinna með samræmd próf í íslensku
<b>Ratleik í stærðfræði og stafsetningarleikur</b>	Vinna með samræmd próf í stærðfræði og stafsetningu
<b>Gálgahraun</b>	Tína plöntur
<b>Vigdísarlundur</b>	Spæjarabókin – tína laufblöð
<b>Leikvöllur hjá mýrum</b>	Spæjarabók - tína laufblöð
<b>Hjólátúr að Vífilsstaðarvatni</b>	Hjólað var upp að Vífilsstaðarvatni.
<b>Norræna húsið</b>	Fræðst um Línu Langsokk og Astrid Lindgren
<b>Dagur íslenskrar tungu</b>	Farið var í miðbæ Hafnarfjarðar að lesa ljóð fyrir gesti og gangandi.
<b>Slökkviliðið og Þjóðmenningarhúsið</b>	4. bekkur fór í Þjóðmenningarhúsið á sýningu frá Náttúrufræðistofnun Íslands en 3. bekkur var á skólalóð í stærðfræðistöðvaleik ásamt að fá heimsókn frá slökkviliðinu.
<b>Línuleikar</b>	Ýmsar íþróttaræfingar, baka lummur og



	sjóða kakó.
<b>Jólaganga</b>	Göngu og strætóferð í Hellisgerði og nágrenni
<b>Tafl og hnitakerfi</b>	Nemendur notuðu sjálfan sig sem taflmenn á útitaflborði skólans og tefldu. Teiknuðu einnig upp hnitakerfi með krítum og færðu inn hnit.
<b>Íslenska og mælingatækni</b>	Nafnorð, lýsingarorð og sagnorð æfð ásamt því að mæla ýmislegt s.s. hæð og vinna úr þeim upplýsingum
<b>Mjólkursamsalan/lífsleikni</b>	3. bekkur fór í starfskynningu í mjólkursamsöluna á meðan 4. bekkingar æfðu sig í lífsleikni.
<b>Dagur stærðfræðinnar</b>	Nemendur reiknuðu ummál glugga í Sjálandsskóla
<b>Hafnarborg/lífsleikni</b>	4. bekkur fór á listasýningu í Hafnarborg þar sem nemendur tóku þátt í sýningunni sjálfri en 3. bekkur var heima í lífsleikni
<b>Sleðaferð</b>	Gengið var að Löngufit og rennt á sleðum
<b>Að vera Afríkubúi</b>	Nemendur elduðu brauð yfir opnum eldi og hituðu sér kakó inn í tjaldi
<b>Listasafn Reykjavíkur</b>	Nemendur skoðuðu málverkasýningu ungra listamanna þar sem litagleðin réð ríkjum sem hét Ljósitlífun í tengslum við litagleði Afríku.
<b>Afríkuleikar</b>	Nemendur tóku þátt í leikjum á Afríska vísu s.s. fótboltaleik á tánum með plastpokabolta, snú snú með söngvum og söngleiknum A rumba.
<b>Turninn og 19. hæðin</b>	Vinnustaðarheimsókn
<b>Ljóðagerð</b>	Farið var út í hraun að semja ljóð um ÍSLAND
<b>Dagur umhverfisins</b>	Tína rusl í nágrenni skólans
<b>Listadagar</b>	Nemendur tóku þátt í skrudgöngu sem hluta af setningarhátíð listadaga í Garðabæ.
<b>Hjóla- og gönguferð</b>	Farið var í hjólaferð um Garðabæ og nokkrir fóru í gönguferð að Gálgakletti í Gálgahrauni.
<b>UNICEF hlaup</b>	Hlaupið til góðs og safnað áheitum
<b>Reykjanesið</b>	Farið var í Skessuhellir, Víkingaheima og

	vinnustaðarheimsókn
<b>Ísland er land mitt</b>	Nemendur unnu með mælingar og staðhætti á Íslandi á skólalóðinni
<b>Söguganga um miðbæ Reykjavíkur</b>	Farið í miðbæ Reykjavíkur og sögulegir staðir skoðaðir og heimsóttir
<b>Íþróttardagur</b>	Farið í hinar ýmsar íþróttir .
<b>Helgarfell</b>	Gengið með skólanum upp Helgarfell
<b>Ylströndin</b>	Ýmsir strandleikir

### Samræmd próf

Sjá nánar samræmd próf í Sjálandsskóla 2009 í skólaskýrslunni.

### Ástundun

Skóladagar í vetur voru samtals 180. Töluvert mikið var um umsóknir um leyfi. Alls voru nemendur 155 daga í leyfi á árinu. Veikindadagar samtals í umsjónarhópunum voru 259 dagar, seinkomur í 737 tíma og fjarvistir í 32 tíma.

### Námsmat

Námsmatsmöppur voru sendar heim annan hvern mánuð. Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru hverju sinni og metin í möppu næsta mánaðar. Þemu voru metin við lok hvers þema. Kannanir voru lagðar reglulega fyrir í íslensku og stærðfræði, hraðlestrarpróf og lesskilningskannanir (sjá skýrslu fyrir sérkennslu). Nemendur gerðu í nokkrum tilvikum sjálfsmat og einnig jafningjamat.

### Almennt mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk nokkuð mjög vel. Nemendahópurinn var yfirleitt jákvæður og námsfús. Námsárangur var í flestum tilfellum mjög góður. Vel tókst að halda utan um loturnar og námsmatsmöppurnar en tímalengd þema riðlaðist að hluta.

## *SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 5. OG 6. BEKK*

Nemendur í 5. bekk voru 28 talsins og nemendur í 6. bekk 36 talsins. Fram að áramótum voru umsjónarkennarar: Anna Lilja Torfadóttir, Margrét Þorleifsdóttir og Sesselja Þóra Gunnarsdóttir. Í nóvember fór Margrét Þorleifsdóttir í fæðingarorlof. Sigrún Grímsdóttir tók tímabundið við starfi hennar fram að áramótum. Um áramótin hóf Helga Björk Jónsdóttir störf og tók við

umsjónarhópi Margrétar Þorleifsdóttur. Einnig kenndi Edda Björg Sigurðardóttir nokkrar stundir í hópnum. Aðrir kennarar hópsins voru Davíð Örvar Ólafsson kenndi íþróttir, Hrafnhildur Sævarsdóttir kenndi sund, Sigrún Reynisdóttir kenndi textílmenn, Guðrún Dóra Jónsdóttir kenndi myndmennt fram að páskum en þá tók Sólveig Þórdís Einarsdóttir við. Edda Björg Sigurðardóttir kenndi smíðar, Sesselja og Margrét / Helga kenndu tölvu- og upplýsingatækni, Ólafur Schram kenndi tónmennt. Sigríður Gísladóttir yfirproskapjálfi hafði umsjón með einum nemanda í hópnum og var einnig til stuðnings fyrir fleiri nemendum innan hópsins. Sigríður Ólafsdóttir sérkennari hafði yfirumsjón með sérkennslu fyrir hópinn ásamt Bryndísi Rail. Harpa Maren Sigurgeirsdóttir námsráðgjafi var einnig til stuðnings fyrir nemendahópinn.

### **Kennslustundir**

Nemendur fengu 19,5 kennslustundir (miðað við 40 mín. stundir) með umsjónarkennara eða öðrum sem kenndu almenna kennslu.

Námið fór fram í þeim og voru námsgreinarnar samþættar að mestu. Íslenska, stærðfræði enska og lífsleikni voru þó kennd sérstaklega. Námsgreinarnar sem teknar voru til umfjöllunar í þeim voru íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, tölvu- og upplýsingatækni, og lífsleikni. Námsgreinarnar voru ekki allar kenndar í senn heldur voru ákveðin viðfangsefni tekin til umfjöllunar í þeim og námsgreinum fléttað inn í þau eins og við átti. Markmið Aðalnámskrár voru höfð að leiðarljósi. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var því mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Við vetrarlok er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum námsgreina hafi verið náð. Í stundaskrá voru listgreinarnar smíði, myndmennt, textill, heimilisfræði og tölvur kenndar þrisvar sinnum í viku. Listgreinar voru kenndar í lotum og stóð hver lota yfir í sjö vikur. Allir hópar fóru einu sinni yfir veturinn í hverja listgrein. Tónmennt var kennd einu sinni í viku allan veturinn á móti íþróttum. Sund var kennt einu sinni í viku, 40 mínútur í senn. Nemendur fóru tvisvar sinnum í viku í íslensku og stærðfræði en enska var kennd einu sinni í viku.

### **Helstu áherslur hópsins**

Meginmarkmið í starfi vetrarins var að byggja upp gott og heilbrigt námsumhverfi fyrir nemendum. Hópurinn hefur þurft að ganga í gegnum tíð kennaraskipti og því var megin inntakið í starfinu að skapa nemendum öruggt námsumhverfi þar sem einkunnarorð skólans að vilja og virða voru höfð að leiðarljósi.

Fimmtudagar voru helgaðir útikennslu að meðaltali 2.klst. á viku. Á fyrstu vikum vetrarins var lögð áhersla á að árgangarnir kynntust og þjálfuðust í að vinna saman að ýmsum verkefnum. Lögð var áhersla á að nemendur væru virkir þátttakendur í að móta það skólasamfélag sem þeir eru hluti af og í kjölfarið var mikið unnið með samskipti, framkomu og samvinnu í hópnum. Eftir áramót var útikennslan fjölbreytt og kom inná flesta þætti námskrárinnar, s.s stærðfræði, íslensku, samfélagsfræði (tengt þeim) og lífsleikni.

Í upphafi og lok hvers dags hittist umsjónarhópurinn með umsjónarkennara þar sem farið var yfir daginn og hann var ræddur. Nemendur fengu þar endurgjöf kennara á samskipti, framkomu og almennt gengi hópsins svo eitthvað sé nefnt.

Í einstaklingsmiðuðu námi er lykilatriði að fram fari meira nám en kennsla og var því mikil og stöðug áhersla á sjálfstæði í vinnubrögðum nemenda. Einu sinni í viku skráðu nemendur áætlun sína fyrir vikuna. Þar báru þeir sjálfir ábyrgð á eigin vinnu. Mikilvægt er að nemendur líti á skólann sem vinnustað sinn og því reynt að mestu að þeir klári vinnu sína á vinnustaðnum og nýti vinnutíma sinn sem best. Heimanám var fyrst og fremst í formi lestrar valbóka. Nemendur lásu bókina um Fólkið í blokkinni og Sögueyjan og unnu fjölbreytt verkefni tengd þeim, þar sem fengist var við lesskilning, málfræði, orðaforða o.fl. Önnur heimavinna var að mestu einstaklingsmiðuð í tengslum við þemu sem og þjálfun í stærðfræði, íslensku og ensku.

### Þemaverkefni vetrarins

Yfirheiti vinnulotunnar	Helstu áherslur í verkefninu
Vináttan	Að nemendur kynnist betur innan hópsins, öðlist betri færni í samskiptum, taki tillit og beri virðingu hvert fyrir öðru.
Fólkið í blokkinni	Að nemendur lesi kjörbók og vinni verkefni úr henni. Nemendur settu upp leikrit úr Fólkinu í blokkinni og bjuggu til persónur sögunnar í máli og myndum. Nemendur æfðu nokkur lög úr verkinu og fluttu fyrir foreldra, aðra nemendur skólans og íbúa í Jónshúsi.
Rafmagn	Að nemendur læri um helstu þætti rafmagns. Heimsókn í Rafheima og upplýsingaleit. Nemendur settu saman jólaseríu í lok þemans og tóku próf.
Jólaþema og helgileikur	Jólaföndur, jólaleikrit og jólaundirbúningur. Nemendur í 5. bekk sýndu helgileikrit á jólaskemmtun skólans.
Norðurlöndin	Að læra um Norðurlöndin. Nemendur fræddust um Norðurlöndin og helstu einkenni þeirra og legu. Einnig fræddust nemendur um ritgerðasmíði og helstu áherslur þess að skrifa heimildaritgerð.
Sögueyjan	Nemendur fjölluð um miðaldasögu Íslands. Farið var í sögu landsins frá landnámi til upphafs miðalda. Nemendur bjuggu til spurningar úr bókinni sem notað var í spurningaspil.

Kynnumst öðrum	Samstarfsverkefni 5. 6. og 7. bekkjar um trú og trúarbrögð. Nemendur fræddust um helstu áherslur hvers trúarbragðs fyrir sig svo sem Íslam, Hindú, Búddha og kristni.
Einstaklingsverkefni	Nemendur völdu sér áhugasvið og fjölluðu um það með mismunandi hætti. Allir áttu að skila skýrslu þar sem þeir tóku fram heimildir, dagbók, spurningar sem lagðar voru fyrir sérfræðing og mat á verkefnunum.

### Skipulag kennslunnar

Unnið var út frá hugmyndum um einstaklingsmiðað nám í öllu skólastarfinu. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir svo sem sýnikennslu, skoðunarferðir, gestafyrirlesara, heimsóknir, skriflegar æfingar, vinnubókarkennslu, töflukennslu, heimildaröflun, umræður, leikræna tjáningu og leiki.

Mikil áhersla var lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulegðu eigið nám eins og áður hefur verið tilgreint. Í haust gerðu nemendur vikuáætlun í málfræði, stafsetningu, skrift og stærðfræði og unnu eftir þeirri áætlun í vinnustundum sem voru tvær klukkustundir á viku.

Í upphafi skólaárs var nemendum skipt í hópa í grunnfögunum íslensku, stærðfræði og ensku. Þeir hópar héldust að allan veturinn. Nemendum var skipt í fjóra hópa í íslensku, fjóra hópa í stærðfræði og þrjá hópa í ensku. Hóparnir fengu markvissar innlagnir og fylgdust námslega að. Eitt að markmiðum skiptingarinnar var að efla samvinnunám nemendanna. Nemendur settu ekki áætlunarvinnu sína inn í þessar vinnustundir. Þær voru fyrst og fremst hugsáðar sem kennsla með innlögn.

Þemu voru kennd í þrjár til fjórar vikur í senn. Nemendur fóru í fjögur þemu fyrir áramót og fjögur þemu eftir áramót. Umfang þemanna í skólanum var mismunandi en tvö þeirra voru heimavinna að mestu leiti. Í þemunum var leitast við að samþætta námsgreinar til að dýpka þekkingu nemenda og nálgast viðfangsefnin frá sem flestum hliðum. Eitt þema þótti okkur gefast afar vel. Það var þemað kynnumst öðrum. Það þema unnum við í samstarfi við 7. bekk. Hver kennari undirbjó umfjöllun um eitt trúarbragð og nemendum í 5. – 7. bekk var skipt í fjóra hópa. Allir hóparnir rúlluðu milli umsjónarkennara þar sem viðfangsefnin voru ólík en tengdust trúarbrögðunum með einum eða öðrum hætti.

Útikennsla var einu sinni í viku tvær til þrjár klukkustundir í senn. Leitast var við að tengja sem flestar násmgreinar og þemu við útikennsluna. Má þar nefna ratleiki með verkefnum í íslensku, stærðfræði og landafræði, lífsleikni með verkefni í að efla sjálfstraust og samkennd og ýmsa traustleiki til að efla félagstengslin. Farið var í nokkrar vettvangsferðir t.d., Rafheima, Þjóðminjasafn Íslands, Gerðarsafn, 871 + - , Norræna húsið, Hellisgerði í Hafnarfirði og bókasafn Garðabæjar svo eitthvað sé nefnt. Nemendur fóru ýmist fótgangandi eða með strætó í þessar ferðir.

---

## Námsefni

Námsefni hópsins var fjölbreytt og miðað að þörfum hvers og eins. Þar mætti telja í íslensku, Læðing 1 ( tilraunaverkefni frá Skólavefnum), Skinnu I og II, Skruddu I og II, Skræðu I og II, Mál til komið, Mál í mótun, Mál er miðill, Skrift 4, 5, 6 og 7, Blákápu, og ýmis konar efni af vef Námsgagnastofnunar og af Skólavefnum. Í stærðfræði voru Geislabækurnar 1 og 2 kenndar. Í ensku voru aðallega bækurnar Work out og Build up notaðar. Jafnframt voru notaðar þemabækurnar Heroes, A Year of Fun, Into hobbies. Nemendur notuðu fagabók þar sem þeim var kennd tækni við glósugerð o.fl. Gott og gagnlegt II var notað í heimilisfræði. Eftirtaldir bækur voru notaðar í þemakennslu: Fólkið í blokkinni, Auðvitað 1, Auðvitað 2, Sögueyjan, Norðurlönd, ýmsar bækur um Hindú, Íslam, Búddisma og Kristni. Enginn getur allt, allir geta eitthvað í lífsleikni.

## Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu s.k. föstudagspistla alla föstudaga með upplýsingum um starfið og skipulag námsins og veittu upplýsingar sem voru gagnlegar fyrir foreldra. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál. Sú heimavinna sem nemendur unnu var oftast hugsuð sem samvinna nemenda og foreldra. Foreldrar kvittuðu fyrir heimalestri nemenda en það var eina fasta heimavinnan allan veturinn. Foreldrafulltrúar nemendahópsins stóðu fyrir sýningu nemenda og pizzum. Spilakvöldi og föndri fyrir jólin.

## Útikennsla

Farið var í margar skemmtilegar ferðir í tengslum við þemavinnuna.

Útikennsla og ferðir	Helstu áherslur í verkefnum
Berjatínsla	Nemendur tíndu ber í hrauninu fyrir neðan Flatir.
Gróðursetningarferð í	Nemendur skólans fóru og

Guðmundarlund	gróðursettu plöntur í Sandhlíð
Skólalóð Sjálandsskóla	Hópeflisleikir og traustæfingar á skólalóðinni.
Kennsla á Vífilsstaðavatni	Verkefni unnið í samstarfi við Áhaldahús Garðabæjar. Nemendur veiddu fiska og skoðuðu lífríkið við Vífilsstaðavatn.
Kajak	Nemendur fengu kynningu á kajökum frá Helga og Sigú og þeir sem höfðu áhuga fengu að sigla þeim.
Skólalóð Sjálandsskóla	Nemendur bjuggu til víkingabrauð og fóru í ratleik á skólalóðinni.
Hellisgerði	Nemendur fóru í leik sem heitir Capture the flag í Hellisgerði.
Útiöldun	Nemendur fóru í Gálgahraun, settu upp tjald og elduðu mat.
Gönguferð um Garðabæ	Fræðsla um nánasta umhverfið.
Rafheimar	Fræðsluferð í Rafheima í tengslum við þema um rafmagn.
Rafmagnsbílarallý á skólalóðinni	Nemendur komu með rafmagnsbíla að heiman og bjuggu til braut þar sem rafmagnsbílar kepptu sín á milli í hraða og hæfni til að nýta rafmagn sitt.
Kirkjuferð fyrir jólin	Allir nemendur skólans fóru í kirkjuferð í Vídalínskirkju fyrir jólin.
Útileikir á skólalóð	Nemendur fóru í gamla og góða leiki eins og fallin spýta og ein króna ásamt leik með vasaljós í myrkrinu.
Norræna húsið	Nemendur fóru í heimsókn í Norræna húsið og fræddust um þá starfsemi sem þar er. Þeir fengu að lesa blöð á hinum skandinavísku málunum og kynntust örlitlum hluta af menningu hinna þjóðanna á Norðurlöndunum.
Ratleikur	Ratleikur um Norðurlönd.
Dagur stærðfræðinnar	Nemendur unnu að verkefnum sem tengdust mælingum, flatarmáli og ummáli. Þeir fengu það verkefni að mæla eins marga glugga á skólanum að ummáli og flatarmáli eins og þeir gátu.
Hjólaferð í Nauthólsvík	Nemendur fóru ásamt kennurum í hjólaferð í Nauthólsvík þar sem allir

	borðuðu nesti og léku sér. Síðan var sama leið hjóluð til baka.
Gálghraunið/ströndin	Nemendur fengu ýmis verkefni . Eitt verkefnið var að taka ljósmyndir, annað verkefni var að elda brauð og þriðja verkefnið var að lesa og búa til spurningar úr bókinni sögueyjan sem nemendur voru að lesa á þeim tíma.
Þjóðminjasafn Íslands og 871 + -	Nemendur fóru í heimsók á tvö söfn á einum degi í tengslum við þemað úr sögueyjunni. Á þjóðminjasafninu fengu þeir að fara í föt sem tengdust þeim tíma sem verið var að fjalla um.
Ljósmyndasýningin á Gerðarsafni	Árlega halda blaðljósmyndarar sýningu á verkum sínum það árið. Þessa sýningu heimsótti hópurinn og fékk fræðslu um helstu verk og vinningshafa sýningarinnar.
Skautuferð	Heimsókn á skautasvellið í Reykjavík.
Lionshlaupið	Nemendur í 5. bekk tóku þátt í boðhlaupi Lionshreyfingarinnar. Nemendum var skipt í hópa á milli bekkja.
Listadagar - kassabílarallý	Nemendur bjuggu til þrjá kassabíla í kjallara skólans. Á útikennsludegi og í tengslum við listadaga héldu nemendur rally keppni á milli bíla og var þetta hluti af auglýstri dagskrá listadaga.
Unicef hlaupið	Allir nemendur skólans tóku þátt í árlegu Unicef hlaupi þar sem þeir söfnuðu áheitum sem renna í sjóð Unicef.
Sun dog hjólaferð á Álftanes	Allir nemendur 5. og 6. bekkjar fóru í sundferð og hjólaferð á Álftanes.
Gönguferð á Helgafell, Valaból, Búrfellsgjá, Heiðmörk og Kaldársel.	Allir nemendur skólans fóru í göngu. Nemendur gátu valið á milli þess að fara í göngu á Helgafell eða í Heiðmörk, Búrfellsgjá og enda í Kaldárseli.
Háskóli unga fólksins	Nemendur 6. bekkjar fóru í háskóla ungfólksins seinni daginn í innilegunni og kynntust þeirri starfsemi sem þar er í gangi.



## Ástundun

Veikindadagar í hópnum voru samtals 361 dagar og 61 stund

Leyfisveitingar voru 187 dagar og 26 stundir.

Fjarvistir 8 dagar og 28 stundir

Seint 747 stundir

## Námsmat

Breyting var gerð á fyrirkomulagi birtingar námsmats. Námsmatið var sent heim með nemendum fyrsta föstudag október, desember, febrúar og apríl. Í júní fóru allir nemendur heim með námsmat vetrarins sem unnið hafið verið jafnt og þétt allt skólaárið þar sem hægt var að fylgjast með framþróun nemandans í náminu jafnt og þétt. Námsmatið var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru. Námsmatið byggðist á mati á könnunum, verkefnum, vinnusemi, sjálfs- og jafningjamati. Kannanir voru lagðar fyrir í íslensku, stærðfræði og ensku jafnt og þétt yfir árið.

## Almennt mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk almennt vel. Mikið var unnið með framkomu og samskipti allra nemenda og framfarir urðu miklar þegar leið á veturinn. Vel tókst að halda utan um loturnar og tímalengd þeirra stóðst oftast. Námsárangur nemenda var almennt góður og var hann metinn útfrá markmiðum hvernar lotu og markmiðum aðalnámskrár. Útikennslan tókst vel einkum þegar hópnum var skipt upp í smærri hópa.

Það sem okkur þykir hafa tekist einkar vel á þessum vetri var hópaskiptingin í grunnfögunum, stærðfræði, íslensku og ensku. Þetta fyrirkomulag teljum við mikilvægt að halda í. Slík hópaskipting hentar einstaklingsmiðuðu námi vel og kennslan verður markvissari.

---

## SKÝRSLA UMSJÓNAKENNARA Í 7. BEKK

---

Nemendur í 7. bekk voru 26 í vetur. Einn nemandi bættist við í október áramót. Umsjónarkenni var Hrafnhildur Sigurðardóttir og Hafdís Helgadóttir var stuðningsfulltrúi. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru Hrafnhildur Sævarsdóttir sem kenndi sund, Davíð Ólafsson kenndi íþróttir, Edda Björg Sigurðardóttir kenndi smíði, Guðrún Dóra Jónsdóttir og Sólveig Þórdís Einarsdóttir kenndu handmennt, Sigrún Reynisdóttir kenndi textímennt og dönsku, Ólafur Schram kenndi tónmennt og Anna Lilja Torfadóttir kenndi ensku. Sérkennararnir Bryndís Rail og Sigríður Ólafsdóttir sáu um sérkennslu í bekknum

## Kennslustundir

Nemendur fengu 19,5 kennslustundir (miðað við 40 mínútna kennslustundir) með umsjónakennara á viku að meðaltali yfir veturinn. Námsgreinar voru íslenska, stærðfræði, útikennsla, samfélagsfræði, náttúrufræði, lífsleikni og kristin fræði sem samþættar voru inn í þemun. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var því mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Listir voru fastar á stundatöflu, ein klukkustund á viku, smíði var ein klukkustund á viku tónmennt var ein klukkustund á viku, íþróttir og sund voru einu sinni í viku. Enska og danska voru einu sinni í viku í allan vetur. Heimilisfræði var lotuskipt og voru nemendur annað hvort fyrir eða eftir áramót í henni.

## Helstu áherslur hópsins

Umsjónarkennari sá sjálfur um áætlun og stýrði nemendum í náminu. Megináherslur hópsins voru að koma á reglu og skipulagi í tengslum við námið. Ekki var um stöðuga heimavinnu að ræða. Heimavinna tengdist helst þemu. Lögð var áhersla á að vinna með samskipti í hópnum og að hver og einn fengi að njóta sín. Í upphafi og lok hvers dags hittist umsjónarhópurinn með umsjónarkennaranum þar sem dagurinn var ræddur og fengu nemendur þar stöðuga endurgjöf kennara á samskiptum, framkomu og almennu gengi hópsins.

## Þemaverkefni vetrarins

Yfirheiti vinnulotunnar	Helstu áherslur í verkefninu
Lífsleikni	Kynnast hvert öðru, efla hópinn og mynda tengsl innan hópsins.
Evrópa	Fái heildræna mynd af Evrópu "smæð" hennar, sögu og menningu.
Líkami mannsins	Kynnast mannlíkamanum og þeim breytingum sem verða á honum frá fæðingu til dauða.
Ljóð	Kynnast ljóðum, einkennum þeirra og vinna með þau á fjölbreyttan hátt.
Veður	Kynnast því hvaða þættir í umhverfinu hafa áhrif á veður og veðurfar og hvernig veður hefur áhrif á daglegt líf.
Ísland og miðaldir	Öðlist skilning á stöðu Íslands í heiminum á tímanum frá siðaskiptum til upphafs

	seinustu aldar.
Trúarbrögð	Kynnast trú og menningu annarra. Unnið með 5.-6.bekk.
Efni og eðli	Kynnast frumeindum og sameindum og læri um sérkenni efna.

### Skipulag kennslunnar

Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir, beina kennslu, leiki, leitarnám, samvinnunám, uppgötvunarnám, vettvangsnám og söguaðferðarnám þar sem samþætting námsgreina bar hæst. Hvert þema var kennt í tvær til sex vikur allt eftir umfangi og markmiðum þemans. Í þemunum var leitast við að samþætta námsgreinar til að dýpka þekkingu nemenda og nálgast viðfangsefnin frá sem flestum hliðum.

### Námsefni

Mál er miðill grunnbók og vinnubók, Málrækt 3, Fallorð, Smáorð og Skrudda, Þjóðsögubækur frá bókasafni (Jón Árnason), auk efnis á netinu.

Geisli 3 grunnbók og vinnubók, Stærðfræði Helgu Sigurjóns (fyrir sérkennslunemendur) og stjörnunabækurnar

Klar, parat, lestrarbók og vinnubók.

Build up 2 og ásamt ítarefni.

Líkami mannsins, lestrarbók og vinnubók

Evrópa, álfan okkar.

Ein grjóthrúga í hafinu

Veður

Auðvitað II og III

Buddhatrú – leiðin til nirvana, Íslam – að lúta að vilja Guðs, Hindúatrú – Guð í mörgum myndum, Gyðingdómur og Kristin trú -Fagnaðarerindið

## Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennari sendi vikulega eða oftár fréttabréf um starfið og skipulag námsins og veitti upplýsingar sem voru gagnlegar fyrir foreldra. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst og síma í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál.

## Ferðir

Ferð í Guðmundarlund.

Kirkjuferð

Ferð á Reyki í Hrutafirði.

Gönguferð í Heiðmörk og á Helgafell

## Útikennsla

Myndasamkeppni	Nemendur unnu í hópum og tóku myndir í tengslum við lífsleikniþemað.
Kajak	Nemendur fóru í innilaugina að gera æfingar t.d synda í fötum, jafnvægisæfingar og hvolfa.
Skoðanakönnun	Nemendur gerður skoðanakannanir í bænum í tengslum við tölfræði kaflann í Geisla 3
Gálgahraun	Fóru og settu upp tjald úti í hrauni. Poppuðu yfir opnum eldi.
Landhelgisgæslan	Fóru í heimsókn og kynntu sér starf gæslunnar. Unnu með mílur í stærðfræði í kjölfarið.
Hellisgerði	Nemendur fóru um Hellisgerði og svöruðu spurningum úr þemanu „Evrópa“
Kynna útikennslu	Sýndu starfsmönnum Víkurskóla hvernig útikennslan okkar fer fram. Settu upp

	hringekju.
Verkefnið - Jól í skókassa	Nemendur flokkuðu og fóru yfir kassa fyrir KFUM og KFUK.
Stærðfræði á skólalóð	Hringekja – nemendur fóru á milli og leystu verkefni.
Hjálparsveit skáta í Garðabæ	Nemendur fóru í heimsókn og kynntu sér starf þeirra.
Vindahannar og áttavitar	Nemendur bjuggu til vindhana og lærðu á áttavita.
Flugdrekar	Nemendur bjuggu til flugdreka og settu hann á loft.
Haitiskipið	Nemendur voru sjálfboðaliðar í einn dag. Flokkuðu, fóru yfir og pökkuðu varningi til að setja í Haitiskipið.
Þjóðminjasafnið	Fóru í heimsókn og fengu fræðslu um „Ísland og miðaldir“.
Árbæjarsafnið	Kynntu sér hvernig fólk bjó áður fyrr. Þau skoðuðu aðallega hvernig húsin hafa breyst með tímanum.
Útiöldun	Elduðu máltíð á skólalóðinni. Máltíðin var að hluta elduð yfir opnum eldi.
Vindhörpur	Nemendur tóku virkan þátt í „listadögum“. Þau bjuggu til tvær vindhörpur.
Graffspjöld	Nemendur bjuggu til listaverk með úðabrusum.
Gálgahraun	Fóru út í hraun með trönur og bjuggu til varanlegt tjald.
Kajak	Nemendur sigldu út í hraun.
Ellidaárdalurinn	Hjóluðu og fengu svo að hoppa í hylinn sem er þar.

Sund	Nemendur hjóluðu og fóru í sund í Kópavogslaug.
Brettapallar	Nemendur fóru á línuskautum eða á hlaupahjólum á brettapallana í Fífunni.
Hjólaferð	Hjólað um Hafnarfjörð.

### Ástundun

Veikindadagar samtals í hópnum voru 59 dagar og 8 stundir.

Leyfisveitingar voru 34 dagar.

### Námsmat

Nemendur 7. bekkjar þreyttu samræmd próf og var árangurinn að mestu í samræmi við væntingar. Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru. Kannanir voru lagðar fyrir í þeim greinum sem kenndar voru þvert á þemu með jöfnu millibili. Í lok skólaársins var nemendum afhent heildarmat vetrarins þar sem mat var lagt á einstaka námsþætti, sjálfsmat og mat á þemalotunum. Námsárangur nemenda var almennt ágætur og var það metið út frá markmiðum hvernar lotu og markmiðum aðalnámskrár.

### Almennt mat á skólastarfi

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Fyrrihluta vetrar var lögð áhersla á að skapa hópkennd og innleiða markviss vinnubrögð. Þá þurfti einnig að fínstilla ýmisleg atriði sem vörðuðu samskipti á heimasvæði. Þegar búið var að koma hlutunum í sæmilega gott horf tóku við vinnuglaðir og duglegir nemendur sem voru þakklát fyrir aga og eftirfylgni. Lögð var áhersla á að innleiða ákveðin vinnubrögð og að nemendur tileinkuðu sér kurteisi og tillitsemi við hvert annað.

Nokkuð vel tókst að halda utan um þemun hvað tímaramma snerti.

## *SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 8. BEKK*

---

Nemendur í 8. bekk voru í vetur 21 og skiptist í 7 stúlkur og 14 drengi. Umsjónarkennari var Elfa Hrönn Friðriksdóttir sem kenndi íslensku og hafði umsjón með þemum. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru, Erna Sif Auðunsdóttir sem kenndi stærðfræði (Ósk Auðunsdóttir leysti af í fæðingarorlofi), Sigrún Reynisdóttir sem kenndi dönsku og val, Ólafur Schram sem kenndi tónmennt og val, Hrafnhildur Sævarsdóttir sem kenndi sund og val, Davíð Örvar Ólafsson sem kenndi íþróttir og val og Pam Hansford sem kenndi ensku. Aðrir kennarar tengdust valgreinum

og þeir voru Kirsten í Alþjóðaskólanum, Ólöf Sigurðardóttir, Helgi Grímsson, Guðrún Dóra Jónsdóttir, Edda Björg Sigurðardóttir, Sigurður Guðleifsson og Bergþóra Guðmundsdóttir. Fanney Hanna Valgarðsdóttir þroskaþjálfari, Bryndís Rail og Sigríður Ólafsdóttir komu að sérkennslu í 8. bekk. Fanney kom inn í íslensku og Bryndís í stærðfræði. Sigríður kom að kennslu tvítýngds nemanda í 8. bekk.

### **Ástundun og fjarvistir**

Í upphafi vetrar var ástundun send heim til foreldra sirka einu sinni í mánuði. Þegar líða tók á veturinn kom í ljós að margir nemendur voru ekki nógu samviskusamir í ástundun. Margir mættu seint í kennslustundir hvort sem það var á morgnana eða miðjum degi. Örfáir höfðu óútskýranlega fjarvistir. Eftir áramót var ástundun því tekin fastari tökum og eftirfylgni meiri. Ástundun var send heim til foreldra vikulega. Yfir veturinn voru: veikindadagar alls 202 dagar, leyfi var 91 dagur og 9 stundir.

### **Kennslustundir**

Nemendur fengu 37,5 kennslustundir á viku (miðað við 40 mínútna kennslustundir). Stærðfræði og íslenska var kennd 6,3 kennslustundir á viku hvor námsgrein (miðað við 40 mínútna kennslustundir). Danska og enska var kennd 2,25 kennslustundir á viku hvort fag. Þema var kennt í 9 kennslustundir á viku. Íþróttir voru kenndar í kennslustundir 2,25 kennslustundir á viku frá áramótum. Tónmennt var kennd 1,5 kennslustund í viku til áramóta. Þá bættist við annar íþróttatími. Sund var kennt í 1 kennslustund á viku. Sérstök valnámskeið sem kennd voru 8-10 vikur í senn voru 7,5 kennslustundir á viku.

Námsgreinarnar voru ekki kenndar allar í senn heldur voru tekin fyrir ákveðin efni til umfjöllunar í þemunum og námsgreinum fléttað inn í það eins og við átti.

### **Helstu áherslur hópsins**

Stærðfræðin og íslenskan var kennd í lotum eftir Vallaskólaleiðinni og ca. 3 vikur gefnar í hverja lotu. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að hver nemandi náði að skipuleggja vinnu sína og áætla sér heimavinnu þegar við átti. Hver nemandi vann svo á sínum hraða en próf tekin í lok hvernar lotu. Leyfilegt var að halda áfram í næstu lotu ef henni var lokið innan þriggja vikna. Heimanám var undir hverjum kennara komið og jafnframt almennt skipulag hvernar kennslustundar. Þema var kennt í mislögum lotum. Mikil áhersla var að kenna nemendum að temja sér góð vinnubrögð og snyrtilegan frágang á verkefnum. Einnig var áhersla lögð á að nemendur bæru ábyrgð á eigin námi og að nemendur héldu áfram að tileinka sér þau viðhorf að skólinn sé vinnustaður þeirra. Þegar bekkjarfundir voru haldnir voru þeir kynjaskiptir og tíminn sem gefinn var í þá voru 45 mínútur á viku. Ef ekki voru bekkjarfundir í tímanum var hann tekinn undir ýmisleg lífsleikniverkefni.

### **Þemaverkefni vetrarins**

Upp um fjöll og firnindi - Í þemavinnunni kynntust nemendur ýmsum þáttum sem tengjast útiveru og útivist. Nemendur lærðu m.a.: skyndihjálp, á áttavita, kortalestur, og um útbúnað og útiöldun. Nemendum var líka skipt í hópa og áttu þeir að vinna verkefni sem tengdust útivist, s.s. búnaði, mat, veðri, ferðamáta o.s.frv. Vinna nemenda var bæði einstaklings- og hópavinna og fór að mestu leyti fram í skólanum. Þemað endaði á því að allir nemendur fóru í útilegu og gistu í skála sem heitir Þristur og er við Esjurætur. Tilgangur ferðarinnar var að nemendur fengu tækifæri til að nýta sér kunnáttu sína og reynslu sem þeir höfðu tileinkað sér í vinnunni. Einnig til að tengjast bekkjarfélögunum betur og styrkja böndin fyrir veturinn.

Tónlist og 20. öldin - Markmið var að nemendur öðluðust skilning á sögu 20. aldarinnar í gegnum tónlist, kvikmyndir og tísku. Nemendur heyrðu tónðæmi frá allri öldinni og fengu hraðferð yfir sögu aldarinnar. Þemað var unnið í nánú samstarfi við Ólaf tónmenntakennara og fléttaðist tónmennt að miklu leyti inn í úrvinnslu verkefna. Unnin voru bæði einstaklings og hópverkefni.

1918 - Markmið þemans var að nemendur fengu tækifæri til þess að skoða byrjun 20.aldar á Íslandi og fengu innsýn yfir þær aðstæður sem landsmenn bjuggu við á þessum tíma. Spænska veikin, frostaveturinn mikli, Kötlugos og fullveldið voru þættir sem nemendur kynntu sér ítarlega með lestri bókarinnar 1918 eftir Helga Grímsson. Hóparnir bjuggu til heimsíðu með ýmis konar fróðleik. Próf var tekið í lokin.

Aðeins ein jörð – Markmið þemans var m.a. að nemendur fengu tækifæri til þess að kynna völdum þáttum úr sögu náttúruvísinda sem vörpuðu ljósi á þróun lífvísinda. Innlögn var í upphafi hvers kafla og glósu tími. Kaflapróf tekið eftir hvern kafla. Lokapróf var fyrir þá nemendur sem ekki náðu markmiði um lágmarkseinkunn. Nemendur skiluðu einstaklingsritgerð í lokin.

Í fullorðinna tölu - Í þemaverkefninu Í fullorðinna tölu takast nemendur á við sögunámið á annan hátt en vanalega. Fermingin í sögulegu tilliti er útgangspunktur verkefnisins og reynt að tengja hana við ýmsa þætti Íslandssögunnar. Samþætting við íslensku og listgreinar er áberandi í þemanu. Aðallega er notast við söguaðferðina “storytelling” við kennslu og farið eftir skipulagi námsefnis í því. Nemendur útbjuggu Leiðarabók með verkefnum í þemanu.

Ég og þú - Í byrjun þemans var kynfræðsla og lásu nemendur bókina Ég og þú. Í kjölfar hvers kafla horfðu nemendur á þættina Forfallakennarann. Í kjölfar góðrar forvarnafræðslu unnu nemendur forvarnarauglýsingar varðandi skaðleg vímuefni. Markmið þemans var m.a. að nemendur þekktu hættur samfara neyslu ávana- og fíkniefna, væru meðvitaðir um að siðvit og



ábyrgð, gagnkvæma virðingu og að persónuréttur væru helstu mælikvarðar á siðlega kynímynd, kynupplifun og kynhegðun hvers og eins. Nemendur unnu bæði sem einstaklingar og í hóp.

### **Skipulag kennslunnar**

Þemun voru unnin út frá hugmyndum “hugsmíðahyggjunnar” og hugmyndum um einstaklingsmiðað nám. Hugsmíðahyggjan leggur áherslu á möguleika mannsins til að greina heiminn á heildrænan hátt og sjá leiðir í að betrumbæta hann.

Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en hlutbundin vinna, leitarnám, samvinnunám, uppgötvunarnám, vettvangsnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar.

Stærðfræði og íslenska var kennd var í 3 vikna lotum. Í upphafi hvernar lotu er 1 megin viðfangsefni, verkefnum skilað í lok hvernar lotu, sjálfspróf tekið og svo lotupróf. Ef nemandi nær ekki viðmiðunartölu sinni (einkunn ákveðin í samráði við kennara og foreldra) þá fer nemandi í upprifjun og tekur aftur próf.

Kennsluaðferðir í öðrum námsgreinum var í höndum hvers kennara og misjafnar eftir viðfangsefni.

### **Námsefni**

Námsefni hópsins var fjölbreytt og miðað að þörfum hvers og eins. Í íslensku voru notaðar bækurnar Skerpa 1, Hrafnkelsaga Freysgoða, Mályrkja 1, Málfinnur, Skrifinnur, Ritbjörg, Orðabækur, 2 kjörbækur og ljósrit frá kennara.

Í stærðfræði voru notaðar bækurnar Almenn stærðfræði 1 og Átta/tíu 1 og 2. Fyrir sérkennslunemendur var notuð ljósrit frá sérkennara og plánetubækurnar.

Í dönsku var bókin Tænk lesbók og verkefnabók. Í ensku voru notaðar bækurnar Matrix Pre-Intermediate og ýmis konar efni frá kennara.

Bækurnar *Hljóðspor*, *Eru ekki allir í stuði* og *Úr sveit í borg* voru notaðar í þemanu Tónlist og 20. öldin. Í þemanu 1918 var höfð til hliðsjónar ný bók eftir Helga Grímsson sem heitir 1918. Ýmsar bækur s.s. *Öldin okkar*, *Ísland í aldanna rás* og fleiri bækur af bókasafni voru líka notaðar. Í þemanu Í fullorðinna tölu var námsbókin *Í fullorðinna tölu* notuð, *myndahefti* og bókin *Bréf og minningar*. *Einkenni lífvera* og *Lifandi veröld* voru bækur sem notaðar voru í þemanu Aðeins ein jörð. Ýmsir fræðslubæklingar um *kynlíf stelpu og stráka*, bæklingar um *áfengi, tóbak og vímuefni* fengu nemendur í hendur í þemanu Ég og þú. Jafnframt var bókin *Um stelpur og stráka* lesin.

Í öllum þemum var notast við Internetið og ýmsa kennsluvefi á skólavef og hjá nams.is

### **Foreldrasamstarf**

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennari sendi vikulega eða oftár fréttabréf um starfið og skipulag námsins og veitti upplýsingar sem voru gagnlegar fyrir foreldra. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál.

### **Vettvangsferðir og uppbrot í skólastarfi**

Ekki voru sérstakir útikennsludagar í 8.bekk en farnar nokkrar vettvangsferðir. Bekkurinn fór í útilegu í tengslum við þemað Upp um fjöll og firnindi. Gist var í skátaskála sem staðsettur er undir Esjurótum. Í tilefni af degi íslenskrar tungu fóru nemendur í miðbæ Reykjavíkur. Tilgangur ferðarinnar var að lesa ljóð fyrir gangandi vegfarendur. Í desember fórum við í kirkjuferð í Vídalínskirkju með öllum nemendum og starfsfólki Sjálandsskóla. Eftir áramót var unglíngastiginu boðið á Sinfoníutónleika í Háskólabíó. Í byrjun júní fór unglíngastig í bæjarferð niður í miðbæ Reykjavíkur og lauk skólaárinu með útilegu í Skorradal þar sem 8. og 9. bekkur eyddu síðustu skóladögum.

### **Félagsstarf**

Unglíngastig Sjálandsskóla hefur aðgang að félagsmiðstöðinni Garðalundi ásamt öllum öðrum unglíngum í Garðabæ. Þangað sóttu nemendur opin hús og dansleiki. Þar fyrir utan voru nokkrar uppákomur á vegum félagsráðs Sjálandsskóla og voru þær ágætlega sóttar. Bekkjarfulltrúar 8. bekkjar og umsjónarkennari stóðu fyrir nokkrum uppákomum fyrir nemendur. Fyrir áramót var farið í sund í Álftaneslaug en eftir áramót voru tvö bekkjarkvöld. Annað með foreldrum en hitt án foreldra. Mikilvægt er að efla samstarf skólans og Garðalundar en nokkuð bar á skorti á upplýsingum frá Garðalundi um uppákomur á vegum félagsmiðstöðvarinnar.

### **Námsmat**

Nemendur voru metnir eftir hvert þema og námsmat fór heim í námsmatsmöppu. Í stærðfræði og íslensku voru lotupróf á þriggja vikna fresti og einkunn send á foreldra eftir hvert próf. Í ensku og dönsku voru reglulega metin verkefni nemenda. Í lok skólaársins var nemendum afhent heildarmat vetrarins þar sem mat var lagt á einstaka námsþætti, sjálfsmat og mat á þemalotunum. Námsárangur nemenda var almennt ágætur og var það metið út frá markmiðum hvernar lotu og markmiðum aðalnámskrár.

### **Almennt mat á vetrinum**

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Fyrrihluta vetrar var lögð áhersla á að skapa hópkennd og innleiða markviss vinnubrögð. Skipulag námsefnis náði að halda nokkurn veginn en reynst hefur vel að hafa svokallaðar teygjuvikur á milli þema. Gott er að gera ráð fyrir lengri tíma en áætlaður er.

---

## *SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 9. BEKK*

---

Nemendur í 9. bekk voru í vetur 21. 13 stúlkur og 8 drengir. Einn nemandi hætti í apríl. Umsjónarkennari var Erna Sif Auðunsdóttir sem tók við hópnum 6.apríl eftir barnsburðarleyfi en Ósk Auðunsdóttir leysti hana af. Umsjónarkennari kenndi jafnframt stærðfræði og þær greinar sem kenndar voru í þemum. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru, Elfa Hrönn Friðriksdóttir sem kenndi íslensku, Sigrún Reynisdóttir sem kenndi dönsku og val, Ólafur Schram sem kenndi val, Hrafnhildur Sævarsdóttir sem kenndi sund og val, Davíð Örvar Ólafsson sem kenndi íþróttir og val, og Pamala Hansford sem kenndi ensku. Aðrir kennarar sem kenndu valgreinar voru, Kirsten í Alþjóðaskólanum, Ólöf Sigurðardóttir, Helgi Grímsson, Guðrún Dóra Jónsdóttir, Edda Björg Sigurðardóttir, Sigurður Guðleifsson og Bergþóra Guðmundsdóttir.

Fanney Hanna Valgarðsdóttir þroskaþjálfari kom að sérkennslu fyrir einstaka nemendur en aðallega voru það tveir nemendur sem nutu hennar aðstoðar. Bryndís Rail aðstoðaði einn nemanda í stærðfræði. Sigríður Ólafsdóttir kom jafnframt að sérkennslu.

### **Kennslustundir**

Nemendur fengu 37,5 kennslustundir á viku (miðað við 40 mínútna kennslustundir). Stærðfræði var kennd 5,6 kennslustundir og íslenska 6 kennslustundir á viku. Danska og enska var kennd 2,6 kennslustundir á viku. Þema var kennd í 10,5 kennslustundir á viku – þar af var lífsleikni og bekkjarfundir ca. 1 kennslustund á viku. Val var kennt 7,5 kennslustund á viku.

Íþróttir voru kenndar í 1,2 kennslustundir á viku. Sund var kennt 1,2 kennslustundir á viku.

Námsgreinarnar voru ekki kenndar allar í senn heldur voru tekin fyrir ákveðin efni til umfjöllunar í þemunum og námsgreinum fléttað inn í það eins og við átti.

### **Helstu áherslur hópsins**

Stærðfræðin og íslenskan var kennd í lotum eftir Vallaskólaleiðinni. 3 vikur í hverri lotu. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að hver nemandi nái að skipuleggja vinnu sína og áætla sér heimavinnu þegar við átti. Hver nemandi vann svo á sínum hraða en verkefni og próf tekin í lok hvernar lotu. Leyfilegt var að halda áfram í næstu lotu ef henni var lokið innan þriggja vikna. Heimanám var undir hverjum kennara komið og jafnframt almennt skipulag hvernar kennslustundar. Þema var kennt í mismörgum lotum. Mikil áhersla var að kenna nemendum að temja sér góð vinnubrögð og snyrtilegan frágang á verkefnum. Einnig var áhersla lögð á að nemendur bæru ábyrgð á eigin námi og að nemendur héldu áfram að tileinka sér þau viðhorf að skólinn sé vinnustaður þeirra.

### **Þemaverkefni vetrarins**

Stríðsárin - Nemendur lærðu um seinni heimsstyrjöldina og áhrif hennar á íslenskt samfélag. Fræddust um ofsóknir nasista gegn gyðingum og ýmsum minnihlutahópum. Kveikjan að þemanu var kvikmyndin *Schindler's list* sem er átakanleg mynd um útrýmingu gyðinga. Í upphafi þemans fóru nemendur í vettvangsferð í Öskjuhlíðina þar sem hópurnir skoðuðu ýmsar minjar frá stríðsárunum m.a. loftvarnarbyrgi og víggrafir úr torfi og grjóti. Aðallesefni þemans var

kennslubókin *Stríðsárin á Íslandi*, nemendur leystu verkefni í tengslum við hana og tóku próf að henni lokinni. Nemendur gerðu heimildaritgerð (einstaklings-/eða paraverkefni) og leituðu upplýsinga í bókum og á interneti. Til skemmtunar og fróðleiks lásu nemendur einnig skádsöguna *Grafarþögn* eftir Arnald Indriðason og skiluðu einstaklingsverkefni í tengslum við hana í lok þemavinnu.

Heimsreisan mín – Nemendur lærðu um heimsálfurnar sjö; Afríku, Asíu, Evrópu, Eyjaálfu (Ástralíu), Norður-Ameríku, Suður-Ameríku og Suðurskautslandið. Kveikjan að þemanu var kvikmyndin *Around the world in 80 days* og kynning frá umsjónarkennara um upplifun í eigin heimsreisu. Nemendur lásu kennslubókina *Landafræði handa unglingum, 2. hefti* og unnu verkefni í tengslum við hana. Próf var tekið í lokin. Stærsta verkefni þemans var hópverkefni þar sem nemendur skipulögðu sína eigin 3 mánaðar heimsreisu og áttu að gera hana á sem ódýrastan máta. Nemendur þurftu að tilgreina til hvaða heimsálfa þeir fóru og lýsa tveimur ítarlega, hvaða lönd þeir heimsóttu, hvaða staði þeir skoðuðu, hvar þeir gistu, gera nákvæma kostnaðaráætlun. Í lok þemavinnu kynnti hver hópur sína ferð með ca. 40 mín power point fyrirlestri fyrir bekkinn.

Nýbúar – Nemendur kynntust hugtökunum nýbúar og fjölmening. Kveikjan að þemanum var heimsókn frá Guðlaugu Björnsdóttir mannfræðingi sem starfar hjá Jafnréttishúsi. Í þemanu kynntust nemendur því að vegna aðildar Íslands að EES og Schengen er Ísland hluti af evrópskum atvinnumarkaði og því hafi fjöldi fólks flust hingað til lands á uppgangstímum síðari ára. Á sama hátt eru margir Íslendingar nú að flytja erlendis í leit að vinnu og betra lífi. Nemendur rifjuðu upp þekkingu sína um landnám Íslands og tengdu þá þekkingu við hugtakið nýbúar. Í þemanu voru margir umræðutímar þar sem nemendur ræddu saman í smáum hópum eða hópurinn sem heild. Dæmi um umræðuspurningar: Hvað er að vera nýbúi? Hverjir eru nýbúar? Þekkið þið nýbúa? Hafið þið verið nýbúar? Hvað er fjölmening? En fjölmenningsarsamfélag? Af hverju flyst fólk á milli landa? Eru þeir sem eru ættleiddir nýbúar? Afhverju/afhverju ekki? Hver er uppruni Íslendinga? Voru landnámsmenn nýbúar? Hvenær hættir fólk að vera nýbúar? Eitt stótt paraverkefni var í þemanu, þar sem nemendur tóku viðtal við nýbúa. Nemendur lærðu að undirbúa viðtal og framkvæma það. Í lokin kynntu nemendur lokin niðurstöður viðtals fyrir samnemendum. Mikil þörf var í bekknum á umræðum og umfjöllun um nýbúa og atriðum tengdum fjölmenningslegu samfélagi.

Hvað kostar dæmið – Nemendur unnu saman í 4 manna hópum að einu stóru hópverkefni þar sem þeir undirbyggðu og kostnaðargreindu einn viðburð sem marka tímamót á æviferlinum, t.d. brúðkaup, jarðaför, stórafmæli eða jólahald og áramót. Hver hópur ákvað samsetningu á sinni fjölskyldu sem var að fara að halda viðburðinn. Hópurinn fann síðan út meðallaun og meðalneyslu sinnar fjölskyldu með því að fara inn á vef Hagstofu Íslands. Með þeim forsendum

gat hópurinn reiknað út hve lengi fjölskyldan yrði að safna fyrir viðburðinum því hver hópur átti að gera nákvæma kostnaðaráætlun í excel. Hver hópur tók allar ákvarðanir sem varðaði viðeigandi undirbúning og framkvæmd viðburðarins, t.d. útbjuggu matseðla og boðskort. Í upphafi verkefnis útbjó hver hópur til verklýsingu sem var skilað til kennara. Á meðan verkefni stóð skrifaði hver hópur dagbók. Í lok verkefnis héldu nemendur fyrirlestra um sinn viðburð.

Erum við ein í alheiminum – Nemendur lásu bækurnar *Erfðir og þróun*; og *Sól, tungl og stjörnur*. Nemendur unnu verkefni í tengslum við hvern kafla og tóku kaflapróf. Í upphafi þemans fékk bekkurinn kennaranema sem gerði ýmislegt skemmtilegt með bekknum t.d. kenndi þeim að útbúa steingerving. Í lok þemans skrifuðu nemendur heimildaritgerð (paraverkefni) þar sem þeir völdu sér áhugasvið. Nemendur urðu þó að fjalla um helstu þætti sólkerfis ásamt, sólinni, jörðinni, tunglinu og innri og ytri reikistjörnum. Nemendur veltu fyrir sér hvort að líf geti þrífist á reikistjörnu og fjölluðu um leit mannsins að lífi þar. Nemendur útbjuggu einnig ímyndaða reikistjörnu og fjölluðu um líf þar og þróun þess. Hvert þar hélt nákvæma dagbók meðan á ritgerðarsmið stóð.

### **Skipulag kennslunnar**

Þema var unnið út frá hugmyndum „hugsmíðahyggjunnar“ og hugmyndum um einstaklingsmiðað nám. Hugsmíðahyggjan leggur áherslu á möguleika mannsins til að greina heiminn á heildrænan hátt og sjá leiðir í að betrumbæta hann.

Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en hlutbundin vinna, leitarnám, samvinnunám, uppgötvunarnám, vettvangsnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar.

Stærðfræði og íslenska voru kennd í 3 vikna lotum með innlögn í upphafi, í hverri lotu er 1 megin þema, verkefnum skilað í lok hverrar lotu, sjálfspróf tekið og svo lotupróf, ef nemandi nær ekki ákveðinni fyrirfram einkunn (einkunn ákveðin í samráði við kennara og foreldra) þá fer nemandi í upprifjun og tekur aftur próf.

Kennsluaðferðir í öðrum námgreinum var í höndum hvers kennara og misjafnar eftir viðfangsefni.

### **Námsefni**

Námsefni hópsins var fjölbreytt og miðað að þörfum hvers og eins. Í íslensku voru notaðar bækurnar Skerpa2, Íslendingaþættir, Málýrkja 2, Málfinnur, Skriffinnur, Ritbjörg, Orðabækur, 2 kjörbækur og valbækur ásamt ljósriti frá kennara.

Í stærðfræði voru notaðar bækurnar *Almenn stærðfræði II* og *Átta/tíu 3 og 4*.

Í dönsku var bókin *Dejlige Danmark lesbók og verkefnabók. Í ensku voru notaðar bækurnar Matrix Pre-Intermediate ásamt ýmsum verkefni frá kennara.*

Bókin *Stríðsárin á Íslandi* og skáldsagan *Grafarþögn* voru notaðar í þemanu Stríðsárin.

Bókin *Landafraði handa unglíngum, 2. hefti* var notað í þemanum Heimsreisan mín.

Bækurnar *Erfðir og þróun* ásamt *Sól, tungl og stjörnur* voru notaðar í þemanu Erum við ein í alheiminum.

## **Foreldrasamstarf**

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennari sendi vikulega eða oftár fréttabréf um starfið og skipulag námsins og veitti upplýsingar sem voru gagnlegar fyrir foreldra. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál.

## **Útikennsla og ferðir**

Ekki voru sérstakir útikennsludagar í 9.bekk en farnar voru nokkrar vettvangsferðir. Í upphafi skólaárs fór bekkurinn í Öskjuhlíðina að skoða gamlar stríðsminjar í tengslum við þemað Stríðsárin. Í lok október fóru nemendur í einna náttu ferð á Úlfjótuvatn þar sem farið var í fjallgöngu og sigturninn prófaður. Í tilefni af degi íslenskrar tungu fóru nemendur í miðbæ Reykjavíkur. Tilgangur ferðarinnar var að lesa ljóð fyrir gangandi vegfarendur. Í desember fórum við í kirkjuferð í Vídalínskirkju með öllum nemendum og starfsfólki Sjálandsskóla.

Eftir áramót var unglíngastígunu boðið á Sinfóníutónleika í Háskólabíó. Í enda janúar fór bekkurinn í fjagra náttu ferð til Noregs til að taka þátt í vetrarhátíð í Lillehammer. Bekknum bauðst að taka þátt fyrir Íslands hönd en í Lillehammer voru samankomnir krakkar frá Noregi, Eistlandi og Færeyjum ásamt okkur Íslendingunum. Í byrjun júní fór unglíngastig í bæjarferð niður í miðbæ Reykjavíkur og lauk skólaárinu með útilegu í Skorradal þar sem 8. og 9. bekkur eyddu síðustu skóladögum.

## **Félagsstarf**

Unglíngastig Sjálandsskóla hefur aðgang að félagsmiðstöðinni Garðalundi ásamt öllum öðrum unglíngum í Garðabæ. Þangað sóttu nemendur opin hús og dansleiki. Þar fyrir utan voru nokkrar uppákomur á vegum félagsráðs Sjálandsskóla, t.d. sundlaugarpartý, diskótek, video kvöld og spurnigakeppnin Útsvar. Atburðirnir voru ágætlega sóttir. Bekkjarfulltrúar 9. bekkjar stóðu fyrir kvöld hitting vegna Noregsferðar, nemendur horfðu á video en foreldrar ræddu um skipulag fjáröflunar vegna komandi ferðar.

## **Noregsferð**

Nemendum í 9. bekk Sjúlandsskóla bauðst tækifæri á að sækja norræna vetrarleika í Lillehammer í Noregi. Bekkurinn var fulltrúi Íslands á fyrrnefndum leikum. Farið var í fimm daga ferð þar sem nemendum voru kynntar helstu vetraríþróttir og áhersla lögð á að ólíkir menningarheimar mættust. Ferðin var mikið niðurgreidd af norrænum samtökum um skólaíþróttir. Garðabær styrkti auk þess ferðina en það sem upp á vantaði var greitt með fjáröflunarfé. Ferðin var í alla staði einstök, afar lærdómsrík og gefandi. Nemendur Sjúlandsskóla stóðu sig með þryðu og báru landi og þjóð vel söguna.

## **Fjáröflun vegna Noregsferðar**

Nemendur, bekkjarfulltrúar, umsjónakennari, aðstoðarskólastjóri og foreldrar stóðu fyrir mörgum fjáröflunum í tengslum við Noregsferð. Í nóvember sáu nemendur um sjoppu í undankeppni söngvakeppni Samfés. Fyrir jólin voru bakaðar smákökur og gengið í hús og selt. Hamborgara og hakkbollur voru seldar í janúar. Í janúar var einnig dósasöfnun og ógleymanlegt bingó þar sem þáttaka var frábær og vinningar stórglæsilegir.

## **Námsmat**

Nemendur voru metnir eftir hvert þema og námsmat fór heim í námsmatsmöppu. Í stærðfræði og íslensku voru lotupróf á þriggja vikna fresti. Í ensku og dönsku voru reglulega metin verkefni nemenda. Í lok skólaársins var nemendum afhent heildarmat vetrarins þar sem mat var lagt á einstaka námsþætti, sjálfsmat og mat á þemalotunum. Námsárangur nemenda var almennt ágætur og var það metið út frá markmiðum hverrar lotu og markmiðum aðalnámskrár. Nemendur fengu val um að taka samantektarpróf eða stöðupróf í stærðfræði, íslensku og ensku. Stöðupróf var námsefni 10. bekkjar í ákveðnum fögum. Nemendur hafa þá kost á að taka framhaldsáfangi í fjarnámi í ákveðnu fagi.

## **Ástundun og fjarvistir**

Í upphafi vetrar var ástundun send heim til foreldra sirka einu sinni í mánuði. Þegar líða tók á veturinn kom í ljós að margir nemendur voru ekki nógu samviskusamir í ástundun. Margir mættu seint í kennslustundir hvort sem það var á morgnana eða miðjum degi. Örfáir höfðu óútskýranlega fjarvistir. Eftir áramót var ástundun því tekin fastari tókum og eftirfylgni meiri. Ástundun var send heim til foreldra vikulega. Yfir veturinn voru: veikindadagar alls 141 dagar, leyfi var 111 dagar, fjarvistir 6 dagar og seintkomur 158 stundir.

## **Almennt mat á vetrinum**

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Fyrrihluta vetrar var lögð áhersla á að skapa hópkennd og innleiða markviss vinnubrögð sem tókst með ágætum. Skipulag námsefnis náði að halda nokkurn veginn en mjög gott var að hafa ekki þröngan tímaramma. Skipulag námsefnis náði að halda nokkurn veginn en reynst hefur vel að hafa svokallaðar teygjuvikur á milli þema. Gott er að gera ráð fyrir lengri tíma en áætlaður er.

## SKÝRSLA DÖNSKUKENNARA

---

Kennari: Sigrún Reynisdóttir

Þrjú árgangar voru í dönskukennslu skólaárið 2009 - 2010 7. 8. og 9. bekkur, í hverjum árgangi var einn bekkur.

### 7. bekkur, 25 nemendur, kennsla einu sinni í viku í 60 mínútur.

#### *Markmið*

Markmið dönskukennslunnar skiptist í 5 flokka: Hlustun, lestur, talað mál/samskipti, talað mál/frásögn og ritun. Markmiðin eru byggð á Aðalnámskrá grunnskólanna og í verkefnum vetrarins var reynt að ná sem flestu af þessum markmiðum.

#### *Skipulag kennslunnar*

Dönskukennslan miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun. Vekja áhuga á og kynna danska menningu og siði.

#### *Kennsluhættir*

Leitast var við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni voru unnin bæði sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Verkefni voru bæði skrifleg og munnleg. Áhersla var lögð á jákvætt viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu og að styrkja nemandann í trú á eigin getu í faginu.

#### Hlustun

Áhersla var lögð á réttan, danskan framburð. Nemendur hlustuðu á framburð kennara og annarra nemenda auk þess sem að þeir fengu að hlusta á tónlist. Einnig var notast við hlustunarefni námsbókar.

#### Lestur

Unnið var í námsbókum.



### Talað mál – samskipti

Í ákveðnum verkefnum höfðu nemendur samskipti við kennara á dönsku, einnig töluðu nemendur saman á dönsku í ákveðnum verkefnum. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

### Talað mál – frásögn

Nemendur lásu til skiptis úr námsbókum og einnig var notast við hlustunaræfingar sem fylgja námsbókunum. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

### Ritun

Unnið var í námsbókum auk annarra verkefna.

### *Námsgögn og námsefni*

Kennslubækur: Klar parat – A-bók: lesbók, B-bók: vinnubók, D-bók: glósu- og vinnubók einnig hlustunarefni sem fylgir klar parat. Kennari notaði einnig bókina Begynd uden bog til að finna leiki og spil fyrir nemendur.

Annað námsefni: Leikir, spil, krossgátur, söngur, hugarkort, teikni- og litaverkefni, verkefni af vefnum danskediamanter.is og annað efni frá kennara.

### *Verkefni*

Helstu verkefni voru unnin í verkefnabókinni Klar parat en önnur verkefni voru leikir, spil, krossgátur, söngur, hugarkort, teikni- og litaverkefni, verkefni af vefnum danskediamanter.is og annað efni frá kennara.

### *Heimavinna*

Heimavinna var ekki nema stöku sinnum og ætlast var til að nemendur kláruðu heima verkefnin ef þeir höfðu ekki náð að vinna þau í tímanum.

### *Matsaðferðir*

Könnun var lögð fyrir nemendur í lok haustannar og í lok vorannar. Námsmat fyrir kannanir, var gefinn í tölum.

Við námsmat þar sem ákveðin markmið voru höfð að leiðarljósi merkti kennarinn hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Námsmat var gefið í nóvember og í maí þar sem færni nemenda metin með eftirfarandi skala:

Góð tók

Á réttri leið

Á erfitt með

8. bekkur, 19 nemendur, kennsla tvisvar í viku, einn tími í 45 mínútur og einn tími í 60 mínútur, alls 105 mínútur á viku.

*Markmið*

Markmið dönskukennslunnar skiptist í 5 flokka: Hlustun, lestur, talað mál – samskipti, talað mál – frásögn og ritun. Markmiðin eru byggð á Aðalnámskrá grunnskólanna og í verkefnum vetrarins var reynt að ná sem flestu af þessum markmiðum.

*Skipulag kennslunnar*

Dönskukennslan miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun. Vekja áhuga á og kynna danska menningu og siði.

*Kennsluhættir*

Leitast var við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni voru unnin bæði sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Verkefni voru skrifleg og munnleg. Áhersla var lögð á jákvætt viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu og að styrkja nemandann í trú á eigin getu í faginu. Heimanám var einu sinni í viku þar sem sett var fyrir á mánudegi og skila átti á föstudegi. Heimanám var flestar vikurnar.

Hlustun

Áhersla var lögð á réttan, danskan framburð. Nemendur hlustuðu á framburð kennara og annarra nemenda auk þess sem að þeir fengu að hlusta á tónlist og horfa á tvo þætti yfir veturinn. Einnig var notast við hlustunarefni námsbókanna.

Lestur

Unnið var í námsbókum og öðru námsefni.

Talað mál – samskipti

Í ákveðnum verkefnum höfðu nemendur samskipti við kennara á dönsku, einnig töluðu nemendur saman á dönsku í ákveðnum verkefnum. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

Talað mál – frásögn

Nemendur lásu til skiptis úr námsbókum og einnig var notast við hlustunaræfingar sem fylgja námsbókunum. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

Ritun

Unnið var í námsbókum auk annarra verkefna.

## *Námsgögn og námsefni*

Kennslubækur: Tænk: lesbók, vinnubók og hlustunarefni. Kennari notaði einnig bókina *Begynd uden bog* og *Snak løs til að finna leiki og spil fyrir nemendur*.

Annað námsefni: Leikir, spil, krossgátur, teikniverkefni, tónlist, þáttur af dr.dk og þátt frá kennara. Verkefni af vefnum [danskediamanter.is](http://danskediamanter.is) og annað efni frá kennara.

## *Verkefni*

Helstu verkefni voru unni í verkefnabók Tænk, önnur verkefni voru leikir, spil, krossgátur, teikniverkefni, tónlist, þættir, verkefni af [danskediamanter.is](http://danskediamanter.is) og annað efni frá kennara..

## *Heimavinna*

Heimavinna var oftast höfð einu sinni í viku, ef nemendur voru duglegi í tímum gátu þeir stundum klárað heimavinnuna í tímanum ef þeir lögðu sig fram.

## *Matsaðferðir*

Símat var allt skólaárið og allar kannanir og próf sem tekin voru yfir veturinn höfðu vægi inn í heildareinkunn að vori, samtals 60%. Vinna í vinnubók og vinnusemi og virkni í tímum hafa 40% vægi á móti vægi kannana og prófa. Kannanir og próf voru bæði skrifleg og munnleg. Námsmat fyrir kannanir og próf var gefinn í tölum og í lok skólaárs var gefin ein heildareinkunn. Við námsmat þar sem ákveðin markmið voru höfð að leiðarljósi merkti kennarinn hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir.

9. bekkur, 16 nemendur, kennsla tvisvar í viku, einn tími í 45 mínútur og einn tími í 60 mínútur, alls 105 mínútur á viku.

## *Markmið*

Markmið dönskukennslunnar skiptist í 5 flokka: Hlustun, lestur, talað mál – samskipti, talað mál – frásögn og ritun. Markmiðin eru byggð á Aðalnámskrá grunnskólanna og í verkefnum vetrarins var reynt að ná sem flestu af þessum markmiðum.

## *Skipulag kennslunnar*

Dönskukennslan miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun. Vekja áhuga á og kynna danska menningu og siði.

## *Kennsluhættir*

Leitast var við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni voru unnin bæði sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Verkefni voru bæði skrifleg og munnleg. Áhersla var lögð á jákvætt viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu og að styrkja nemandann í trú á eigin getu í faginu.

## Hlustun

Áhersla var lögð á réttan, danskan framburð. Nemendur hlustuðu á tónlist, kennara og hvorn annan. Auk þess fengu nemendur að horfa á eina bíómynd. Einnig var notast við hlustunarefni námsbókar.

## Lestur

Unnið var í námsbókum, lesin léttlestrarbók og lagatextar.

## Talað mál – samskipti

Í ákveðnum verkefnum höfðu nemendur samskipti við kennara á dönsku, einnig töluðu nemendur saman á dönsku í ákveðnum verkefnum. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

## Talað mál – frásögn

Nemendur komu fram og kynntu verkefni sín þegar það átti við. Lásu til skiptis úr námsbókum og einnig var notast við hlustunaræfingar sem fylgja námsbók. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

## Ritun

Unnið var í námsbókum auk annarra verkefna.

## *Námsgögn og námsefni*

Kennslubækur: Dejlige Danmark: lesbók, vinnubók og hlustunarefni. Kennari notaði einnig bókina Snak løs til að finna leiki og spil fyrir nemendur.

Annað námsefni: Léttlestrarbók, leikir, spil, saga, ljóð, myndasaga, tónlist, bíómyndin Vikaren (frá farandkennara), verkefni af vefnum danskediamanter.is og önnur verkefni frá kennara.

## *Verkefni*

Helstu verkefni voru unni í verkefnabók Dejlige Danmark, léttlestrarbók var lesin og verkefni unnið í tengslum við hana bæði skriflegt og munnleg. Önnur verkefni voru leikir, spil, tónlist, ljóða- sögu- og setningagerð, horft á bíómynd, verkefni af danskediamanter.is og önnur verkefni frá kennara.

## *Heimavinna*

Heimavinna var oftast höfð einu sinni í viku.

## *Matsaðferðir*

Símat var allt skólaárið og allar kannanir og próf sem tekin voru yfir veturinn höfðu vægi inn í heildareinkunn að vori, samtals 60%. Vinna í vinnubók og vinnusemi og virkni í tímum hafa 40% vægi á móti vægi kannana og prófa. Kannanir og próf voru bæði skrifleg og munnleg. Námsmat fyrir kannanir og próf var gefinn í tölum og í lok skólaárs var gefin ein heildareinkunn. Við námsmat þar sem ákveðin markmið voru höfð að leiðarljósi merkti kennarinn hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir.

### 1. og 2. bekkur

#### Markmið

Almenn markmið með íþróttakennslunni í Sjálandsskóla er fyrst og fremst að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í gegnum mismunandi æfingar og leiki. Einnig að allir fái eitthvað við sitt hæfi, að íþróttakennslan sé fjölbreytt, að nemendur fái stundum að velja hvað þau gera í tímum og að stundum sé frjáls hreyfing. Einnig er markmiðið á að kynna ýmsa tegund hreyfingar fyrir nemendum hvort sem um er að ræða íþróttagrein eða almenna hreyfingu. Rík áhersla er lögð á að nemendur geti verið sjálfstæðir við eigin íþróttaiðkun óháð því hvað hópurinn gerir eða hvað honum finnst. Að síðustu er mjög mikil áhersla lögð á samvinnu og að aðstoða og hvetja félagasína áfram.

#### Tími og tölulegar upplýsingar

Nemendur fengu einn 60 mín tíma á viku í íþróttakennslu. Frá ágúst fram í nóvember og frá apríl fram í júní var eingöngu um útikennslu að ræða. Annars voru nemendur inni í íþróttasalnum yfir háveturinn. Um var að ræða þrjá námshópa í vetur með 16,17 og 19 nemendum.

#### Viðfangsefni

Með tilliti til nemendahópsins og aðstæðna til íþróttakennslu var lögð áhersla á eftirfarandi þætti í íþróttum í vetur: Þolþjálfun var mikið í gegnum hlaup, leiki og aðrar íþróttagreinar. Styrktarþjálfun var m.a. í gegnum stöðvaþjálfun. Liðleikaþjálfun í gegnum teygjur. Boltaíþróttir, dans, litlir boltaleikir eins og ýmis afbrigði af skotbolta, brennibolti og kýló. Frjálsaríþróttir, spretthlaup, kúla, spjót, þrístökk og langstökk og þar voru nemendur m.a. í hlutverkum tímavarða og mælitækna. Ratleikir, frjálsir tímar og hinn sívinsæli Tarzanleikur. Nemendur fengu stundum að velja hvaða leiki var farið í eða hvað var gert í tímum, annars vegar var um frjálst val að ræða eða stýrt val. Boccia, krikket, kóngaleikur, munkur og frisbeegolf var kynnt fyrir nemendum. Einnig var brettapallatími, hjólatími og fjörutími. Viðfangsefni í íþróttum eru endalaus og það sem við gerðum í vetur er ekki allt upptalið hér að framan. Það sem ekki var komist yfir í vetur verður bætt úr á næsta skólaári. Heimsókn er einu sinni á ári, á vorönn, frá elsta hópi á leikskólanum Sjálandi og í þeim tíma voru leikir.

#### Kennslu og vinnuaðferðir

Við undirbúning námsskipulags var farið eftir markmiðum aðalnámskrár í íþróttum líkams- og heilsurækt og var þeim náð að mestu leyti. Þær kennsluaðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám, ýmiskonar stöðvaþjálfun og svo voru þrautabrautir. Í byrjun hverrar annar glugga ég í aðalnámskrá grunnskóla og rifja upp hvaða þætti er gott að hafa í huga þegar kennsluáætlun er útbúin. Síðan geri ég grófa áætlun þar sem ég merki hjá mér hvaða þætti ég mun taka fyrir hverju sinni. Þar næst geri ég annaráætlun og að lokum tímaseðla. Eftir fyrri önn þ.e. um jólin endurskoða ég svo áætlunina mína með tilliti til getu og áhugasvið hópsins, hvað ég tók fyrir í tímum, hvað virkaði vel og hvað ég á eftir að fara betur í. Ég vinn eftir þessu grófskipulagi en auðvitað vík ég frá þessu skipulagi allt eftir dagsformi mínu og nemendanna.

### Tenging við lotur

Aðeins var unnið með umsjónakennurum í sambandi við lotur t.d. var tröllapema og þá var tröllaratleikur og tröllin í fjöllumum í íþróttum. Ég tengdi íslensku og stærðfræði inn í íþróttirnar. Einnig tengdust íþróttir sameiginlegum viðburðum eins og íþróttadögum og gróðurdegi.

### Námsgögn og efni

Þær bækur sem eru til og þau áhöld sem eru í íþróttageymslunni. Geisladiskar sem til eru.

### Matsaðferðir

Í nóvember var lagt fyrir nemendur sjálfsmat ásamt því að kennari tók tímann í spretthlaupi, mældi boltakast, liðleika og píp-test. Eins skrifaði kennari umsögn um hvern og einn nemanda. Í maí voru eftirfarandi atriði metin af kennara: sipp, 60m sprettur, kraftur, liðleiki, samvinna, hegðun, virkni og/eða hvernig þau fara eftir reglum í leikjum. Skoðun nemenda á íþróttum kom fram ásamt stuttri umsögn um hvern og einn nemanda frá kennara.

### Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Mér fannst kennslan takast vel í vetur og hafði ég mjög gaman af að kenna þessum orkumikla, fjölbreytta og skemmtilega nemendahópi. Hópnum var skipt í tvo fyrstu bekkjar hópa og einn annan bekkjar hóp sem kom mjög vel út. Vegna áhaldaleysis var ekki hægt að vera eins mikið með þrautabrautir og ég vildi.

Námsmatið um jólin var ekki nógu gott fannst mér, ég var að prófa nýjar leiðir en komst að því að námsmatið sem ég hef þróað í gegnum árin segir mest um nemendur, bæði getu þeirra, áhuga og líðan.

### 3. og 4. bekkur

#### **Markmið**

Almenn markmið með íþróttakennslunni í Sjálandsskóla er fyrst og fremst að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í gegnum mismunandi æfingar og leiki. Einnig að allir fái eitthvað við sitt hæfi, að íþróttakennslan sé fjölbreytt, að nemendur fái stundum að velja hvað þau gera í tímum og að stundum sé frjáls hreyfing. Einnig er markmiðið á að kynna ýmsa tegund hreyfingar fyrir nemendum hvort sem um er að ræða íþróttagrein eða almenna hreyfingu. Rík áhersla er lögð á að nemendur geti verið sjálfstæðir við eigin íþróttaiðkun óháð því hvað hópurinn gerir eða hvað honum finnst. Að síðustu er mjög mikil áhersla lögð á samvinnu og að aðstoða og hvetja félagasína áfram.

#### **Tími og tölulegar upplýsingar**

Nemendur fengu einn klukkutíma tíma á viku í íþróttakennslu. Frá ágúst fram í lok september og frá maí til skólaloka í júní var mikið um útikennslu en einnig vorum við inni þegar veður var leiðinlegt. Að öðru leyti vorum við með kennslu í nýja íþróttahúsinu í Sjálandsskóla. Um var að ræða þrjá námshópa, einn hópur var með 17 nemendur en hinir tveir voru með 19 nemendur. Umsjónarhóparnir voru saman í íþróttum.

#### **Viðfangsefni**

Með tilliti til nemendahópsins og aðstæðna til íþróttakennslu var lögð áhersla á eftirfarandi þætti í íþróttum í vetur: Þolþjálfun var mikið í gegnum hlaup, leiki og aðrar íþróttagreinar. Styrktarþjálfun var m.a. í gegnum stöðvabjálfun. Liðleikabjálfun í gegnum teygjur. Boltaíþróttir, litlir boltaleikir eins og ýmis afbrigði af skotbolta, brennibolti og kýló. Frjálsar íþróttir, spretthlaup, kúla, spjót og þar voru nemendur m.a. í hlutverkum tímavarða og mælitækna. Ratleikir, frjálsir tímar og hinn sívinsæli Tarzanleikur. Nemendur fengu stundum að velja hvaða leiki var farið í eða hvað var gert í tímum, annars vegar var um frjálst val að ræða eða stýrt val. Boccia, krikket, kóngaleikur, badminton og frisbeegolf var kynnt fyrir nemendum. Einnig þessar hefðbundnu boltaíþróttir, fótbolli, handbolli, körfubolti og blak. Viðfangsefni í íþróttum eru endalaus og það sem við gerðum í vetur er ekki allt upptalið hér að framan. Það sem ekki var komist yfir í vetur verður bætt úr á næsta skólaári.

#### **Kennslu og vinnuaðferðir**

Við undirbúning námsskipulags var farið eftir markmiðum aðalnámskrár í íþróttum líkams- og heilsurækt og var þeim náð að mestu leyti. Þær kennsluaðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám og ýmiskonar stöðvabjálfun og einnig notaði ég þau aukalega þau rými sem nýja húsnæðið býður uppá, litli salur við hliðin á sundlauginni og einnig danssalinn uppi. Í byrjun



hverrar annar glugga ég í aðalnámskrá grunnskóla og rifja upp hvaða þætti er gott að hafa í huga þegar kennsluáætlun er útbúin. Síðan geri ég grófa áætlun þar sem ég merki hjá mér hvaða þætti ég mun taka fyrir hverju sinni. Þar næst geri ég annaráætlun og styðst við mína tímaseðla og geri smávægilegar breytingar en grunnurinn er ávallt sá sami, upphitun, aðalþáttur og lok. Eftir fyrri önn þ.e. um jólin endurskoða ég svo áætlunina mína með tilliti til getu og áhugasvið hópsins, hvað ég tók fyrir í tímum, hvað virkaði vel og hvað ég á eftir að fara betur í.

### **Tenging við lotur**

Lítið var unnið með umsjónarkennurum varðandi lotur en það væri sniðugt að gera meira af því á næsta ári. Einnig tengdust íþróttir sameiginlegum viðburðum eins og íþróttadegi og gróðurdegi.

### **Námsgögn og efni**

Ýmsar bækur og geisladiskar.

### **Vettvangsferðir**

Ekki var hægt að fara á skíði í vetur en krakkarnir voru í útihlaupum á haust- og vordögum og hlaupa þá annaðhvort út að gálgahrauni eða að Arnarnesinu.

### **Matsaðferðir**

Fyrir jól fóru krakkarnir í píptest og fengu almenna umsögn í íþróttum, þar er metin færni, virkni og hegðun í tímum. Í apríl og maí var svo íþróttapróf og að þessu sinni var prófað í handboltakasti, körfuhittni, að sippa og styrktaræfing. Eins skrifaði kennari umsögn um hvern og einn nemanda í bæði fyrir jól og um vorið.

### **Mat**

Mér fannst kennslan takast vel í vetur og hafði ég mjög gaman af að kenna þessum kappsfulla, fjölbreytta og skemmtilega nemendahópi. Við vorum meira inni þennan vetur en undanfarna vetur. Það var vegna þess að mér fannst mikilvægara að nemendur fengju jákvæða upplifun og góða hreyfingu inni í stað þess að vera með þau úti í slæmu veðri. Mér fannst hópaskiptingin koma vel út.

## **5.-7. bekkur**

### **Markmið**

Markmið með íþróttakennslu er að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í íþróttatímum, kynnast fjölmörgum íþróttagreinum í gegnum æfingar og leiki. Einnig að undirbúa og kenna nemendum

að hugsa vel um líkama sinn og leiðbeina þeim að æfa sig í að gera æfingar og hreyfingar á réttan hátt. Íþróttakennslan er einnig undirbúningur og kynning á íþróttagreinum sem nemendur geta svo stundað sjálfir, annað hvort í hóp- eða einstaklingsíþróttum. Einnig er lagt áhersla á að nemendur vinni saman og hjálpi hvor öðrum í kennslunni, aðstoða og hvetja. Annaðhvort er að um að ræða fyrirfram ákveðna íþróttatíma en einnig er svokallaðir frjálsir tímar þar sem nemendur geta valið hvað þeir gera sjálfir en ávallt skal einhverskonar hreyfing eða áreynsla vera skylda í þessum frjálsu tímum.

### **Tími og tölulegar upplýsingar**

Nemendur fengu einn klukkutíma tíma á viku í íþróttakennslu. Frá ágúst fram í lok september og frá maí til skólaloka í júní var mikið um útikennslu en einnig vorum við inni þegar veður var leiðinlegt. Að öðru leyti vorum við með kennslu í nýja íþróttahúsinu í Sjálandsskóla. Um var að ræða þrjá námshópa í 5.-6.bekk, 20 nemendur í einum hóp og 22 í hinum tveimur og einn hóp í 7.bekk með 26 nemendum. Umsjónarhóparnir voru saman í íþróttum.

### **Viðfangsefni**

Viðfangsefni vetrarins voru margvísleg, boltaleikir, útihlaup, leikir, ratleikir, stöðvaþjálfun, frjálsar íþróttir, badminton, blak og golf svo eitthvað sé nefnt. Áhersla var lögð á að kynna fyrir nemendum þolþjálfun og var útihlaup og stöðvaþjálfun notað til þess. Umhverfið í kringum skólann er stundum erfitt á veturnar, snjókast og að renna sér í brekkunum er einnig partur af íþróttakennslunni. Upphitunarleikir s.s stórfiskaleikur, stórt skip lítið skip, 12345 dimmalimm og fleiri leikir eru vinsælir, einnig brennó og skotbolti. Kýló og sparkó eru líka leikir sem leyndu á sér, krakkarnir gleyma oft hversu mikið þau hlaupa í svona leikjum og finnst það skemmtilegra en að hlaupa ákveðna vegalengd en oft er mikið kapp í slíkum leikjum. Boltaleikir ýmiss konar voru helstu viðfangsefni vetrarins og einnig var mikil áhersla lögð á að hita vel upp og bæta úthald og þol nemenda.

### **Kennsluaðferðir**

Íþróttakennarinn gerir grófa ársáætlun fyrir báðar annir og reyni ég að fara eftir henni nokkurn veginn en oft þurfti að fara útaf henni bæði vegna veðurs og stundum þarf að spila þetta eftir eyranu eftir því hvaða hópur er í tímanum. Samvinnuleikir eins og reipitog, boðhlaup og ratleikir eru notaðir til að láta hópana vinna saman og hjálpast að. Þessir leikir eru oft mjög hvetjandi og kennir krökkunum að vinna sem ein heild.

Ávallt er farið eftir aðalnámskránni.

### **Tenging við lotur**

Ekki var um að ræða tengingu við starfið í umsjónarþekkingunum en því þarf að breyta.

### **Námsgögn og áhöld**

Ég nota bækur um íþróttakennslu sem til eru í skólanum og eru gefnar útaf námsgagnastofnun, áhöldin eru í geymslunni okkar og fleira í íþróttarými. Í Ásgarði vorum við svo með afnot af flestum áhöldum og tækjum sem þar eru fyrir, en það verður að segjast eins og er að þau eru af skornum skammti.

### **Vettvangsferðir**

Þessir hópar voru meira í útihlaupum heldur en þeir yngri og einnig kenndi ég í haust á ylströndinni, spretthlaup í sandinum og brettapallarnir voru val í útikennslunni.

### **Matsaðferðir**

Fyrir jól fóru allir krakkarnir í svokallað bíp-test, sem mælir getu þeirra til að hlaupa eins lengi og þau geta, þetta er fínt próf til að mæla loftháð þol og hægt er að skoða niðurstöðurnar á heimsíðu prófsins og finna þannig út hámarkssúrefnisupptöku. Niðurstöður úr þessu prófi voru sendar heim með fyrra matsblaðinu, og einnig umsögn um hegðun og virkni nemenda. Ef nemendur komu virkilega illa útúr þessu prófi kom það fram á þessu matsblaði og tillögur til úrbóta, aukna hreyfingu utan skólatíma. Í apríl-maí lagði ég svo nokkur stutt og einföld próf fyrir nemendur til að kanna bæði fín- og grófhreyfingar hjá þeim. Handboltakast og körfuskot, styrktaræfing og að sippa á tíma voru meðal þess sem lagt var fyrir þau og fengu þau einkunn eða umsögn um hvort þau þyrftu að bæta sig, væru á réttri leið eða hefðu góð tók á þessum viðfangsefnum.

### **Mat**

Sumir leggja sig alltaf fram í hverjum einasta tíma en aðrir hafa minni áhuga á íþróttum og mikilli hreyfingu, og það er oft erfitt að finna íþróttagreinir og leiki sem henta öllum. Farið var í flestar íþróttagreinir í vetur, bæði bolta- og síðan aðrar íþróttagreinir. Með tilkomu nýja hússins var fjölbreytnin meiri, hægt að skipta hópunum upp og nota rýmið vel, það voru tveir aukasalir sem notaði voru undir bandý, fimleika, skotbolta og fleira. Einnig var badminton og körfubolti nýtt í innikennslu hérna í skólanum og voru krakkarnir ánægðir með þá viðbót. Á næsta ári verður svo geymslan full af nýjum áhöldum og getum við þá enn frekar bætt við fjölbreytnina svo sem fimleika og frjálssar íþróttir. Einnig verður kaðlabrautin sérstaklega kærkomin.

### **8.-9. Bekkur**

#### **Markmið**

Markmið með íþróttakennslu er að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í íþróttatímum, kynnast fjölmörgum íþróttagreinum í gegnum æfingar og leiki. Einnig að undirbúa og kenna nemendum að hugsa vel um líkama sinn og leiðbeina þeim að æfa sig í að gera æfingar og hreyfingar á réttan hátt. Íþróttakennslan er einnig undirbúningur og kynning á íþróttagreinum sem nemendur geta svo stundað sjálfir, annað hvort í hóp- eða einstaklingsíþróttum. Einnig er lagt áhersla á að nemendur vinni saman og hjálpi hvor öðrum í kennslunni, aðstoða og hvetja. Annaðhvort er að um að ræða fyrirfram ákveðna íþróttatíma en einnig er svokallaðir frjálssir

tímar þar sem nemendur geta valið hvað þeir gera sjálfir en ávallt skal einhverskonar hreyfing eða áreynsla vera skylda í þessum frjálsum tímum.

### **Tími og tölulegar upplýsingar**

Í fyrstu voru ekki skipulagðir tímar fyrir þessa nemendahópa í íþróttum, þau gátu hinsvegar valið sér íþróttir í gegnum val. Þessu var svo breytt í október og fengu nemendur fengu einn 45 mínútna tíma á viku í íþróttakennslu. Öðrum 45 mínútna tíma var svo bætt við hjá 8.bekk síðar um veturinn. Frá ágúst fram í lok september og frá maí til skólaloka í júní var mikið um útikennslu en einnig vorum við inni þegar veður var leiðinlegt. Að öðru leyti vorum við með kennslu í nýja íþróttahúsinu í Sjálandsskóla. Um var að ræða 2 námshópa, í 8.bekk 21 nemandi í einum hóp og 20 nemendur í 9.bekk. Umsjónarhóparnir voru saman í íþróttum.

### **Viðfangsefni**

Viðfangsefni vetrarins voru margvísleg, boltaleikir, útihlaup, leikir, ratleikir, stöðvaþjálfun, frjálssar íþróttir, badminton, blak og golf svo eitthvað sé nefnt. Áhersla var lögð á að kynna fyrir nemendum þolþjálfun og var útihlaup og stöðvaþjálfun notað til þess. Upphitunarleikir s.s stórfiskaleikur, stórt skip lítið skip, og fleiri leikir eru vinsælir, einnig brennó og skotbolti. Kýló og sparkó eru líka leikir sem leyndu á sér, krakkarnir gleyma oft hversu mikið þau hlaupa í svona leikjum og finnst það skemmtilegra en að hlaupa ákveðna vegalengd en oft er mikið kapp í slíkum leikjum. Boltaleikir ýmiss konar voru helstu viðfangsefni vetrarins og einnig var mikil áhersla lögð á að hita vel upp og bæta úthald og þol nemenda.

### **Kennsluáferðir**

Íþróttakennarinn gerir grófa ársáætlun fyrir báðar annir og reyni ég að fara eftir henni nokkurn veginn en oft þurfti að fara útaf henni bæði vegna veðurs og stundum þarf að spila þetta eftir eyranu eftir því hvaða hópur er í tímanum. Samvinnuleikir eins og reipitog, boðhlaup og ratleikir eru notaðir til að láta hópana vinna saman og hjálpast að. Þessir leikir eru oft mjög hvetjandi og kennir krökkunum að vinna sem ein heild.

Ávallt er farið eftir aðalnámskránni.

### **Tenging við lotur**

Ekki var um að ræða tengingu við starfið í umsjónarþekkingunum.

### **Námsgögn og áhöld**

Ég nota bækur um íþróttakennslu sem til eru í skólanum og eru gefnar útaf námsgagnastofnun, áhöldin eru í geymslunni okkar og fleira í íþróttarými. Í Ásgarði vorum við svo með afnot af flestum áhöldum og tækjum sem þar eru fyrir, en það verður að segjast eins og er að þau eru af skornum skammti.

### **Matsáferðir**

Fyrir jól fóru allir krakkarnir í svokallað bíp-test, sem mælir getu þeirra til að hlaupa eins lengi og þau geta, þetta er fínt próf til að mæla loftháð þol og hægt er að skoða niðurstöðurnar á heimsíðu prófsins og finna þannig út hámarkssúrefnisupptöku. Niðurstöður úr þessu prófi voru sendar heim með fyrra matsblaðinu, og einnig umsögn um hegðun og virkni nemenda. Ef nemendur komu virkilega illa útúr þessu prófi kom það fram á þessu matsblaði og tillögur til úrbóta, aukna hreyfingu utan skólatíma. Í apríl-maí lagði ég svo nokkur stutt og einföld próf fyrir nemendur til að kanna bæði fín- og grófhreyfingar hjá þeim. Handboltakast og körfuskot, styrktaræfing og að sippa á tíma voru meðal þess sem lagt var fyrir þau og fengu þau einkunn eða umsögn um hvort þau þyrftu að bæta sig, væru á réttri leið eða hefðu góð tæk á þessum viðfangsefnum.

## **Mat**

Sumir leggja sig alltaf fram í hverjum einasta tíma en aðrir hafa minni áhuga á íþróttum og mikilli hreyfingu, og það er oft erfitt að finna íþróttagreinar og leiki sem henta öllum. Farið var í flestar íþróttagreinar í vetur, bæði bolta- og síðan aðrar íþróttagreinar. Með tilkomu nýja hússins var fjölbreytnin meiri, hægt að skipta hópunum upp og nota rýmið vel, það voru tveir aukasalir sem notaði voru undir bandý, fimleika, skotbolta og fleira. Þess ber þó að geta að þessir árgangar voru á sama tíma og 1.-2. Bekkur í íþróttum og þá þurftum við oft að nota eingöngu litlu salina tvo og var það ekki hentugt enda stórir hópar og lítið pláss að vinna með. Einnig var badminton og körfubolti nýtt í innikennslu hérna í skólanum og voru krakkarnir ánægðir með þá viðbót. Á næsta ári verður svo geymslan full af nýjum áhöldum og getum við þá enn frekar bætt við fjölbreytnina svo sem fimleika og frjálssar íþróttir. Einnig verður kaðlabrautin sérstaklega kærkomin.

---

## *SKÝRSLA SUNDKENNARA*

---

### **1.- 2. bekkur**

#### **Markmið**

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni. Markmiðið er líka að kenna þeim á búningsaðstöðu en mikilvægt er að foreldrar geri það sumarið fyrir skólabyrjun svo hægt sé að nota sundtímana meira ofan í lauginni.

Samræmda sundstigið er eftirfarandi:

Markmiðin fyrir 1. bekk:

Staðið í botni í grynri hluta laugar og andað að sér, andlitið fært í kaf og andað frá sér. Endurtekið 10 sinnum.

Flotið á bringu eða baki með eða án hjálpartækja

Gengið með andlit í kafi 2,5 metra eða lengra.

Bringusundsfótatök við bakka með eða án hjálpartækja.

Flot á bringu

Flot á baki

Markmiðin fyrir 2. bekk.

marglyttuflot með því að rétta úr sér.

10 metra bringusund með eða án hjálpartækja

10 metra skólabaksundsfótatök með eða án hjálpartækja

sprynt frá bakka og rennt með andlitið í kafi, að lágmarki 2,5 metra

skriðsundsfótatök

baksundsfótatök

flot á baki

hoppað af bakka í laug

## **Tími**

Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið.

## **Viðfangsefni**

Vatnsaðlögun, leikir, fjórar sundaðferðir, köfun, öndun, flot o.s.frv.

## **Kennslu og vinnuaðferðir**

Sundkennari er ofan í lauginni með nemendum. Eftir páska fór kennarinn aðeins upp á bakkann til að auka sjálfstæði og áræðni. En það er nauðsynlegt fyrir framfarir nemenda að kennari sé ofaní með þeim fyrstu tvö árin.

Farið var í köfun, flot, leiki og beina sundkennslu en lagt var upp með að börnin hefðu gaman af sundtímunum sem leiðir til þess að þau verði áhugasamari um að læra að synda.

### **Matsaðferðir**

Í desember var sent matsblað heim til foreldra, þar kom fram hvað vantar hjá nemendum og úrbætur sem foreldrar geta gert t.d. sent nemendur á sundnámskeið eða farið oftari í sund og gert ákveðnar æfingar sem gefnar voru upp. Foreldrum var einnig bent á að hafa samband við sundkennara ef spurningar vöknudu. Í júní fengu nemendur sundmat þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki og umsögn um nemandann. Ég bætti inni námsmatið hjá 1. bekk flot á bringu, flot á baki, hoppa af bakka í laug og skriðsundsátök. Hjá 2. bekk bætti ég við skriðsundsfætur, baksundsfætur og flot á baki.

### **Námsgögn og efni**

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og internetið.

Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, sunduggar, hringir, ýmsar tegundir bolta og dót bæði til að kafa eftir og ekki.

### **Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru**

Mér fannst miðað við fyrsta ár í kennslu í nýrri laug þar sem ýmis áhöld vantaði og slíkt, kennslan takast alveg ótrúlega vel. Auðvitað má bæta margt en á heildina held ég að allir séu sáttir þ.e. nemendur, foreldrar og sundkennari.

### **3. – 4. bekkur**

#### **Markmið**

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni.

Samræmdu sundstigin eru eftirfarandi:

Markmiðin fyrir 3. bekk.

12 m bringusund

12 m skólabaksund

8 m skriðsund

6 m baksund

Kafað eftir hlut á 1 – 1,5 metra dýpi.

Stunga úr kropstöðu

Markmiðin fyrir 4. bekk

25 m bringusund

15 m skólabaksund

12 m skriðsund

12 m baksund

Flugsundsfótatök

Stunga úr kropstöðu

## **Tími**

Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið.

## **Viðfangsefni**

Vatnsaðlögun, leikir, sundaðferðir, köfun, flot o.s.frv.

## **Kennslu og vinnuaðferðir**



Í haust voru hóparnir blandaðir þ.e. 3. og 4. bekkur saman. Eftir vetrarfrí var hópunum skipt eftir árgöngum og kom það mjög vel út fyrir báða aldurshópa.

Farið var mikið í beina sundkennslu en lagt var upp með að börnin hefðu gaman af sundtímunum sem leiðir til þess að þau verði áhugasamari um að læra að synda. Fyrir áramót fengu nemendur þriðja hvern sundtíma frjálsan. Þess á milli syntu þau eins og herföngjar. Eftir áramót þurftu nemendur í hverjum hópi að vinna sér inn fjórar stjórnur saman til að fá frjálsan tíma.

### **Matsaðferðir**

Í desember var sent matsblað heim til foreldra, þar kom fram hvað vantar hjá nemendum og úrbætur sem foreldrar geta gert t.d. sent nemendur á sundnámskeið eða farið oftari í sund og gert ákveðnar æfingar sem gefnar voru upp. Foreldrum var einnig bent á að hafa samband við sundkennara ef spurningar vöknudu. Í júní fengu nemendur sundmat þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki og umsögn um nemandann.

### **Námsgögn og efni**

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og internetið.

Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, sunduggar, hringir, ýmsar tegundir bolta og dót bæði til að kafa eftir og ekki.

### **Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru**

Mér fannst miðað við fyrsta ár í kennslu í nýrri laug þar sem ýmis áhöld vantaði og slíkt, kennslan takast alveg ótrúlega vel. Auðvitað má bæta margt en á heildina held ég að allir séu sáttir þ.e. nemendur, foreldrar og sundkennari.

Í 4. bekk eru tveir nemendur sem fengu aðstoð með sér í tíma vegna slakrar getu. Það var ótrúlega gott fyrir þá að fá manninn með sér þar sem þeir þurfa svo svakalega mikinn stuðning í sundi. Ég held að framfarir hjá þeim hefðu verið miklu minni ef engin stuðningur hefði verið því þeir eru á við nemendur í 1. bekk í getu.

## **5.-6. bekkur**

### **Markmið**

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd, auki sundþolið og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni.

Samræmdu sundstigin eru eftirfarandi:

Markmiðin fyrir 5. bekk.

75 m bringusund

25 m skriðsund

25 m skólabaksund

12 m baksund

Marvaði í 30 sek

10 m flugsundsfótat.

Stunga af bakka

Kafa eftir hlut 1-2m dýpi eftir 5m sund

Markmiðin fyrir 6. bekk.

200m bringusund

25m bringusund (35 sek)

50m skólabaksund

25m skriðsund

25m baksund

15m björgunarsund

8m kafsund

10m flugsund með hjálpartækjum

Stunga

## Tími

Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið.

## Viðfangsefni

Mest áhersla var lögð á sundfærni, sundþol, á leiki og keppni.

## Kennslu og vinnuaðferðir

Nemendum er skipt á fjórar brautir ýmist eftir verkefnum eða getu. Nemendur læra nær eingöngu í gegnum æfingar. Nemendur vinna sér inn frjálsan tíma með góðri hegðun sem er að meðaltali einu sinni í mánuði. Reynt er að blanda leikjum inn í kennsluna eins mikið og mögulegt er. Lögð er áhersla á kurteisi, góða hegðun, sjálfstæði og samvinnu.

## Matsaðferðir

Í desember var sent matsblað heim til foreldra, þar kom fram hvað vantar hjá nemendum og úrbætur sem foreldrar geta gert t.d. sent nemendur á sundnámskeið eða farið oftari í sund og gert ákveðnar æfingar sem gefnar voru upp. Foreldrum var einnig bent á að hafa samband við sundkennara ef spurningar vöknudú. Í júní fengu nemendur sundmat þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki og umsögn um nemandann.

## Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og internetið.

Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, sunduggar, hringir, ýmsar tegundir bolta og dót bæði til að kafa eftir og ekki.

## Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Mér fannst miðað við fyrsta ár í kennslu í nýrri laug þar sem ýmis áhöld vantaði og slíkt, kennslan takast alveg ótrúlega vel. Auðvitað má bæta margt en á heildina held ég að allir séu sáttir þ.e. nemendur, foreldrar og sundkennari.

## **7. bekkur**

### **Markmið**

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni og séu óhrædd. Að nemendur læri að synda (bringu-, bak-, skrið-, björgunar-, flug- og skólabaksund) m.a. svo þeir geti bjargað sér í vatni og öðrum. Að nemendur geti nýtt sér sund sér til heilsubótar í framtíðinni. Að nemendur læri að vinna saman og beri virðingu fyrir getu hvers annars. Að lokum að nemendur efli styrk og þol.

Markmiðin fyrir 7. bekk.

300 metra bringusund, tímamörk; synt á minna en 10 mínútum.

25 metra skólabaksund, stílsund.

25m skriðsund, stílsund

25m bringusund, stílsund

15 metra björgunarsund með jafningja, (skólabaksundsfótatök).

8 metra kafsund, stílsund.

50 metra bringusund á tíma

25 metra skriðsund á tíma

25mbaksund, stílsund

Stunga af bakka, stíll

### **Tími**

Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið. Kynjaskipt sem er nauðsynlegt fyrir þennan aldur.

### **Viðfangsefni**

Mest áhersla var lögð á sundfærni, sundþol, á leiki og keppni.

## **Kennslu og vinnuaðferðir**

Nemendum er skipt á fjórar brautir ýmist eftir verkefnum eða getu. Nemendur læra nær eingöngu í gegnum æfingar. Nemendur vinna sér inn frjálstan tíma með góðri hegðun sem er að meðaltali einu sinni í mánuði. Reynt er að blanda leikjum inn í kennsluna eins mikið og mögulegt er. Lögð er áhersla á kurteisni, góða hegðun, sjálfstæði og samvinnu.

## **Matsaðferðir**

Í desember var sent matsblað heim til foreldra, þar kom fram hvað vantar hjá nemendum og úrbætur sem foreldrar geta gert t.d. sent nemendur á sundnámskeið eða farið oftari í sund og gert ákveðnar æfingar sem gefnar voru upp. Foreldrum var einnig bent á að hafa samband við sundkennara ef spurningar vöknudu. Í júní fengu nemendur sundmat þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki og umsögn um nemandann.

## **Námsgögn og efni**

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og internetið.

Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, hringir, ýmsar tegundir bolta.

## **Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru**

Mér fannst miðað við fyrsta ár í kennslu í nýrri laug þar sem ýmis áhöld vantaði og slíkt, kennslan takast alveg ótrúlega vel. Auðvitað má bæta margt en á heildina held ég að allir séu sáttir þ.e. nemendur, foreldrar og sundkennari.

## **8.-9. bekkur**

### **Markmið**

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd, auki sundpolið og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni.

Markmiðin fyrir 8. bekk.

400 m þolsund, val um aðferð

75m skriðsund

50m baksund

50m bringusund (65/67sek)

25m skriðsund (30 sek)

25m flugsund m/ hjálpartækjum

10x50m ýmsar sundaðferðir

Marvaði 60 sek

8m kafsund, ná í hlut á 2m dýpi og endurtekið eftir 10 sekúndur.

Markmiðin fyrir 9. bekk

75m þrísund (baksund, bringusund, skriðsund – stílsund)

8m kafsund - stílsund

100m bringusund (2,20/2,25 sek)

50m skriðsund (60/62 sek)

25m baksund (32/34 sek)

500m þolsund

Fatasund

## **Tími**

Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið. Kynjaskipt sem er nauðsynlegt fyrir þennan aldur.

## **Viðfangsefni**

Mest áhersla var lögð á sundþol og að nemendur fengju jákvæða upplifun af sundi. Einnig var áhersla á leiki og keppni.

### **Kennslu og vinnuaðferðir**

Nemendum er skipt á fjórar brautir ýmist eftir verkefnum eða getu. Nemendur læra nær eingöngu í gegnum æfingar. Nemendur vinna sér inn frjálsan tíma með góðri hegðun sem er að meðaltali einu sinni í mánuði. Reynt er að blanda leikjum inn í kennsluna eins mikið og mögulegt er. Lögð er áhersla á kurteisi, góða hegðun, sjálfstæði og samvinnu.

### **Matsaðferðir**

Í desember var sent matsblað heim til foreldra, þar kom fram hvað vantar hjá nemendum og úrbætur sem foreldrar geta gert t.d. sent nemendur á sundnámskeið eða farið oftari í sund og gert ákveðnar æfingar sem gefnar voru upp. Foreldrum var einnig bent á að hafa samband við sundkennara ef spurningar vöknudú. Í júní fengu nemendur sundmat þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki og umsögn um nemandann.

### **Námsgögn og efni**

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og internetið.

Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, hringir, ýmsar tegundir bolta.

### **Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru**

Mér fannst miðað við fyrsta ár í kennslu í nýrri laug þar sem ýmis áhöld vantaði og slíkt, kennslan takast alveg ótrúlega vel. Auðvitað má bæta margt en á heildina held ég að allir séu sáttir þ.e. nemendur, foreldrar og sundkennari.

### 1.- 2. bekkur

Í myndmennt í 1.-2. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár. Samkensla var í árgöngunum og unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili. Kennarar voru tveir, Guðrún Dóra Jónsdóttir frá ágúst til mars en þá fór hún í barnseignarfrí og þá tók Sólveig Þórdís Einarsdóttir við og starfaði frá mars til júní. Nemendur voru alls 51 og skiptust þeir í fjóra hópa með 12 til 13 nemendum í hverjum hóp. Nemendahóparnir komu í lotum yfir skólaárið tvisvar sinnum í viku í níu vikur, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en stundum voru frjálsir tímar/aukaverkefni þar sem sköpun nemenda réð ríkjum – þá réðu þeir við hvað þeir unnu, þ.e.a.s. tengt myndmennt.

### Verkefni í myndmennt

Sjálfsmynd

Litafræði

Leirverk

3D mynd

### Samvinnuverkefni

Sviðsmynd - Dýrin í hálsaskógi

### Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum.

### Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikensla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

### Matsaðferðir

Námsmat var gefið eftir hverja lotu. Þá var markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi og kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

Góð tók

Er á réttri leið



Á erfitt með

### **3. – 4. bekkur**

Í myndmennt í 3. – 4. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár. Samkensla var í árgöngunum og unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili. Kennarar voru tveir, Guðrún Dóra Jónsdóttir frá ágúst til mars en þá fór hún í barnseignarfrí og Sólveig Þórdís Einarsdóttir tók við og starfaði frá mars til júní. Nemendur voru alls 54 og skiptust þeir í fimm hópa með 10 til 12 nemendum í hverjum hóp. Nemendahóparnir komu í lotum yfir skólaárið þrisvar sinnum í viku í sjö vikur, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en stundum voru frjálsir tímar/aukaverkefni þar sem sköpun nemenda réð ríkjum - þá réðu nemendur við hvað þeir unnu, þ.e.a.s. tengt myndmennt.

#### **Verkefni í myndmennt**

Sjálfsmynd – unnin í grunnformum

Myndbygging – forgrunnur og bakgrunnur

Grafík

#### **Samvinnuverkefni**

Sviðsmynd – Lína langsokkur

Afrískar trommur – verkefni tengt þema

Íslandskort – verkefni tengt þema

#### **Námsgögn og námsefni .**

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umræða í listastofunum ásamt gersemum úr umhverfi skólans. Bókin Myndmennt 2, ýmis mynddæmi úr bókum og Listavefur krakka - Námsgagnastofnun.

#### **Kennsluaðferðir**

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikensla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

#### **Matsaðferðir**

Námsmat var gefið eftir hverja lotu. Þá var markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi og kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

Góð tók

Er á réttri leið

Á erfitt með

## **5. – 6. bekkur**

Í myndmennt í 5. - 6. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár. Samkennsla var í árgöngunum og unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili. Kennarar voru tveir, Guðrún Dóra Jónsdóttir frá ágúst til mars en þá fór hún í barnseignarfrí og Sólveig Þórdís Einarsdóttir tók við og starfaði frá mars til júní. Nemendur voru alls 64 og skiptust þeir í fimm hópa með 12 til 13 nemendum í hverjum hóp. Nemendahóparnir komu í lotum yfir skólaárið þrisvar sinnum í viku í sjö vikur, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en stundum voru frjálsir tímar/aukaverkefni þar sem sköpun nemenda réð ríkjum - þá réðu nemendur við hvað þeir unnu, þ.e.a.s. tengt myndmennt.

### **Verkefni í myndmennt**

Litafræði – pöddur og skrímsli

Mynstur

Gríma

### **Samvinnuverkefni**

Viðfangsefni lista tengdust stundum þeim þeim sem nemendur unnu að hjá bekkjarkennara og má þar nefna:

Víkingapema - grímur

### **Námsgögn og námsefni .**

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum auk nokkra listabóka. Eitthvað var sótt af upplýsingum á netið og nánasta umhverfi skólans nýtt.

### **Kennsluaðferðir**

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

### **Matsaðferðir**

Námsmat var gefið eftir hverja lotu. Þá var markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi og kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

Góð tók

Er á réttri leið

Á erfitt með

## **7. bekkur**

Í myndmennt í 7. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár. Kennarar voru tveir, Guðrún Dóra Jónsdóttir frá ágúst til mars en þá fór hún í barnseignarfrí og Sólveig Þórdís Einarsdóttir tók við og starfaði frá mars til júní. Í 7. bekk voru nemendur alls 26 og skiptust þeir í tvo hópa (strákahóp og stelpuhóp) með 12 til 14 nemendum í hvorum hóp. Nemendahóparnir komu einu sinni í viku hálf t skólaárið, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en stundum voru frjálsir tímar/aukaverkefni þar sem sköpun nemenda réð ríkjum - þá réðu nemendur við hvað þeir unnu, þ.e.a.s. tengt myndmennt.

### **Verkefni í myndmennt**

Popplíst

Abstrakt líst - Kandinsky

Mótun – gips

Mótun – leir

### **Námsgögn og námsefni**

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum ásamt gersemum úr umhverfi skólans. Við nýttum bókakost og tölvur skólans eftir því sem hentaði hverju sinni.

### **Kennsluaðferðir**

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

### **Matsaðferðir**

Námsmat var gefið eftir hvora lotu fyrir sig. Þá var markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi og kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

Góð tók

Er á réttri leið

Á erfitt með

## **8. – 9. bekkur / val**

Nemendur í 8 – 9. bekk vour með myndment sem valfag í lotum. Kennarar voru tveir, Guðrún Dóra Jónsdóttir frá ágúst til mars en þá fór hún í barnseignarfrí og Sólveig Þórdís Einarsdóttir tók við og starfaði frá mars til júní. Valið var kennt í níu vikna lotum. Nemendur komu einu sinni í viku 120 mínútur í senn, í hópunum voru 10 til 14 nemendur.

### **Verkefni í myndmennt**

Teikning, hlutateikning þar sem nemendur lærðu mælingar. Byrjað var á einföldum teikniæfingum sem urðu flóknari eftir leikni hvers nemanda við mælingarnar.

Málun, nemendur lærðu að mála með margskonar efnum, t.d. vatnslitum, akrýl- og olíumálningu.

Leirmótun, nemendur lærðu fjórar leiraðferðir. Þau gerðu skilduverkefni ásamt frjálsum verkefnum út frá þeim leiraðferðunum.

### **Námsgögn og námsefni**

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum ásamt gersemum úr umhverfi skólans. Við nýttum bókakost og tölvur skólans eftir því sem hentaði hverju sinni.

### **Kennsluaðferðir**

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

### **Matsaðferðir**

Námsmat var gefið að vali loknu. Þá var markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi og kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Færni nemenda var metin með: A, B, C, D, ásamt umsögn.

## **SKÝRSLA SMÍÐAKENNARA**

---

### **1.- 2. bekkur**

Kennari: Edda Björg Sigurðardóttir

Nemendur í 1. – 2. bekk voru alls 51 og var kennt í 4 hópum í hönnun og smíði með 12 – 13 nemendur í hverjum hópi. Í smíði í 1. - 2. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla, hönnun og smíði. Samkenntla var í árgöngunum og var unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili.

Nemendum var kennt í lotum í tvisvar í viku í 9 vikur, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum.

### Verkefni í textílmennt unnin af 1. - 2. bekk skólaárið 2009 - 2010

Skórin minn

Að líma negla og saga úr afgangum

Puttabrúða unnin úr gifsí

Fígúra tengd þemum sem verið var að vinna á hverjum tíma

Jólaverkefni

### Samvinnuverkefni

Allir námshópar smíðuðu fígúru sem tengdist því þema sem unnið var með á hverjum tíma. Fígúran var hengd á trjágrein í skólanum sem er eign skólans. Þemun voru:

Hafið

Tröll

Líkamin – Ég sjálfur

Dýrin í Hálsaskógi

Örkin hans Nóa

Plöntur og dýr

### Námöggn og námsefni

Námöggn voru öll þau tæki og tól sem við höfðum til umráða í smíðastofunni. Auk þess höfðu nemendur frumgerðir af þeim verkefnum sem þeir unnu.

### Kennsluáferðir

Námsefnið er kynnt nemendum með stuttri sýnikennslu þar sem hugmyndir þeirra um efnið eru ræddar og verkefnum þannig fylgt úr hlaði. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni á eigin hraða eftir hæfni sinni og getu. Lögð er áhersla á að nemendur þroski sköpunarmátt sinn, fái jákvæða upplifun og öðlist virðingu fyrir handverki.

## Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Frammistaða, hegðun og virkni nemenda í tímum er metin. Nemendur eru metnir með símati með tilliti til getu þeirra og í samræmi við sett markmið. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat. Auk þess er hugmyndauðgi, frágangur hluta og verkefnið í heild sinni.

Námsmat var haft eftir hverja lotu. Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

Góð tók

Á réttri leið

Á erfitt með

### **3. – 4. bekkur**

Kennari: Edda Björg Sigurðardóttir.

Nemendur í 3. – 4. bekk voru alls 54 og var kennt í 5 hópum í hönnun og smíði með 10 – 12 nemendur í hverjum hópi. Unnið var eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla, hönnun og smíði. Samkennsla var í árgöngunum og var unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili.

Nemendur komu í lotum yfir skólaárið þrisvar í viku í 7 vikur, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en þegar nemendur luku við þau verkefni fengu þeir að vinna frjálst þar sem að sköpun nemenda réð ríkjum.

## Verkefni í hönnun og smíði unnin af 3. – 4. bekk skólaárið 2009 – 2010.

Rúm fyrir bangsa

Teningur

Krítartafla

Jólaverkefni

Samvinnuverkefni

Nemendur unnu nokkur samvinnuverkefni sem ýmist tengdust þeimum eða gerðu námsgögn fyrir skólann. Íslandskort var samvinnuverkefni í myndmennt og smíði. Kortið var smíðað og málað með segulmálningu í hönnun og smíði og útbúin staðarheiti með segli. Eftirfarandi verkefni voru gjafir nemenda til skólans.

Námsklukka

Leikmynd og munir í leikritið um Línu langsokk

Íslandskort og staðarheiti. Tengdist þemanu „Ísland landið okkar“.

### Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í smíðastofunni. Auk þess höfðu nemendur smíðaðar frumgerðir af þeim verkefnum sem þeir unnu.

### Kennsluaðferðir

Námsefnið er kynnt nemendum með stuttri sýnikennslu þar sem hugmyndir þeirra um efnið voru ræddar, ásamt því var efninu fylgt úr hlaði með sýnikennslu. Auk sýnikennslu voru stuttir fyrirlestrar um efnisfræðslu, umræðu- og spurnaraðferðir. Að mestu hluta byggðist kennslan á verklegum æfingum.

### Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Frammistaða, hegðun og virkni nemenda í tímum er metin. Nemendur eru metnir með símati með tilliti til getu þeirra og í samræmi við sett markmið. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat. Auk þess er hugmyndauðgi, frágangur hluta og verkefni í heild sinni. Færni nemenda er metin á eftirfarandi skala:

Góð tók

Á réttri leið

Á erfitt með

### **5. – 6. bekkur**

Kennari Edda Björg Sigurðardóttir.

Nemendur í 5. – 6. bekk voru alls 64 og var kennt í 5 hópum í hönnun og smíði með 12 – 13 nemendur í hverjum hópi. Í smíði í 5. – 6. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla, hönnun og smíði. Samkennsla var í árgöngunum og var unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili.

Nemendur komu í lotum yfir skólaárið þrisvar í viku í 7 vikur, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en þegar nemendur luku við þau verkefni fengu þeir að vinna frjálst þar sem að sköpun réði ríkjum.

Hver nemandi vann verkefnin á sínum eigin hraða. Endurvinnsla efnisafganga sem fallið hafa til í skólanum var ríkur þáttur kennslunnar. Hönnun, að búa til snið og smíða í raunstærð var megin

inntak kennslunnar. Nemendur kynntust fjölbreyttu efni við smíðavinnuna, s.s. ýmsum viðartegundum og akrylplasti.

### Verkefni í hönnun og smíði unnin af 5. – 6. bekk skólaárið 2009 – 2010

Prívíddarmynd unnin úr afgangum. Nemendur hönnuðu, smíðuðu og innrömmuðu

Plastskál úr akrylplasti

Jólaverkefni

Samvinnuverkefni

Nemendur unnu samvinnuverkefni sem þeir gáfu til skólans auk þess sem unnið var að einni leikmynd í hönnun og smíði.

Hluti í leikmynd tengt þemanu „Fólkið í blokkinni“

Spil (milla) sem er á svæði nemenda

Teningar sem notaðir eru til stærðfræðikennslu

Kassabíll smíðaður sem var hluti af listadögum barna og ungmenna í Garðabæ

### Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tæki og tól sem eru til umráða í smíðastofunni. Auk þess höfðu nemendur smíðaðar frumgerðir af þeim verkefnum sem þeir unnu.

### Kennsluaðferðir

Námsefnið er kynnt nemendum með stuttri sýnikennslu þar sem hugmyndir þeirra um efnið voru ræddar. Auk sýnikennslu voru stuttir fyrirlestrar um efnisfræðslu, umræðu- og spurnaraðferðir. Að mestum hluta byggðist kennslan uppá verklegum æfingum.

### Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Frammistaða, hegðun og virkni nemenda í tímum var metin. Nemendur voru metnir með símati með tilliti til getu hans og hæfni, í samræmi við sett markmið. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat. Auk þess er hugmyndauðgi, frágangur hluta og verkefni í heild sinni metin.

Námsmat var eftir hverja lotu. Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

Góð tók



Á réttri leið

Á erfitt með

## **7. bekkur**

Kennari Edda Björg Sigurðardóttir

Nemendur í 7. bekk voru alls 26 og var kennt í 2 hópum í textílmennt með 12 – 14 nemendur í hverjum hópi. Í listum í 7. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla, hönnun og smíði. Nemendur komu einu sinni í viku hálf t skólaárið, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en þegar nemendur luku við þau verkefni fengu þeir að vinna meira frjálst þar sem sköpun nemenda réði ríkjum.

### Verkefni í hönnun og smíði unnin af 7. bekk skólaárið 2009 - 2010

Klukkan sem nemendur hönnuðu og smíðuðu og tengdu með einföldu gangvirki

Glerverkefni – mynd og kertastjaki. Nemendur fengu að kynna glervinnu

Jólaverkefni

### Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í smíðastofu. Auk þess höfðu nemendur smíðaðar frumgerðir af þeim verkefnum sem þeir unnu.

### Kennsluaðferðir

Námsefnið var kynnt nemendum með stuttri sýnikennslu þar sem hugmyndir þeirra um efnið var rædd. Auk sýnikennslu voru stuttir fyrirlestrar um efnisfræðslu, umræðu- og spurnaraðferðir. Að mestum hluta byggðist kennslan á verklegum æfingum.

### Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Frammistaða, hegðun og virkni nemenda í tímum var metin. Nemendur voru metnir með símati með tilliti til getu þeirra og hæfni í samræmi við sett markmið. Lögð var áhersla á leiðsagnarmat og óformlegar viðræður varðandi verkefni. Auk þess er hugmyndauðgi, frágangur hluta og verkefni í heild sinni metin.

Námsmat var eftir hverja lotu. Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

Góð tók

Á réttri leið

Á erfitt með

## 8. – 9. bekkur val

Kennari: Edda Björg Sigurðardóttir

Nemendur í 8. – 9. bekk voru með hönnun og smíði sem valfag í lotum. Nemendur komu einu sinni í viku í 8 vikur, 1½ – 2 klukkutíma í senn. Valgreinar sem kenndar voru:

Glervinna – Nemendur kynntust glervinnu þar sem gler var endurunnið, brætt upp og búnir til ýmsir nytjahlutir. Á námskeiðinu þjálfuðust nemendur í notkun verkfæra sem notuð eru við vinnslu á glerverkefnum, fengu fræðslu um efni og kenndar voru aðferðir við glervinnu.

Hönnun og smíði – Nemendur smíðuðu eitt skylduverkefni sem var jólaengill og hönnuðu og smíðuðu a.m.k. eitt verkefni úr timbri. Nemendur hönnuðu og teiknuðu nytjahlut. Loks smíðuðu þeir hlutinn og yfirborðsmeðhöndluðu. Vinnuskýrslur ásamt teikningum fyrir valin verkefni var skilað inn sem hluti af lokaeinkunn.

Plastvinna – Nemendur hönnuðu og smíðuðu nytjahluti úr akrylplasti. Þeir voru sagaðir, pússaðir, hitaðir og formaðir. Lögð var áhersla á hönnun, hugmyndauðgi og vönduð vinnubrögð. Nemendur lærðu aðferðir sem hægt er að beita á plast, s.s. sem hitun, logsuðu, sögun o.fl.

Tálgun – Tálgað var í blautan og ferskan við sem nemendur nálgust í grennd við skólann. Kennar voru handbrögð við notkun tálguhnífs og annarra tálguverkfæra. Unnir voru nytjahlutir úr ferski, s.s., penni, bókamerki, ostahnífur og tertuspaði.

Skartgripagerð – Nemendur hönnuðu og unnu skartgripa úr fjölbreyttum efniviði, s.s. þæfðri ull, perlum og plasti. Lögð var áhersla á skapandi vinnu, vandvirkni og góða umgengni. Þjálfuð var notkun og beiting ýmissa áhaldna til skartgripagerðar. Unnin voru nokkur skylduverkefni, s.s., eyrnalokkar úr þæfðri ull, hárspenna, peysunæla og símaskraut.

Nýsköpun og tækni – Nemendur kynntust aðferðum nýsköpunar og tækni og unnu að nýsköpunarvinnu með það að marki að taka þátt í nýsköpunarkeppni grunnskólanna. Ímyndunaraflinu var gefinn laus taumurinn og sköpunarkrafturinn virkjaður. Nemendur áttu að

skissa upp, a.m.k. 5 hugmyndir í skissubók, velja 2 af þeim hugmyndum til að senda í nýsköpunarkeppnina.

### Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tæki og tól sem eru til umráða í smíðastofunni. Notaðar voru skartgripabækur og myndir af veraldaravefnum til að fá hugmyndir.

### Kennsluaðferðir

Námsefnið er kynnt nemendum með stuttri sýnikennslu þar sem hugmyndir þeirra um efnið var rædd. Að mestum hluta byggðist kennslan á verklegum æfingum

### Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Byggir á ástundun, frammistöðu í tímum og vinnuskýrslu. Tekið er mið af verkefnum og frágangi þeirra, vinnubrögðum, virkni/sjálfstæði og umgengni.

Námsmat var eftir lotuna þar sem færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

**A** - Nemandi hefur mjög góð tök á námsefninu og náð 85 – 100% af settum markmiðum

**B** - Nemandi hefur góð tök á námsefninu og náð 70 – 84% af settum markmiðum.

**C** - Nemandi er á réttri leið og náð 50 – 69% af settum markmiðum.

**D** - Námsárangur er ófullnægjandi. Nemandi hefur náð 0 – 49% af settum markmiðum

## SKÝRSLA Í TEXTÍLKENNARA

---

### **1.- 2. bekkur**

Kennari: Sigrún Reynisdóttir

Nemendur í 1. – 2. bekk voru alls 51 og var kennt í 4 hópum í textílmennt með 12 – 13 nemendur í hverjum hóp. Í textílmennt í 1.-2. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Samkennsla var í árgöngunum og var unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili.

Nemendur komu í lotum yfir skólaárið í 2svar í viku í 9 vikur, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu að vinna aukaverkefni.

### **Verkefni í textílmennt unnin af 1. - 2. bekk skólaárið 2009 - 2010**

Upphafsstafirnir mínir

Óskasteinn í poka

Vefa á pappaspjald

Fingraprjón

Blóm (aukaverkefni)

### **Samvinnuverkefni**

Viðfangsefni í textílmennt tengdust stundum þeim þeim sem nemendur unnu að hjá bekkjarkennara s.s.

Hafið, þæfðar öldur.

Dýrin í hálsaskógi, saumuð epli.

### **Námsgögn og námsefni**

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í textílstofu.

### **Kennsluaðferðir**

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

### **Matsaðferðir**

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Námsmat var gefið eftir hverja lotu. Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

Góð tók

Á réttri leið

Á erfitt með

### **3. – 4. bekkur**

Nemendur í 3. – 4. bekk voru alls 54 og var kennt í 5 hópum í textílmennt með 10 – 12 nemendur í hverjum hóp. Í textílmennt í 3. – 4. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla.. Samkennsla var í árgöngunum og var unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili.

Nemendur komu í lotum yfir skólaárið 3svar í viku í 7 vikur, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna meira frjálst þar sem að sköpun nemenda réð ríkjum.

### **Verkefni í textílmennt unnin af 3. – 4. bekk skólaárið 2009 - 2010**

Bangsi

Prjónuð föt á bangsann

Sæng og koddur fyrir bangsann

Nemendur voru flestir duglegir að velja sér fjölbreytt verkefni þar sem þeir lærðu eitthvað nýtt.

### **Námsgögn og námsefni**

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í textílstofu, t saumavélaæfingar af vef námsgagnastofnunar. Hannyrðir í 3. – 6. bekk, Á prjónunum, aðrar bækur sem nemendur hafa aðgang að í textílstofu og gögn frá kennara.

### **Kennsluaðferðir**

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

### **Matsaðferðir**

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Námsmat var gefið eftir hverja lotu. Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

Góð tók

Á réttri leið

Á erfitt með

### **5. – 6. bekkur**

Nemendur í 5. – 6. bekk voru alls 64 og var kennt í 5 hópum í textílmennt með 12 – 13 nemendur í hverjum hóp. Í textílmennt í 5. – 6. bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Samkennsla var í árgöngunum og var unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili.

Nemendur komu í lotum yfir skólaárið 3svar í viku í 7 vikur, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna meira frjálst þar sem að sköpun nemenda réð ríkjum.

Hver nemandi vann verkefni á sínum eigin hraða. Við val á verkefnum voru nemendur beðnir um að finna sér verkefni þar sem þeir lærðu eitthvað nýtt. Farið var fram á að þeir veldu sér verkefni við hæfi - þar sem þeir teldu að þeir bættu við sig nýrri þekkingu.

### **Verkefni í textílmennt unnin af 5. – 6. bekk skólaárið 2008 - 2009**

Ullarkembuljóð

Prjón

Andlitsmynd – ég (aukaverkefni)

Þæfður haus (aukaverkefni)

### **Samvinnuverkefni**

Viðfangsefni í textílmennt tengdist stundum þeim þemum sem nemendur unnu að hjá bekkjarkennara s.s.

Víkingaband þematengt

### **Námsgögn og námsefni**

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í textílstofunni, bókakostur skólans, s.s. listaverkabækur, prjónabækur, saumablöð og skissubækur.

### **Kennsluaðferðir**

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar

æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

### **Matsaðferðir**

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Námsmat var eftir hverja lotu. Færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

Góð tók

Á réttri leið

Á erfitt með

## 7. bekkur

Nemendur í 7. bekk voru alls 26 og var kennt í 2 hópum í textílmennt með 12 – 14 nemendur í hverjum hóp. Í listum í 7. bekk bekk var unnið eftir markmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Nemendur komu einu sinni í viku hálf t skólaárið, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefni en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna meira frjálst þar sem að sköpun nemenda réð ríkjum. Þeir sem fljótastir voru með verkefnið sitt fengu meira rými fyrir frjálsa sköpun.

### Verkefni í textílmennt unnin af 7. bekk skólaárið 2008 - 2009

Þrykk í púða

Frjálst verkefni

Önnur valverkefni hafa verið í boði fyrir þá nemendur sem hafa haft tíma s.s. þrjón, hekl, vélsaumur, útsaumur eða annað sem nemandi óskaði eftir.

### Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í textílstofu, bókakostur skólans, s.s. listaverkabækur, þrjónabækur, saumablöð og skissubækur.

### Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

### Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Námsmat var eftir önnina þar sem færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

Góð tók

Á réttri leið

Á erfitt með

## 8. – 9. bekkur val

Nemendur í 8. – 9. bekk voru með textílmennt sem valfag í lotum. Nemendur komu einu sinni í viku í 8 vikur, 11/2 – 2 klukkutíma í senn. Nemendur fengu nokkuð frjálsar hendur á vali á verkefnum og var sköpun nemenda sem réði ríkjum.

**Valgreinar sem kenndar voru:**

Fatahönnun/fatasaumur: nemendur saumuðu flíkur og fylgihluti, unnið var eftir sniðum sem nemendur bjuggu til sjálfir eða fundu í blöðum eða bókum. Afurðirnar voru mjög fjölbreyttar s.s. kjólar, peysur, pils, toppar, töskur, veski og húfur. Valinu lauk með tísusýningu nemenda.

Prjón og hekl: nemendur prjónuðu og/eða heklðu eftir uppskriftum flíkur og fylgihluti, nemendur skiluðu afurðum úr annað hvort prjóni og hekli eða bæði. Afurðirnar voru mjög fjölbreyttar s.s. Peysur, hundapeysur, barnapeysur, töskur, vettlingar, sokkar og ennisbönd.

Þæfing: nemendur lærðu nokkrar aðferðir við þæfingu og þæfðu ýmsar afurðir sem voru mjög fjölbreyttar s.s. töskur, veski, skúlpúrar, húfur og treflar.

### **Námsgögn og námsefni**

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í textílstofu, bókakostur skólans, s.s. listaverkabækur, prjónabækur, saumablöð og skissubækur.

### **Kennsluaðferðir**

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

### **Matsaðferðir**

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Tekið er mið af verkefnum, frágangi þeirra, áhuga nemanda, mætingu, sjálfstæði, sköpun, umgengni, vandvirkni og vinnusemi.

Námsmat var eftir lotuna þar sem færni nemenda var metin með eftirfarandi skala:

A - Nemandi hefur mjög góð tök á námsefninu og náð 85 – 100% af settum markmiðum

B - Nemandi hefur góð tök á námsefninu og náð 70 – 84% af settum markmiðum.

C - Nemandi er á réttri leið og náð 50 – 69% af settum markmiðum.

D - Námsárangur er ófullnægjandi. Nemandi hefur náð 0 – 49% af settum markmiðum

---

## *SKÝRSLA TÓNMENTAKENNARA*

---

### **Tími**

Í vetur var tónmennt kennd í 12 klst. og 40 mínútur. Þar af voru 2 klst. og 40 mínútur nýttar í kórstarf skólakórsins. Allir nemenda hópar fengu 1 klst. á viku. Allir nema 3. og 4. bekkur komu



saman í heilum bekkjum. Hópar 3. og 4. bekkjar komu í tónmennt sem hluta af listahringekju þar sem þremur umsjónarhópum hafði verið skipt upp í fjóra hópa. Í október fengu nemendur í 8. bekk aukið tímamagn vegna þemans um tónlist 20. aldarinnar. Var þá bætt við 100 mínútum á viku í um 5 vikur.

### **Kennslan í 1. – 2. bekk**

Viðfangsefni vetrarinnar voru eftirfarandi.

Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn. Í tengslum við uppsetningu barnanna á Kardimommubænum voru löggin æfð í tónmennt auk þess sem þau voru tekin upp og sett á heimasíðu skólans.

Taktur. Nemendur hafa spilað takta eftir nótum og hefur verið farið í ýmsa leiki þar sem unnið er með takt. Einnig hefur verið spilað á skólahljóðfæri í takt við tónlist og eftir fyrir mælum og stjórnun kennara eða samnemenda.

Spuni. Nemendur hafa spunnið á sílafóna yfir undirspil. Einnig var unnið með spuna í tengslum við spurning/svar þar sem kennari "spurði" og þau "svöruðu" með spuna á sílafóna.

Tónsköpun. Nemendur hafa samið og flutt stutt hljóðverk fyrir hljóð sem hægt er að búa til með höndunum. Hljóðverkið var skráð með óhefðbundinni nótnaskrift. Þá bjuggu nemendur til stutt hljóðverk sem áttu á túlka ákveðið veður og aðrir áttu að giska á hvaða veður verið væri að túlka.

Hljóðfæri. Í upphafi unnu verkefni þar sem hendurnar voru þeirra hljóðfæri og sömdu stutt hljóðverk í hóp og fluttu fyrir bekkinn. Nemendur hafa lært um mun á laglínuhljóðfærum og takthljóðfærum auk hljóðfæraflokkana: ásláttar-, tréblásturs-, málmblásturs- og strengjahljóðfæri. Þá hafa þeir unnið mikið með og leikið á skólahljóðfærin bæði takt- og laglínuhljóðfæri. Nemendur hafa leikið stutt hljóðverk skráð með óhefðbundinni nótnaskrift.

Hlustun. Í upphafi vetrar unnu nemendur verkefni þar sem unnið var með hljóð úr umhverfinu og hljóð sem við getum búið til með höndunum og líkómum okkar. Í því verkefni var mikið unnið með hlustun. Þá hafa nemendur hlustað á og rætt um fjölbreytta tónlist frá ýmsum tímabilum tónlistarsögunnar og unnið með þau á fjölbreyttan hátt. M.a. Hljómsveitin kynnir sig eftir Benjamin Britten, Pétur og úlfinn eftir Sergei Prokofiev og Maxa mús eftir Hallfríði Ólafsdóttur þar sem m.a. koma fyrir 5. sífónía Beethovens og Bolero eftir Ravel.

Tónfræði. Sérstaklega hefur verið unnið með eftirfarandi þætti tónfræðinnar:

styrkleika (sterkt-veikt, vaxandi-minnkandi)

langa og stutta tóna

tónhæð (háir og lágir tónar)

óhefðbundna nótnaskrift

Hreyfing. Nemendur fóru í ýmsa takt- og hreyfileiki.

### **Námsgögn**

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun.

### **Námsefni:**

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið var með námsefnið *Það var lagið*, bæði hlustunarefni og tónfræðiverkefni auk verkefna úr verkefnabók 1 fyrir tónmennt. Þá voru þýdd og staðfærð verkefni úr enska námsefninu Music Express year 1.

### **Matsaðferðir:**

Þeir þættir sem voru metnir í 1. og 2. bekk voru:

tekur virkan þátt í söng,

getur í hóp búið til stutt hljóðverk með höndunum

getur flutt í hóp frumsamið hljóðverk

getur leikið á skólahljóðfæri í takt við undirspil

þekkir nokkur hljóðfæri sinfóníuhljómsveitar

þekkir nokkur hugtök tónfræðinnar

er virk/virkur í tímum

fer eftir fyrirmælum

er áhugasamur/áhugasöm

vinnur vel í tímum

fylgist með í tímum

fer vel með hljóðfæri

Námsmat var gert með skriflegum könnunum, verklegum könnunum, videoupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda og hljóðupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda. Merkt var við hvort nemandi hafi *góð tók, sé á réttri leið eða eigi erfitt með*.

### **Kennslan í 3. – 4. bekk**

#### **Viðfangsefni vetrarinnss voru eftirfarandi.**

Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn. Í tengslum við þemað Saga mannkyns voru sungin lög frá Perú, Kína og Evrópu á miðöldum. Lögin voru æfð, tekin upp og birt á vef skólans. Í tengslum við Haldórs Laxness þema voru sungin lög við texta hans.

Taktur. Unnið hefur verið með takt og lögð áhersla á að nemendur fái tilfinningu fyrir takti og geti leikið í takt og heyrt breytingar á takti bæði taktstkipti og hraðabreytingar. Þetta hefur verið unnið með hlustun og hljóðfæraleik á takt- og laglínuhljóðfæri. Í tengslum við þemað Saga mannkyns voru leiknir taktar í tengslum við kínsverska tónlist, tónlist frá Perú og tónlist frá Evrópu miðalda. Í tengslum við þemað um Halldór Laxness var lag við texta hans útsett fyrir takthljóðfæri sem nemendur æfðu og léku. Þá léku nemendur polka takt sem undirspil fyrir spuna hvers annars.

Spuni. Nemendur hafa spunnið á sílafóna yfir undirspil og hefur spuni þeirra verið tekinn upp reglulega og framfarir metnar. M.a. spunnu nemendur yfir polka undirspil hvers annars, þeir hafa spunnið með nótum pentaton skalans og unnið með spuna í tengslum við spurning/svar þar sem kennari spann spurningu og nemandi svaraði með eigin spuna.

Tónsköpun. Unnið var með óhefðbundna nótnaskrift og í tengslum við þá vinnu sömdu nemendur eigið hljóðverk og skráðu með óhefðbundinni nótnaskrift. Verkin voru svo flutt og æfð af nemendum.

Hlustun. Nemendur hafa hlustað á og rætt um fjölbreytta tónlist frá ýmsum tímabilum tónlistarsögunnar og unnið með þau á fjölbreyttan hátt. Sérstök áhersla var lögð á tónlist W.A. Mozarts. Í tengslum við þemað Saga mannkyns var hlustað á tónlist frá Perú, Kína, og gregorískan munkasöng. Þá var hlustað á tónlist samda við texta Halldórs Laxness í tengslum við þema sem var tileinkað verkum hans.

Hljóðfæri. Nemendur hafa leikið einfaldar útsetningar af lögum á skólahljóðfæri, bæði laglínuhljóðfæri og takthljóðfæri. Í tengslum við þemað um sögu mannkyns voru kennd, æfð og tekin upp lög frá Perú, Kína og munkasöngur frá miðöldum. Einnig léku nemendur polka á skólahljóðfæri.

Tólistarsaga. Nemendur kynntust tónskáldinu Wolfgang Amadeus Mozart, lífi hans og tónlist. Í tengslum við þemað um sögu mannkyns kynntust nemendur tónlist frá ólíkum heimshlutum og á ólíkum tímum.

Tónfræði. Unnið var með:

styrkleika (piano – forte, vaxandi styrkur-minnkandi styrkur)

ritun og lestur algengustu nótnagilda

hraða (hratt – hægt)

tónhæð (háir og lágir tónar)

óhefðbundna nótnaskrift

þrískiptan og fjórskiptan takt auk taktbreytinga

tónbil (þríundir og fimmundir)

Hreyfing. Nemendur fóru í ýmsa takt- og hreyfileiki.

### **Námsgögn**

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforrit, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun. Þá voru þýdd og staðfærð verkefni úr enska námsefninu Music Express year 3.

### **Námsefni:**

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið var með námsefnið *Það var lagið*, bæði hlustunarefni og tónfræðiverkefni og tölvuforritið *Háskaleik*. Þá voru þýdd og staðfærð verkefni úr enska námsefninu Music Express year 3.

### **Matsaðferðir:**

Þeir þættir sem voru metnir í 3. og 4. bekk voru:

getur virkan þátt í söng

getur leikið einfalt stef eða takt eftir nótum

getur spunnið á tréspil og leikið í takt við undirspil

getur flutt tónlist frá framandi löndum og menningu

getur leikið fimmundir og þríundir á tréspil

getur spilað einfaldan takt í takt við undirspil

getur flutt í hóp stutt lag á skólahljóðfæri eftir nótum

getur þekki helstu lengdargildi nótna og getur lesið ær

getur hreyft sig í takt við tónlist

þekki tónskáldið Mozart og nokkur verka hans

er virk/virkur í tímum

fer eftir fyrirmælum

er áhugasamur/áhugasöm

vinnur vel í tímum

fylgist með í tímum

fer vel með hljóðfæri

Námsmat var gert með skriflegum könnunum, verklegum könnunum, videoupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda og hljóðupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda. Merkt var við hvort nemandi hafi *góð tæk, sé á réttri leið eða eigi erfitt með*.

## **Kennslan í 5. og 6. bekk**

### **Viðfangsefni vetrarinnis voru eftirfarandi.**

Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn. Einnig hafa verið sungin lög frá sem flestum heimsálfum. Í tengslum við vinnu með reggae tónlist útsettu nemendur íslenskt lag í reggae útsetningu og tóku upp eigin söng af laginu og birtu á vef skólans.

Taktur. Mikið hefur verið unnið með verið og lögð áhersla á að nemendur fái tilfinningu fyrir takti og geti leikið í takt og heyrt breytingar á takti bæði taktstkipti og hraðabreytingar. Þetta hefur verið þjálfað með hlustun og hljóðfæraleik á takt- og laglínuhljóðfæri. Unnið hefur verið með ólíka takta frá mörgum löndum. T.d. reggae, samba, rumba, takt leikinn við ástralska frumbyggja tónlist, afrískan takt og takt sem leikinn var við íslenskt þjóðlag.

Spuni. Nemendur hafa spunið á skólahljóðfæri. Spuninn hefur verið tekinn upp og notaður við mat á frammistöðu og framförum nemenda.

Sköpun. Nemendur sömdu tónlist við söguna Júlíus eftir Anne-Marie Chapouton og Jean Claverie. Tónlistin var samin æfð og tekin upp af nemendum og birt á vef skólans.

Hlustun/tónlistarsaga. Megin áhersla vetrarins var að kynna og vinna með tónlist frá ólíkum heimshlutum. Í tengslum við það hefur verið unnið með tónlist frá Laos, Kína, Ástralíu, Perú, Jamaica, Kúbu, Argentínu, Brasilíu, Keníu, Noregi (Edvard Grieg), Finnlandi (Jean Sibelius) og Færeyjum. Unnið hefur verið með fimmundasöng.

Hljóðfæri. Nemendur léku undirleik á hljóðfæri í ýmsum sönglögum og í ýmsum tónlistarstílum. Margir nemendur nýttu sér hljómsveitarherbergi skólans þar sem þeir geta fengið tíma til að æfa sig saman eða ein á hefðbundin popp/rokk hljómsveitar hljóðfæri.

Tónfræði. Í viðfangsefnum vetrarins og sérstaklega tónsköpun á hefur verið unnið með frumpætti tónlistar, s.s. tónhæð, tónlengd, hljóma, tónblæ, tónstyrk, form og túlkun. Einnig unnu nemendur verkefnahefti þar sem unnið var með lengdargildi nótna, taktboða, nótnaheiti, rithátt nótna, hraða og púls.

Tölvur. Nemendur hafa unnið með upptökuforritið Garage band og tekið upp eigin tónlist, söng og hljóðfæraleik.

### **Námsgögn**

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforritin Garage band, Live og Pro tools, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun. Þá var notað kennsluforritið Háskaleikur.

### **Námsefni:**

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara en einnig var unnið með verkefnabókina Tónmennt 4.

### **Matsaðferðir:**

Þeir þættir sem kennari mat í 5. og 6. bekk voru:

tekur virkan þátt í söng

getur leikið einfalt stef eða takt eftir nótum á skólahljóðfæri

þekkir einkenni afrískrar tónlistar

getur búið til í hóp einfalda tónlist við sögu sem túlkar ákveðna tilfinningu

getur flutt frumsamið hljóðverk í hóp

getur skráð nótnaheiti samkvæmt sol-fa kerfinu

þekkir helstu lengdargildi nótna

er virk/virkur í tímum

fer eftir fyrirmælum

er áhugasamur/áhugasöm

vinnur vel í tímum

fyglist með í tímum

fer vel með hljóðfæri

Þeir þættir sem nemendur mátu sjálfir í tengslum við Júlíusar-verkefnið:

hvernig gekk hópnum að semja tónlistina

hversu mikinn þátt tókst þú í að semja tónlistina

hvernig gekk hópnum að æfa og taka upp tónlistina

hvernig gekk þér að æfa og taka upp tónlistina

tókst hópnum að túlka tilfinninguna sem þið ætluðuð að túlka

Námsmat var gert með skriflegum könnunum, verklegum könnunum, videoupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda og hljóðupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda. Merkt var við hvort nemandi hafi *góð tæk, sé á réttri leið eða eigi erfitt með*.

## **Kennslan í 7. bekk**

### **Viðfangsefni vetrarinnis voru eftirfarandi.**

Í vetur hefur verið lögð áhersla á skapandi vinnu hjá 7. bekk. Unnin voru ýmis tónsköpunar verkefni m.a. veðratónlist, ofurhetjustef, kvikmyndatónlist og hringitón.

Unnið var með frumbætti tónlistar út frá kvikmyndatónlist og annarri sköpun nemenda og í tengslum við hana unnu nemendur með eftirfarandi þætti:

Hlustun/Tónlistarsaga. Saga kvikmyndatónlistar á 20. öld kennd. Kvikmyndatónskáldin John Williams og Hilmar Örn Hilmarsson kynnt.

Blær – tilfinning. Í tónsköpun unnu nemendur sérstaklega með þessa þætti.

Spuni. Nemendur hafa spunnið á skólahljóðfæri sem og þau hljóðfæri sem þeir sem stunda hljóðfæranám leika á. Spunnið hefur verið yfir blúsformið.

Tónsköpun. Nemendur hafa samið eigin tónlist við stuttmyndir, samið hljóðverk sem túlkar ákveðið veður, samið stef sem túlkar eiginleika ofurhetju sem þau sköpuðu sjálf og búið til hringitón þar sem unnið var með pentatónískan skala.

Tónfræði. Í viðfangsefnum nemenda var unnið með tónhæð, þagnir, tónlengd, hljóma, tónblæ, tónstyrk, form og túlkun.

Tölvur. Nemendur hafa unnið með tónlistarforritin: Garage band, Live og Pro tools. Í þeim hafa nemendur samið eigin tónlist og tekið upp.

### **Samvinnuverkefni**

Í tengslum við veðraþema á haust önn sömdu nemendur hljóðverk sem túlkuðu ákveðið veður. Í tengslum við þjóðsögubema sungu nemendur og hlustuðu á lög sem tengjast ákveðnum þjóðsögum.

### **Námsgögn**

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforritin Garage band, Live og Pro tools, fjöldi geisladiska og kvikmynda.

#### **Námsefni:**

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið var með námsefnið *Það er gaman að hlusta á kvikmyndatónlist.*

#### **Matsaðferðir:**

Þeir þættir sem voru metnir í 7. bekk voru:

tekur virkan þátt í söng

getur í hóp samið tónlist sem túlkar ákveðna tilfinningu

getur samið kaflaskipta tónlist t.d. A-A-B-A

getur beitt mismunandi styrkleika í eigin tónsmíð

getur leikið eigin tónsmíð á hljóðfæri

getur leikið á hljóðfæri undir söng (takt eða laglínuhljóðfæri)

þekkir nokkur kvikmyndatónskáld og tónlist þeirra

getur greint ákveðna stíla tónlistar í kvikmyndum

er virk/virkur í tímum

fer eftir fyrirmælum

er áhugasamur/áhugasöm

vinnur vel í tímum

fylgist með í tímum



samvinna

Námsmat var gert með skriflegum könnunum, verklegum könnunum, videoupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda og hljóðupptökum af verkum og söng nemenda auk sjáfsmats. Merkt var við hvort nemandi hafi *góð tók, sé á réttri leið eða eigi erfitt með*.

## **Kennslan í 8. bekk**

### **Viðfangsefni vetrarinnis voru eftirfarandi.**

Tónlist 20. aldarinnar var yfirskrift vetrarinnis hjá 8. bekk. Reynt var að kynna fjölbreytileika aldarinnar og leyfa nemendum að prófa sjálfir að vinna með ólíka stíla og aðferðir sem voru notaðar og þróaðar á öldinni. Unnið var með eftirfarandi þætti:

Hlustun/Tónlistarsaga. Í tengslum við aldamótin 1900 var fjallað um tónskáldin Debussy, Satie, Stravinsky og Alban Berg, tónlist þeirra kynnt og nemendur fengu að prófa að semja tónlist með þeim tónstigum sem Eric Satie notaði. Í tengslum við þemað tónlist 20. aldarinnar var unnið með Bókina Hljóðspor eftir Pétur Hafþór Jónsson og hlustun tengda henni þar sem farið er í þróun dægurtónlistar fram til 1970. Eftir þemað var kennt um pönk tónlist áttunda áratugarinnis. Undir vorið var fjallað um íslensk þjóðlög. Í því samhengi var tónskáldið Jón Leifs kynntur og verk hans.

Blær – tilfinning. Í tónsköpun unnu nemendur sérstaklega með þessa þætti.

Tónsköpun.

Nemendur sömdu í hópum stef þar þeir notuðu tónstiga Eric Satie. Í tengslum við þemað Tónlist 20. aldarinnar völdu nemendur sér einn tónlistarstíl og sömdu lag í þeim stíl, æfðu og tóku upp. Í vinnu með þjóðlög og tónlist Jóns Leifs sömdu nemendur lag í þjóðlaga stíl og útsettu í nótnaskriftarforriti fyrir fimmundasöng.

Tónfræði. Í viðfangsefnum nemenda var unnið með tónhæð, þagnir, tónlengd, hljóma, tónblær, tónstyrk, form og túlkun.

Tölvur. Nemendur hafa unnið með tónlistarforritin: Garage band og Pro tools. Í þeim hafa nemendur samið eigin tónlist og tekið upp. Einnig var unnið með nótnaskriftarforritið Sibelius.

## **Samvinnuverkefni**

Í október var unnið í samstarfi við umsjónakennara þemað Tónlist 20. aldarinnar en þar var fléttað saman þróun í dægurtónlist, tísku og menningu og þau áhrif sem samfélagsbreytingar höfðu á tónlistina og öfugt.

## **Námsgögn**

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforritin Garage band, Live og Pro tools, nótnaskriftarforritið Sibelius, fjöldi geisladiska og kvikmynda.

### **Námsefni:**

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið var með námsefnið *Hljóðspor*.

### **Matsaðferðir:**

Námsmat fór að mestu fram með könnunum og mati á tónsköpun og flutningi nemenda. Um símat var að ræða þar sem nemendur fengu matið jafn óðum og verkefni hafði verið klárað. Þá voru eftirfarandi þættir metnir að vori:

er virk/virkur í tímum

fer eftir fyrirmælum

er áhugasamur/áhugasöm

vinnur vel í tímum

fylgist með í tímum

samvinna

Merkt var við hvort nemandi hafi *góð tók, sé á réttri leið eða eigi erfitt með*.

## **STUÐNINGSPJÓNUSTA**

---

### *SKÝRSLA SÉRKENNARA*

---

Í vetur störfuðu tveir sérkennarar við skólann, Sigríður Ólafsdóttir í 80% starfshlutfalli og Bryndís Rail í 50% starfshlutfalli. Sigríður sá um og hafði eftirlit með sérkennslu í 1 -7 bekk. Bryndís sá um og hafði eftirlit með stærðfræðikennslu fyrir 5.-9. bekk. Einnig störfuðu við skólann þrír þroskaþjálfar Jóhanna Elísa Magnúsdóttir á yngri stigi í 80 % starfshlutfalli, Sigríður Gísladóttir á miðstigi í 100% stöðuhlutfalli og Fanney Valgarðsdóttir á unglíngastigi í 100 % starfshlutfalli. Sérkennslan fór fram ýmist inni á kennslusvæðum eða í sérkennslustofum og þá sem hóp- eða einstaklingskennsla. Skólasálfræðingur og talmeinafræðingur komu tvisvar í mánuði í skólann.

### **Umsóknir**

Kennarar óska skriflega eftir sérkennslu fyrir nemendur sína. Stuðst var við niðurstöður skimunar í lestri og stærðfræði, þegar sérkennslan var skipulögð. Foreldrar eru ávallt upplýstir um stöðu mála og óskað eftir samþykki þeirra ef barn þeirra á að fá sérkennslu.

Á hverju vori leggja umsjónarkennarar fram skriflega beiðni til skólustjórnenda og óska eftir sérkennslu fyrir komandi vetur.

Allir nemendur í 1-6 bekk voru lestrarprófaðir að hausti og lögð voru fyrir ýmis skimunarpróf í lestri og stærðfræði. Þegar niðurstöður prófanna lágu fyrir var tekin ákvörðun um frekari aðstoð við nemendur og sérkennslan endurskipulögð og verkefnum forgangsraðað.

### **Kennslufyrirkomulag**

Áhersluþættir sérkennslu voru grunnlestrarþjálfun, ritun, stærðfræði og svo og almenn vinnubrögð.

Haustönn hófst með því að sérkennarar lestrarprófuðu alla nemendur í 1.- 6. og hluta af nemendum í 7. bekk. Auk þess var fyrsti hlutinn af Læsi skimunarprófunum lagður fyrir yngri árgangana og Tove Krog skimunarprófið fyrir nemendur í 1. bekk. Unnið var úr niðurstöðum prófanna og kennslan endurskipulögð ef þurfa þyrfti. Logos próf var lagt fyrir ákveðna nemendur að hausti og einnig að vori.

Sérkennsla í lestri fór fram ýmist einstaklingslega eða í hóp (4 - 10 börn í hóp). Hópkennslan var tímabundin og kennt var í lotum, oftast daglega í 4 - 6 vikur í senn. Tvö hraðlestrarnámskeið voru haldin í október og febrúar, fyrir þá nemendur sem vildu bæta lestrarfærni sína og leshraða.

Einstaklingskennsla miðaði að því að byggja upp grunnfærni í lestri og stærðfræði. Margir nemendur tóku sjálfviljugir á sig auka heimavinnu til þess að bæta getu sínu og var henni fylgt eftir og þeir hvattir áfram.

Lestrar- og stærðfræðikannanir voru reglulega yfir veturinn. Ef grunur vaknaði um að námið gengi ekki sem skyldi voru gerðar ráðstafir og reynt að finna lausnir.

Einnig var lögð áhersla á að nemendur tileinkuðu sér góð vinnubrögð, Fjöldi nemenda sem fékk sérúrræði og aðstoð á skólaárinu:

1. bekk; 10 nemendur, 7 drengir og 3 stúlkur. (2 nemendur allan veturinn)
2. bekk 2 nemendur, 2 drengir
3. bekk 12 nemendur, 7 drengir og 5 stúlkur (10 nemendur allan veturinn)
- 4 .bekk 19 nemendur,14 drengir og 5 stúlkur(stór árgangur)
5. bekkur 1 drengur
6. bekkur 9 nemendur, 8 drengir og 1 stúlka
- 7.bekkur 7 nemendur 3 drengir og 4 stúlkur
- 8.bekkur 5 nemendur 4 drengir og 1 stúlka
- 9.bekkur 4 nemendur 2 drengir og 2 stúlkur

Ráðgjöf var veitt foreldrum í sambandi við nám barna þeirra ef með þurfti. Proskapjálfar aðstoðuðu þrjá nemendur sérstaklega og gátu þeir ráðfært sig við sérkennara og fengið aðstoð við val á kennslugögnum.

Á vorönn var boðið upp á hraðlestrarnámskeið fyrir nemendur í 2. – 8. bekk í 3 vikur. Hraðlestrarnámskeiðið var fyrir þá nemendur sem vildu bæta grunnfærni sína í lestri og auka leshraða sinn. Alls tóku um 40 nemendur þátt í námskeiðinu, 15 af neðra svæði og 25 af efra svæði. Gafst hraðlestrarnámskeiðið mjög vel og bættu allir lestragetu sína.

### Greiningar

Læsipróf voru lögð fyrir samkvæmt skipulagi. Læsipróf 1.1 – 1.3 var lagt fyrir í 1. bekk og Læsi 2.1 og 2.2 í öðrum bekk. Greinandi teiknipróf Tove Krogh var lagt fyrir nemendur í 1. bekk í byrjun nóvember. LH 60 og LH 40 var lagt fyrir nokkra nemendur í 3. og 4. bekk. Talmeinafræðingur lagði fyrir lesskimunarpróf Les 1 og Les 2 fyrir nemendur í 1. og 2. bekk í maí. Önnur greinandi próf sem notuð voru TOLD 2P og TOLD 2I málproskapróf. Sérkennari lagði nýja LOGOS lestrargreiningarprófið fyrir 3 drengi og 6 stúlkur á yngra stigi ( 3-4 bekkur) og fyrir 8 drengi og 4 stúlkur á eldra stigi. Unnar voru skýrslur út frá niðurstöðum prófsins og skilafundir haldnir með foreldrum og umsjónarkennara. Auk þess komu sálfræðingur, talmeinafræðingur og fleiri sérfræðingar að greiningum eftir þörfum og bentu á úrræði. GRP 14 var lagt fyrir nemendur í 9. bekk.

**Lágmarksviðmið** í raddlestri voru ákveðin að hausti og yngstu nemendum gefið tækifæri til að fara rólega af stað við upphaf lestrarnámsins. Viðmið í 1 og 2. bekk voru því höfð mjög sanngjörn og áhersla lögð á að leggja góðan grunn að lestrarnáminu.

Hraðaviðmið í raddlestri:

1. bekkur 0 - 50 atkvæði lesin á mínútu
2. bekkur 50 - 95 atkvæði lesin á mínútu
3. bekkur 95 -150 atkvæði lesin á mínútu
4. bekkur 200 atkvæði lesin á mínútu
5. bekkur 230 atkvæði lesin á mínútu
6. bekkur 250 atkvæði lesin á mínútu

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá hlutfall þeirra nemenda sem náðu settum viðmiðum Sjálandsskóla í lestri.

	1.bekkur	2.bekkur	3.bekkur	4.bekkur	5.bekkur	6.bekkur
<b>Viðmið um atkv./mín.</b>	50	50-95	95-150	150-200	200-230	230-265

<b>Hlutfall nem.</b>	88,5%	95,5%	95,5%	88,5%	88%	75%
----------------------	-------	-------	-------	-------	-----	-----

## SKÝRSLA ÞROSKAÞJÁLFA

Skólaárið 2009 – 2010 voru tveir þroskaþjálfar í 100 % starfi í Sjálandsskóla. Þeir báru ábyrgð á námi barna með sérþarfir í 5. – 6. bekk og í 8.- 9. bekk. Einnig kom þroskaþjálfari að hluta til að námi nemenda í 3. – 4. bekk.

Þroskaþjálfar útbjuggu einstaklingsáætlun og fylgdu henni eftir allt skólaárið. Markmið voru sett fyrir hvern mánuð og á tveggja mánaða fresti fór heim til nemanda námsmatsmappa með umsögn og námsmati. Nemendur gerðu sjálfsmat nokkrum sinnum yfir skólaárið og markmið í námi endurskoðuð í samræmi við líðan nemandans.

Þroskaþjálfar útbjuggu námsefni við hæfi hvers nemanda og skipulögðu kennslustundir. Þroskaþjálfar unnu náíð í teymi með umsjónarkennurum nemendanna svo og sérgreinakennurum. Einnig er náíð samstarf milli þroskaþjálfa og sérkennara. Þroskaþjálfar fylgja nemendum í kennslustundir í sérgreinatíma. Þroskaþjálfar útbúa myndrænar stundatöflur og vinna samkvæmt Teetch – kerfinu. Fjölbreyttar kennsluáðferðir voru notaðar og einnig fjölbreytt umbun og hvatning til nemanda. Auk námslegra þátta vinna þroskaþjálfar að því að efla félagsþroska nemanda, styrkja sjálfsmýnd þeirra og sjálfstæði. Til hliðsjónar í þeirri vinnu er notast við félagsfærnisögur og Cat – kassan.

Þroskaþjálfar aðlöguðu námsefni úr þeim að nemendum með sérþarfir. Ýmist voru útbúin þemu með einfaldari fyrirmælum eða námsmarkmiðum breytt og þau aðlöguð að þörfum nemanda hverju sinni.

Nemendur sem þroskaþjálfar báru ábyrgð á voru að mestu í kennslustundum með sínum bekkjarfélögum. Starf þroskaþjálfa var einnig að aðstoða aðra nemendur í bekknum. Reynt að vera til staðar fyrir alla nemendur.

Þroskaþjálfar báru ábyrgð á að útbúa og framfylgja einstaklingsnámsskrá fyrir þá nemendur, skipuleggja námið, finna og útbúa námsgögn. Einnig þarf að aðlaga þemu að þörfum nemendanna. Starf þroskaþjálfa fellst einnig í að þjálfa félagsfærni hjá nemendum, gera samskiptabækur og félagsfærnisögur til að einfalda rétthóps barna í 5-6 bekk og í unglingadeild, einnig að hluta.

Þroskaþjálfari í 5. -6. bekk var með hóp nemanda í stærðfræði og íslensku. Nemendur voru í litlum hóp og fengu markvisst einstaklingsnám. Nemendur fengu námsefni við hæfi og mikla aðstoð í

námi. Þroskaþjálfinn aðstoði nemendur sem eiga í félagslegum erfiðleikum, útbjó samskiptabækur og var með regluleg viðtöl. Einnig voru töluverð samskipti við foreldra.

Í vetur var þroskaþjálfanemi á öðru ári í vettvangsnámi í Sjálandsskóla.

Þroskaþjálfari á unglíngastigi var með hóp nemenda í 8. bekk í íslensku, og fengu þeir mikla einstaklingsmiðaða aðstoð. Einnig var þroskaþjálfari með tvo nemendur í 9. bekk í íslensku, fengu þeir námsefni við hæfi og mikla aðstoð í námi. Þroskaþjálfari aðstoðaði einn nemenda í 9. bekk við að skipuleggja heimanám og útbjó samskiptabók samhliða því.

---

### SKÝRSLA MEÐFERÐARFULLTRÚA

---

Í vetur var einn meðferðarfulltrúi starfandi við skólann í 66,6% starfi. Hún starfaði í nánu samstarfi við umsjónarkennara í 1.-4. bekk. Einkum var um að ræða stuðning við nokkra nemendur í 1. og 2. bekk. Meðferðarfulltrúi í vetur var Jóhanna Elísa Magnúsdóttir.

---

### SKÝRSLA NÁMSRÁÐGJAFÁ

---

Skólaárið 2009-2010 starfaði námsráðgjafi, Harpa Maren Sigurgeirsdóttir, í 50% starfshlutfalli við skólann. Var það í annað sinn sem skólinn bauð upp á þjónustu náms- og starfsráðgjafa. Meginhlutverk námsráðgjafa er að vinna með nemendum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum, starfsmönnum skólans, starfsfólki á fræðslu- og menningarsviði og félags- og heilbrigðissviði Garðabæjar að þáttum sem snúa að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda. Í ársskýrslu námsráðgjafa er gerð grein fyrir helstu verkefnum og áherslum í starfi náms- og starfsráðgjafa Sjálandsskóla.

#### **NÁMS - OG STARFSRÁÐGJÖF**

##### **Einstaklingsmiðuð ráðgjöf**

Einstaklingsviðtöl voru umfangsmikil í starfinu. Nemendur komu helst vegna vanda sem tengdist námi og vegna vanlíðunar og samskiptaerfiðleika. Einstaklingsmiðaða ráðgjöf má flokka í þrjá flokka.

##### **1. Ráðgjöf við náms- og starfsval**

Náms- og starfsráðgjöf miðar að því að nemendur efli og þroski þekkingu á sjálfum sér s.s. viðhorfum, áhuga, hæfileikum, getu og væntingum, námsleiðum, störfum og atvinnulífi til að auðvelda þeim ákvörðun um nám eða starf að loknum grunnskóla.

## 2. Persónuleg ráðgjöf og stuðningur

Persónuleg ráðgjöf og stuðningur er veitt nemendum, forráðamönnum og kennurum. Ráðgjöfin snýst aðallega um:

- persónuleg og einstaklingsbundin mál s.s. félags- og tilfinningalegan vanda, veikindi, sjálfstraust og sjálfsmynd.
- samskiptavanda s.s. vináttu, ágreining og einelti.
- námstengdan vanda s.s. sértæka námserfiðleika, prófkviða og námsleiða.

## 3. Ráðgjöf um vinnubrögð

Markmið fræðslu og ráðgjafar í námstækni er að nemendur kynnist hugsun, viðhorfum, námsaðferðum og námsvenjum sem rannsóknir og reynsla hafa sýnt að eru árangursríkar. Nemendur fengu m.a. aðstoð við:

- að skoða og meta eigin námsaðferðir og námsvenjur.
- fræðslu og þjálfun í minnstækni, lestri á námsefni og glósugerð.
- leiðsögn um vinnulag í einstökum námsgreinum, heimanám og upprifjun fyrir próf.

Alls komu 91 nemandi í einstaklingsviðtal til námsráðgjafa í eitt skipti eða oftar og voru nokkrir nemendur í reglulegum viðtölum allan veturinn. Af þessum 91 voru drengir 37 talsins eða 41% og stúlkur 54 eða 59%. Nemendur skiptust á eftirfarandi árganga:

Árgangur	Fjöldi	Hlutfall
1.	2	2%
2.	7	8%
3.	4	4%
4.	13	14%
5.	18	20%
6.	11	12%
7.	9	10%
8.	16	18%
9.	11	12%
<b>Samtals</b>	<b>91</b>	<b>100%</b>

## Hópráðgjöf

Námsráðgjafi bauð kennurum upp á aðstoð á heimasvæði við áætlunargerð nemenda. Námsráðgjafi fræddi nemendur í 8. og 9. bekk um námstækni. Nemendur höfðu val um fræðsluna en þrjú stutt námskeið voru í boði. Einnig voru allir kennarar hvattir til að gera tengslakönnun í sínum hópum og boðin aðstoð námsráðgjafa ef þess þurfti.

### 3.-4. Bekkur

- *Námstækni fyrir nemendur í 4. bekk á leið í samræmd próf:* nemendur komu í litlum hópum til námsráðgjafa og fengu leiðbeiningar um undirbúning fyrir samræmd próf.
- Fyrir áramót fór námsráðgjafi á heimasvæði einu sinni í viku til að aðstoða nemendur við að áætla sér verkefnavinnu í vinnustundum. Nemendur voru fljótir að tileinka sér þá vinnuaðferð.

### 5.-6. bekkur

- Tengslakönnun og könnun um líðan meðal stúlkna í 6. bekk.

### 7. bekkur

- *Námstækni fyrir samræmd próf:* nemendur komu í litlum hópum til námsráðgjafa og fengu leiðbeiningar um undirbúning fyrir samræmd próf.
- *Bekkjarmyndir:* Námsráðgjafi hélt nokkra bekkjarmyndir með stúlkum í 7. bekk.

### 8. bekkur

- Allir nemendur í 8. bekk fengu fræðslu um *góðar og slæmar námsvenjur*.
- Einnig var valkvætt um að taka þátt í einhverjum eftirtalinna námskeiða í námstækni. Sumir nemendur tóku þátt í þeim öllum.

*Að skipuleggja tíma sinn* – Nemendur læra að skipuleggja tíma sinn með tilliti til náms, einkalífs og tómstunda.

*Glósutækni* – Nemendur læra nokkrar aðferðir í glósutækni.



*Að setja sér markmið* – Nemendur læra markmiðssetningu sem nýtist í námi, tómstundum eða öðrum lífsvenjum.

## **9.bekkur**

- Valkvætt var að taka þátt í einhverjum eftirtalinna námskeiða í námstækni. Sumir nemendur tóku þátt í þeim öllum.

*Að skipuleggja tíma sinn* – Nemendur læra að skipuleggja tíma sinn með tilliti til náms, einkalífs og tómstunda.

*Glósutækni* – Nemendur læra nokkrar aðferðir í glósutækni.

*Að setja sér markmið* – Nemendur læra markmiðssetningu sem nýtist í námi, tómstundum eða öðrum lífsvenjum.

- Nemendur fengu kynningu á framhaldsskólakerfinu og þeim skólum sem bjóða upp á nám á framhaldsskólastigi.

## **ÝMIS VERKEFNI**

### **Gegn einelti í Garðabæ**

Í skólanum er starfandi eineltisteymi, sem í sitja námsráðgjafi og aðstoðarskólustjóri. Ef eineltismál koma upp hefur umsjónarkennari samband við aðila úr eineltisteyminu og unnið er eftir eineltisáætlun skólans. Námsráðgjafi hefur verið virkur í þessu vinnuferli og fylgt eftir þeim nemendum sem hafa orðið fyrir einelti.

Teymið tekur þátt í verkefninu *Gegn einelti í Garðabæ*, en það er samstarfsverkefni grunnskóla í Garðabæ. Þar mætast eineltisteymi úr Sjálandsskóla, Flataskóla, Hofstaðaskóla og Garðaskóla. Hópurinn hittist nokkrum sinnum á skólaárinu. Helstu verkefni snúa að því að samræma aðgerðir skólanna í eineltismálum. Á þessu skólaári var lögð fyrir könnun á birtingarmynd og tíðni eineltis í skólunum.

### **Forvarnir**

Námsráðgjafi sá um að skipuleggja forvarnafræðslu fyrir starfsfólk og nemendur skólans.

### **Blátt áfram**

<i>Starfsfólk</i>	Starfsfólk fékk 90 mínútna fræðslufyrirlestur um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum. Rætt var um helstu einkenni og hvernig eigi að bregðast við þegar slík mál koma upp.
<i>3.-4. bekkur</i>	Nemendur fengu að sjá brúðuleikhús <i>Krakkarnir í hverfinu</i> . Fjallað var um forvarnir gegn líkamlegu- og kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.
<i>8. bekkur</i>	Nemendur fengu fræðslu í lífsleiknitíma um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi.

### Maríta

Nemendur í 8. og 9. bekk fengu fræðslu um skaðsemi áfengis og fíkniefna frá Maríta samtökunum. Fræðslan nefnist *Hættu áður en þú byrjar*.

Einnig var haldinn fræðslufundur með foreldrum að kvöldi sama dags.

### Umferðaslysaforvarnir

Nemendur í 8. og 9. bekk fengu fræðslu um þá hættu sem getur skapast af því að vera í umferðinni bæði sem farþegi og ökumaður bifhjóla og bifreiða.

## **Önnur verkefni námsráðgjafa voru m.a.**

Fundir með foreldrum og forráðamönnum.

Fundir með umsjónarkennurum vegna einstakra nemenda.

Nemendaverndarráð: námsráðgjafi sat fundi í nemendaverndarráði á tveggja vikna fresti.

Lausnateymi: námsráðgjafi sat fundi í lausnateymi skólans á tveggja vikna fresti.

Kennarafundir: námsráðgjafi tók vikulega þátt í kennarafundum.

Samráðsfundir námsráðgjafa í Garðabæ: námsráðgjafar í Garðabæ hittast reglulega yfir veturinn og hafa samráð um fagleg vinnubrögð.

Móttaka nýrra nemenda: námsráðgjafi tók á móti öllum nýjum nemendum og hitti þá einstaklingslega.

Samræmd próf: námsráðgjafi sat yfir nemendum í samræmdum prófum.

# SKÝRSLA KENNSLURÁÐGJAFNA Í TÖLVU – OG UPPLÝSINGATÆKNI

---

Vegna veikinda kennsluráðgjafa er þessi skýrsla ekki með að þessu sinni. Aðstoðarskólastjóri sinnti brýnustu störfum kennsluráðgjafa s.s. uppfærslu á heimasíðu frá maíbyrjun til skólaloka.

## SKÝRSLA BÓKASAFNSINS

---

Nemendur sækja talsvert á safnið og eiga þar oft notalegar stundir og sýna margir mikinn áhuga á bókum og fylgjast með útkomu nýrra bóka. Andrés Önd og Syrpa eru mikið skoðuð þó ekkert nýtt hafi bættst við þar síðan í ársbyrjun 2009. Heimsmetabækurnar og Ótrúlegt en satt eru einnig mikið skoðaðar og eins hefur áhugi á Sögunni allri og Lifandi vísindum aukist.

Kennarar koma hér aðallega til að athuga með námsbækur en taka þó stöku sinnum bækur til eigin lestrar enda er smám saman að bætast við bækur um nýjungar í samskiptum og umgengni við börn með þroskafrávik.

Eintakafjöldi er nú 9.754 og fjölgaði um 1.707 eintök í vetur en í fyrra fjölgaði þeim um 1.042 eintök. Við keyptum smávegis af jólabókunum 2009 í byrjun desember en af hagkvæmni ástæðum voru aðal kaupin gerð á bókamörkuðum í febrúar en viðbótin er aðallega námsbækur.

Við höfðum í huga að auka lesefni fyrir unglिंगastigið og keyptum líka nokkrar bækur eftir Halldór Laxnes, Gunnar Gunnarsson og fleiri íslenska höfund.

Skráð útlán í vetur eru 4.626 sem er 1.713 fleiri en í fyrra og kemur það til af því að aukin áhersla var lögð á að námsbækur væru skráðar á nemendur.

Alltaf eru brögð að því að nemendur skila ekki bókum þó reynt sé að rukka inn nokkrum sinnum á vetri, en við verðum enn að herða á innheimtunni á komandi vetri.

Engir höfundar heimsóttu safnið eins og veturinn 2008 til 2009, en við tókum þátt í atkvæðagreiðslu um Bókaverðlaun barnanna og er alltaf mikil eftirspurn eftir nýju bókunum. Margir 7. bekingar sendu inn sögur í smásögukeppni Bókasafns Garðabæjar í tilefni listadaga barna- og ungmenna og komu flestar sögur í keppnina frá þeim og þrír nemendur fenug bókaverðlaun fyrir þrjár bestu sögurnar í sínum flokki.

Við höfum talsvert fengið lánað hjá hinum söfnunum í bænum, þar sem okkar safn er eðlilega minnst og vantar hér oft bækur og gögn sem til eru í hinum söfnunum, er okkur alltaf vel tekið.

Vonandi fer að rýmkast um fjárráðin hjá okkur svo hægt verði að kaupa aftur Syrpu og fá gesti til að lesa upp hérna hjá okkur.

## TÓMSTUNDAHEIMILIÐ SÆLUKOT

---

### Starfsmannamál

Í Sælukoti í vetur störfuðu 6 ráðnir starfsmenn og voru þeir allir í hlutastarfi nema umsjónarmaður. Stöðugildin í Sælukoti eru 2-4, mismunandi eftir dögum og fer eftir nemendafjölda hvern dag. Einnig voru nokkrir nemendur úr 8. og 9. bekk fengnir til starfa í tómsundaheimilinu í vetur, þau voru að safna sér peningum til að komast í ferð með skólanum. Forfallastarfsmenn voru einnig kallaðir inn nokkrum sinnum þegar starfsmenn voru veikir eða í fríi. Þetta skólaár gekk vel að ráða starfsfólk og vorum við klár með starfsmannafjölda þegar tómsundaheimilið tók til starfa.

Fastráðnir starfsmenn í vetur voru eftirfarandi:

Dagný Engilbertsdóttir september-janúar

Sigrún Helga Flygenring september - janúar

Fjóla Björnsdóttir allt skólaárið

Hafdís Helgadóttir allt skólaárið

Anna Día Erlingsdóttir

Davíð Örvar Ólafsson, umsjónarmaður, allt skólaárið

Hlutverk þeirra var almenn gæsla úti og inni og umsjón með ýmsum verkefnum t.d. hafa til nesti í kaffitíma, lesa upp nemendur, og aðstoð á völdum svæðum í daglegu starfi.

Þegar allir þessir starfsmenn voru við störf var Sælukot vel mannað alla daga og miðað við 12 nemendur á starfsmann vorum við vel mönnum meirihlutann í vetur.

Starfsvið umsjónarmanns er að hafa umsjón með öllum þáttum Sælukots, allt frá því að sjá um skráningu nemenda inn og útúr Sælukoti, öll samskipti við Garðabæ útaf greiðslum og öðru slíku, samskipti við foreldra og yfirmenn Sjálandsskóla. Hann sér um agamál, innkaup, tímamál starfsmanna og heildarskipulagningu starfsins í samvinnu við aðra starfsmenn Sælukots.

Starf leiðbeinanda felur í sér umsjón með nemendum frá því skóla lýkur og þar til þeir fara heim. Álagstími er fyrst eftir að skóla lýkur þegar nemendafjöldinn er sem mestur. Eftir að nemendur hafa safnast saman og komuskráningu er lokið fara nemendur að borða. Að því loknu velja nemendur sér svæði eða verkefni og dreifast starfsmenn á þau svæði til eftirlits og aðstoðar. Eftir því sem nemendum fækkar minnkar starfsmannaþörfin. Einn starfsmaður ber ábyrgð á að loka tómsundaheimilinu. Það felur í sér að tryggja að allir nemendur séu örugglega farnir heim,

frágangur á svæðum sé í lagi, ljós séu slökkt og nemendainngangur sé læstur. Starfsmannafjöldi má, af öryggisástæðum, ekki vera færri en tveir starfsmenn á hverjum tíma.

### **Tillögur að úrbótum.**

Það er algjört lykilatriði fyrir Sælukot að starfsmannafjöldi sé klár þegar Sælukot hefst í skólabyrjun. Þá þyrfti helst að vera sérstakur dagur fyrir starfsfólkið að hittast og leggja línurnar fyrir veturinn. Einnig þarf umsjónarmaður að halda starfsmannafundi reglulega og þá er hægt að fara yfir starfsemina, bæta og breyta í samstarfi við aðra starfsmenn í Sælukoti. Einnig væri gott að hafa farsíma í Sælukoti sem einn starfsmaður gæti haft á sér og þá er hægt að ná í starfsmenn hvar sem er, þegar við erum úti eða inná valsvæðum þarsem ekki er alltaf hægt að ná í okkur í síma.

### **Sælukot í vetur**

Rúmlega 70 krakkar komu í Sælukot í vetur, hámarksfjöldinn var 70 nemendur í sama mánuði og yfir 60 krakkar sama daginn. Aldursdreifingin er frá 1.-4. bekk, langflestir úr 1.og 2. bekk.

Ekki var um sérstaka hópamyndun eftir aldri eins og árið áður, einfaldlega vegna skorts á starfsfólki í byrjun skólaárs. Krakkarnir hópa sig saman eftir aldri en þegar leið á veturinn blandast þetta saman og engin teljandi vandamál útaf aldri.

Starfstíminn er frá því að skóla lýkur og lokar Sælukot 17.15 alla daga. Eitthvað var um að foreldrar voru sein að sækja börnin sín og kom fyrir að starfsfólk þurfti að bíða með barni til að verða 18.00 einhverja daga en þeir voru sem betur fer mjög fáir. Eftir klukkan 16.30 fer börnunum að fækka umtalsvert og því er hægt að fækka starfsfólki eftir þann tíma. Á þeim dögum sem ekki er skóli en Sælukot er opið, s.s. jólafrí, páskafrí, skipulagsdaga og vetrarfrí var ekki mikill ásókn í Sælukot. Nokkur börn voru í Sælukoti yfir dagana fram að jólum og einnig voru nokkrir í páskafríinu.

### **Viðfangsefni vetrarins**

Á hverjum degi eru ákveðin svæði í boði fyrir krakkana sem þau velja sér sjálf og er þeim síðan frjálst að skipta um svæði yfir daginn. Mælt er til að krakkarnir haldi sig á sama svæði fyrsta klukkutímann en síðan er mikið um að krakkar skipti um svæði. Krökkunum líkar þetta ákaflega vel, kerfið er einfalt, þau hafa sér nafnspjald með mynd af sér og nafni sem þau líma á ákveðin svæðisspjöld og því er auðvelt að finna hvern og einn. Eini gallinn við þetta er að krakkarnir gleyma stundum að færa nafnspjaldið sitt og þá getur tekið tíma að finna barnið þegar það er sótt eða á að fara heim. Áhersla var lögð á þetta frelsi þeirra í vetur þar sem þau koma úr miklu skipulögðu starfi úr skólanum og vilja fá að ráða sér sjálf í Sælukoti.

### **Námskeið**

Nokkur námskeið voru í boði í vetur bæði á vegum Sælukots, Alþjóðaskólanum og einkaaðila sem heimsækja okkur og eru með námskeið í skólanum.

Tækni-Lego námskeið var haldið, músíknámskeið, enskunámskeið og spænskunámskeið hjá Alþjóðaskólanum. Krakkarnir fengu einnig eftir áramót kennslu í golfi hjá Önnu Díu og var það gríðarlega vinsælt og skemmtilegt.

### **Húsnæði**

Sælukot flutti á nýjan stað í Sjálandsskóla þetta skólaárið. Við fluttum nánast alla okkar starfsemi innanhús yfir í nýja áfangann í skólanum. Þar er glæsileg aðstaða, við höfðum íþróttasali, 3 talsins til að athafna okkur í, nýja sundlaug, nýjar höfuðstöðvar á efri hæðinni og einnig matsal skólans til að borða nestið okkar í. Einnig fórum við svo í tölvurnar á tölvupallinum og í einingakubba á efri hæðinni í hinni byggingunni. Einnig er svo útisvæðið óupptalið en við fórum mikið út, sérstaklega eftir áramót og núna í vor.

### **Eftirlit**

Þar sem starfsemin í Sælukoti dreifist á mörg svæði á degi hverjum eru ekki starfsmenn á hverju svæði allan daginn, þetta hefur gengið ágætlega í vetur og er þetta hluti af því frelsi sem krakkarnir eru svo ánægðir með. Að sjálfsögðu er mesti hasarinn á íþróttasvæðinu og útisvæðinu og reynum við því að hafa sérstakar gætur á þessum svæðum yfir daginn. Fótboltastrákarnir hafa fengið sérstakt leyfi til að vera stundum einir úti en við kíkjum þá á þá með reglulegu millibili og hefur umsjónarmaðurinn einnig haft samband við foreldra þeirra útaf þessu. Best væri ef við gætum haft starfsmenn á hverju svæði en það er ekki svo og þess vegna ganga starfsmenn á milli svæða á daginn og fylgjast þannig með. Eftir áramót fækkuðum við svæðunum og reyndum því að hafa alltaf einn starfsmann á hverju svæði og gekk það mun betur en að hafa fleiri svæði en starfsmenn.

Að sjálfsögðu er lögð áhersla á að fara út með krökkunum en þá höfum við haft þá reglu að ákveðinn fjöldi verður að vera úti til að starfsmaður geti farið út með þeim. Tölvurnar eru í boði einu sinni í viku og hefur það mælst mjög vel fyrir hjá foreldrum og er þá yfirleitt umsjónarmaður með umsjón yfir tölvupallinum þann daginn. Krakkarnir hafa hlýtt þeim fyrirmælum sem fylgja tölvunotkun í skólanum og gildir það líka í Sælukoti. Mikilvægt er að kynna reglurnar fyrir krökkunum og sýna þeim hvernig tölvurnar virka.

Misjafnt er hvort krakkarnir séu sóttir eða fara heim sjálfir, oftast er það umsjónarmaðurinn sem hefur yfirumsjón með þessu á degi hverjum, athuga þarf hvort allir séu ekki mættir og ef einhver sem er skráður skilar sér ekki þá þarf að finna hann og/eða skýringuna á því hvar hann sé!

Umsjónarmaður sér um tímaskráningu til Garðabæjar og skilar inn tímum fyrirfram fyrir 20.hvers mánaðar. Þetta fyrirkomulag þarf að kynna nánar og betur fyrir foreldrum því of oft hringja foreldrar eftir þennan tíma og breyta tímafjölda eftir að greiðsluseðilinn hefur borist þeim. Við höfum verið mjög sveigjanleg og ber að geta þess að Alma hjá Garðabæ á heiður skilið fyrir frábært viðmót gagnvart öllum eftirá breytingum í Sælukoti.

Einnig þarf að kynna systkinaafslátt Garðabæjar enn betur fyrir foreldrum í Sælukoti, ef yngri systkini eru á leikskóla eiga þau rétt á afslætti í Sælukoti.

### **Agamál**

Ef upp koma agavandamál í Sælukoti hefur umsjónarmaður umsjón með eftirfylgni slíkra mála og hefur þá samband við foreldrar viðkomandi eða þá við kennara eða stjórnendur Sjálandsskóla eftir alvarleika málsins. Sælukot hefur ekki verið með sérstakt agakerfi í vetur, hins vegar geta krakkarnir lent í því að vera útilokuð frá svæðum eða látin sitja lengur í matartímum vegna endurtekinna hegðunarvandamála. Annars hafa agamál ekki verið til vandræða í vetur, krakkarnir hafa verið ljúf sem lömb og gríðarlega tillitsöm og góð við hvort annað og starfsmenn.

Eitt atriði sem þarf að brýna betur fyrir er þegar þeir sem eru komnir í 3. og 4. Bekk og eru skráð í Sælukoti en hafa hálfgerð leyfi til að fara sjálf heim eða mæta í Sælukot þegar þeim hentar, nokkrir einstaklingar virðast vera á slíkum samningi við foreldra sína og þarf að taka betur á þessum málum næsta haust.

### **Samstarf og samskipti**

Sælukot er í að sjálfsögðu í miklum samstarfi og samskiptum við Sjálandsskóla og við foreldra. Umsjónarmaður hefur góðan og greiðan aðgang að kennurum og stjórnendum Sjálandsskóla og auðvelt að bera saman bækur sínar við þá um einstaka mál og einstaklinga. Upplýsingaflæði og samskipti voru góð í vetur en alltaf má gera betur og gæti verið ágætt að setjast niður í haust og ákveða einhverjar ákveðnar reglur um samstarf meðal umsjónarkennara og umsjónarmanns Sælukots. Oft koma foreldrar einhverju á framfæri í foreldraviðtölum í sambandi við Sælukot og umsjónarmaður gæti þá komið inn í það eða fengið að koma sínum skoðunum á framfæri í þeim viðtölum.

### **Foreldrar**

Samskipti við foreldra í Sælukoti er gríðarlega stór partur af starfi umsjónarmanns, símhringingar, tölvupóstur og stutt spjall eða fundir eru nánast daglegur partur af starfinu hjá umsjónarmanni. Ekki er ákveðinn fundardagur í Sælukoti með foreldrum en spurning hvort slíkt ætti að taka upp svo að foreldrar gætu komið sínum skoðunum á framfæri. Símhringingar eru fjölmargar á hverjum degi og tekur gríðarlega mikinn tíma frá umsjónarmanni og einnig að svara tölvupósti. Það var miklu minna um þetta núna heldur en í fyrra, helsta ástæðan er kannski að símamál í Sælukoti voru í smá ólestri til að byrja með og hafði þetta það í för með sér að foreldrar hringdu minna og notuðu tölvupóstinn miklu meira til að láta vita af einhverjum óskum.

Þessar reglur settum við í haust og sendum þær heim í byrjun skólaárs til foreldra í sérstökum kynningarbækling frá okkur:

*Ef barn í Sælukoti ætlar að fá að fara heim með öðrum úr Sælukoti á að láta vita af því daginn fyrir eða áður en Sælukot hefst. Ekki verður gefið leyfi til að hringja heim samdægurs og spyrja leyfis þannig.*

*Krakkar fá ekki að hringja í foreldra nema að um neyðartilvik eða sér tilfelli sé að ræða.*

*Foreldrum er ekki leyft að hringja í Sælukot og láta senda krakkana út til að sækja. Foreldrar eiga að koma inn og sækja börnin sjálf – ALLTAF.*

*Barnið má ekki vera með síma sjálf í Sælukoti.*

*Tölvupóstur eiga að berast fyrir klukkan 14.00 til umsjónarmanns með hugsanlegum breytingum á hætti barnsins þann sama dag.*

*Fréttabréf sent heim til foreldra um dagskrá Sælukots allavega 2svar á hvorri önn. Ábyrgð Umsjónarmanns.*

*Betri upplýsingamiðlun á heimsíðu Sælukots. Ábyrgð Umsjónarmanns.*

*Tilkynningar um breytta dagvistun skal berast til umsjónarmanns fyrir 20.hvers mánaðar, annars er hættu á að breytingar gangi ekki í gegn.*

Þessar reglur voru til góða og er enn hægt að bæta við og gera betur.

## **Önnur tómsundaheimili og fleiri möguleikar**

Nánast ekkert samstarf er á milli tómsundaheimila í Garðabæ og eru þau 3 . Gaman væri að ef hægt væri að koma á einhverju sambandi þarna á milli þó ekki væri nema til að skiptast á hugmyndum og skoða starfið hjá hinum með opnum huga. Hægt væri að kíkja í heimsóknir með litla hópa eða hittast t.d. á Stjörnuvelli og vera með eitthvað sprell og gaman þar. Einnig er hægt að athuga með nærliggjandi sveitarfélög og skóla þar, t.d. Álftanes eða Hafnarfjörð.

Samstarf við eldri borgara var reynt. Við óskuðum eftir eldra fólki til að kenna og leiðbeina við hannyrðir og smíðar en enginn gaf sig fram. Núna þegar eldri borgarar eru mikið hérna í sama húsnæði og við og við ekki langt frá þeim ætti að vera möguleiki á einhverju samstarfi og um að gera að kanna það betur næsta haust.

Samstarf við Stjörnuna gæti líkað verið hentugt, ípróttaskóli eða heimsóknir þjálfara frá deildum innan Stjörnunnar í Sælukot, kynna vetrarstarfið fyrir þeim og hugsanlegt samstarf um fylgd úr skóla á æfingar og öfugt

Brúum bilið er samstarf hjá Garðabæ á milli skóla og leikskóla í Garðabæ og munum við koma enn frekar af því á næsta skólaári, hugsanlega fá krakka í heimsókn í Sælukot og við jafnvel að kíkja á þau líka. Það er gott tækifæri fyrir hugsanlega nemendur í skólanum að kynnast hvað tekur við þegar skóla lýkur á daginn kl.14.00 og sýna þeim hvað tómsundaheimilið býður uppá.



## Lokaorð

Starfið í vetur hefur gengið mjög vel þrátt fyrir nokkra byrjunarörðugleika. Við höfum haldið okkur á okkar heimavelli mest allan vetur, og gengið vel. Krakkarnir eru mjög hrifnir af frelsinu sem þau hafa til að leika sér við vini sína og við það sem þeim finnst skemmtilegast. Samskipti við skólann og foreldra hefur gengið vel og hafa fjölmargir foreldrar lýst yfir gríðarlegri ánægju með Sælukot og komið með gagnlega og uppbyggjandi gagnrýni.

Eftir áramót tókum við uppá því að leyfa krökkunum að fara í sund hérna í skólanum og var það ótrúlega gaman fyrir krakkana og voru foreldrar gríðarlega ánægðir með þessa nýjung. Ég efast um að nokkurt tómsundaheimili á höfuðborgarsvæðinu bjóði uppá þvílíkan lúxus og einkasundlaug á hverjum degi.

Það er alltaf erfitt að flytja og læra nýja hluti, það komu gríðarlega margir nýir nemendur í skólann í fyrra og öll þurftum við að læra á nýja hluti við að flytja yfir í þetta húsnæði sem Sælukot er í núna og það tók bara sinn tíma. Á næsta ári vitum við af hverju við göngum, og eru betur búinn undir starfið næsta haust. Með bættu skipulagi og góðu hugarfari er ég bjartsýnn fyrir hönd Sælukots á næsta ári. Foreldrar hafa verið duglegir að hrósa starfsfólkinu undanfarna daga og hafa ítrekað að barnið þeirra sé ánægt í Sælukoti og komi aftur á næsta ári.

Það er alltaf hægt að gera betur en síðast og er það að sjálfsögðu það sem við höfum að leiðarljósi næsta haust, að gera enn betur en síðast þannig að krökkunum líði sem allra best í Sælukoti.


---

## FYLGISKJÖL

---

### *FYLGISKJAL 1 – SKIPURIT SJÁLANDSSKÓLA*

---



*FYLGISKJAL 2 – SKÓLADAGATAL 2009-2010*

---

# Skóladagatal Sjálandsskóla

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ
1 F	1 F	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ
2 M	2 F	2 M	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F
4 Þ	4 S	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L
6 S	6 Þ	6 Þ	6 S	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M
8 Þ	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S
14 Þ	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ
16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 Þ	18 F	18 F
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M
22 Þ	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M	22 M	22 F	22 L	22 Þ
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S	23 M
24 F	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F
25 Þ	25 M	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 L	26 F
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 M	29 M	29 F	29 L	29 Þ
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L	30 Þ	30 Þ	30 F	30 S	30 M
31 M	31 M	31 L	31 F	31 F	31 S	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M

FYLGISKJAL 3 - LÆSISPRÓF Í SJÁLANDSSKÓLA 2008-2009

Árlega er lagt fyrir skimunarprófið Læsi hjá nemendum í 1. og 2.bekk. Prófin eru alltaf lögð fyrir á sama tíma hjá öllum grunnskólum Garðabæjar. Fyrsta prófið hjá 1.bekk er lagt fyrir í október, annað í febrúar og það þriðja í apríl. Hjá öðrum bekk eru tvö próf. Það fyrra er í október og það síðara í apríl. Umsjónarkennari og sérkennari sjá um fyrirlögn sem er stöðluð. Talmeinafræðingur fundar með þessum kennurum um niðurstöðurnar og kemur að ákvörðunum um framhaldið hjá neðsta hópnum. Niðurstöðurnar úr læsisprófunum skólaárið 2009-2010 eru eftirfarandi.

<b>1.bekkur</b>	<b>0-49% rétt svör</b>	<b>50-64% rétt svör</b>	<b>65-100% rétt svör</b>
<b>október</b>	13% nem	39% nem	48% nem
<b>febrúar</b>	6% nem	3% nem	91% nem
<b>apríl</b>	6% nem	3% nem	91% nem

<b>2.bekkur</b>	<b>0-49% rétt svör</b>	<b>50-64% rétt svör</b>	<b>65-100% rétt svör</b>
<b>október</b>	10% nem	20% nem	70% nem
<b>febrúar</b>	22,5% nem	22,5% nem	55 % nem

## Úrvinnsla vegna niðurstaðna

Þeir nemendur sem falla í neðsta flokkinn þ.e. ná einungis 49% eða minna réttum svörum fá sérstakan stuðning enda sterk vísbending um lestrarerfiðleika. Þeir nemendur sem í ár falla í þennan flokk fá allir sérstaka þjónustu hjá Sigríði Ólafsdóttir sérkennara. Hún leiðbeinir einnig umsjónarkennurum þessara barna. Þau börn sem lenda í flokknum 50-64% eru undir auknu eftirliti Sigríðar og umsjónarkennara. Þann hóp köllum við áhættuhóp. Markmið okkar er að sem flestir nemendur nái að hækka sig á milli prófa og hefur það gengið eftir.

2/2/2009

FYLGISKJAL 4- SAMRÆMDU PRÓFIN Í SJÁLANDSSKÓLA 2009

**4.bekkur**

33 nemendur eða allir nemendur í 4.bekk þreyttu íslenskuprófið en 32 stærðfræðiprófið. Einn nemandi var veikur þann dag. 4 nemendur fengu stuðningsúrræði við próftökuna vegna lestrarerfiðleika.

Lægsta heildareinkunnin í stæ. hjá 4.bekk var 2,5 en einn nemandi hlaut þá einkunn. Hæstu einkunnirnar voru: Einn nemandi fékk 10 og einn 9,5. Lægsta heildareinkunn í ísl. í 4.bekk var 4,0 en tveir nemendur hlutu þá einkunn. Hæsta einkunnin var 9 og var það einn nemandi sem hlaut hana. Tveir nemendur fengu 8,5.

	Lands- meðaltal	Samræmd einkunn Sjálandssk	Normaldreifð eink.		Lands- meðaltal	Samræmd einkunn Sjálandssk	Normal eink.
Heildreink. í stæ.	6,1	6,5	32,5	Heildreink. í ísl.	6,0	6,5	33,
Reikningur og aðgerðir	6,6	7,3	33	Stafsetning	4,7	5,0	31,
Rúmfræði	5,3	5,3	30	Lestur	6,6	7,2	33,

Tölur og talnaskilningur	5,4	6,0	32,8	Ritun	4,7	5,2	32,8
--------------------------	-----	-----	------	-------	-----	-----	------

## 7.bekkur

25 nemendur af 26 nemendum í 7.bekk þreyttu prófin. 1 nemandi fékk undanþágu frá próftöku vegna vægrar þroskahömlunar og kvíða. 3 nemendur fengu stuðningsúrræði

	Lands- meðaltal	Samræmd einkunn Sjúalandssk	Normaldreifð eink.		Lands- meðaltal	Samræmd einkunn Sjúalandssk	Normaldreifð eink.
Heildreink. í stæ.	6,8	6,7	27,9	Heildreink. í ísl.	6,4	6,5	31,2
Reikningur og aðgerðir	7,4	7,1	28,6	Stafsetning	6,6	5,7	26,3

við próftökuna vegna lestrarerfiðleika.

Lægsta heildareinkunnin í stæ. hjá 7.bekk var 3,0 en einn nemandi hlaut þá einkunn. Tveir nemendur voru með 9,0 en það voru hæstu einkunnirnar í stæ. Lægsta heildareinkunn í ísl. í 7 .bekk var 4,0 en einn nemandi hlaut þá einkunn. Hæsta einkunnin var 9,0 og var það einn nemandi sem hlaut hana.



Rúmfræði	5,4	5,0	29,1	Lestur	6,5	6,7	32
Tölfræði	6,5	6,3	28,6	Ritun	6,2	7,2	36,2
				Málnotkun og málfræði	5,9	6,2	31,8

### Viðbrögð við niðurstöðum

Árangur nemenda í 4.bekk var að okkar mati nokkuð góður. Í öllum námsþáttum nema einum þá er normaldreifða einkunnin yfir 30 sem er meðaltal landsins. Í einum þætti er normaldreifða einkunnin nákvæmlega 30. Í nokkrum þáttum eru þessir nemendur verulega yfir meðaltalinu.

Vel yfir meðallagi eða með normaldreifðu einkunnina 33,4 er lestur og ritun með 32,7. Í stærðfræði er þátturinn tölur og talnaskilningur 32,8.

Umsjónarkennarar hópsins, sérkennari og aðstoðarskólastjóri funduðu um niðurstöðurnar. Skoðaðar voru niðurstöður úr einstökum námsþáttum og árangur einstakra nemenda. Gerð var áætlun um að efla vinnu í einstökum námsþáttum út frá niðurstöðunum. Þeir nemendur sem náðu ekki einkunninni 5 í einhverjum námsþætti var gefin sérstakur gaumur og áætlun gerð til stuðnings þeim. Haft var samband við forráðamenn barna sem ekki náðu ásættanlegum árangri.

Í 7.bekk var árangur nemendanna misgóður. Meðalheildareinkunn í íslensku var nokkuð góð eða 31,2 í normaldreifingu. Starfsetningareinkunnin skar sig þó úr og var ekki nema 26,3. Þennan þátt verður skólinn að skoða sérstaklega. Í stærðfræði var árangurinn aðeins undir landsmeðaltali. Þeir þættir sem ekki komu nægilega vel út þar hafa verið skoðaðir sérstaklega og áætluð vinna til að skoða þá betur.

Sami háttur var hafður á hvað varðar niðurstöður einstakra nemenda og námsþátta og hjá 4.bekk. Skoðað var hvað gekk vel og hvað gekk illa og áætlun gerð byggð á þeim gögnum. Þegar skoðaðar eru framfarir frá því í 4.bekk þá eru flestir nemendur að sýna eðlilega framför. Í íslensku eru rveir nemendur sýna minni framför en almennt gerist og tveir sýna meiri framför en almennt gerist. Í íslensku er niðurstaðan verri hvað þetta

varðar en 5 nemendur sýna minni framför en almennt gerist eða litla framför. 3 nemendur sýna meiri framför en almennt gerist. Athygli vekur að þessa niðurstöðu verður að skoða með gát þar sem dæmi eru um að nemandi sem var með raðeinkunnina 99 í 4.bekk en 97 í 7.bekk flokkast með þeim sem sýna minni framfarir en almennt gerist. Okkar mat er þó að þessi nemandi sé að sýna toppárangur bæði í fjórða og sjöunda bekk.

## FYLGISKJAL 5 - SKÝRSLA SJÁLFSMATSHÓPS

Sjálfsmatsteymi var skipað á kennarafundi í október 2009. Í teyminu voru:

Bryndís Rail, sérkennari

Helgi Grímsson, skólastjóri

Ingunn Þóra Hallsdóttir, umsjónarkennari

Margrét Helgadóttir umsjónarkennari

Teymið vann eftir sjálfsmatskerfinu Gæðagreininir. Fyrsta verk hópsins var að kynna sér kerfið vel og vandlega. Miðað við sjálfsmatsáætlunina var viðfangsefni þessa skólaárs annars vegar að skoða gæði náms og hversu vel tekst að koma til móts við þarfir nemenda og á vorönn að leggja megináherslu á að skoða skólanámskrána.

1. Gæði náms- og hversu vel tekst að koma til móts við þarfir nemenda

Byrjað var á því skoða þær kannanir sem gerðar hafa verið í skólanum í ljósi þess hvað sjálfsmatskerfið krefst og gera á þeim viðeigandi breytingar.

### Foreldrakönnun

Ákveðið var að tvískipta foreldrakönnuninni. Þ.e. hluti foreldrahópsins (2., 4., 6., 8. bekkur) svaraði spurningum sem byggði á fyrri könnunum og fjölluðu almennt um starfshætti Sjálandsskóla líkt og undanfarin ár.

Hinn hluti hópsins (1., 3., 5., 7., 9. bekkur) svaraði spurningum sem lúta að gæðum náms og hversu vel tekst að koma til móts við þarfir nemenda. Til skoðunar var m.a.:

Að hve miklu leyti námið virkar hvetjandi á nemendur

Framfarir í námi

Eigin ábyrgð nemenda á náminu, sjálfstæð hugsun, virk þátttaka

Samvinna og samskipti við aðra

Val á námsmarkmiðum, námsefni og verkefnum

Námshraði m.t.t. að allir nemendur nái markmiðum við hæfi

Hvort tekið er tillit til reynslu og áhugasviðs nemenda, við val á námsefni og kennsluaðferðum

Framlag stuðningsaðila (þar sem við á)

Gæði kennslu í einstökum námsgreinum.

Tilteknar fullyrðingar voru settar fram og foreldrar svöruðu til um það hversu sammála eða ósammála þeir væru þeim.

Verkefni hæfa almennt vel þörfum og getu barnsins

Nemandinn er áhugasamur um námið og skólastarfið

Viðfangsefni og námsgögn eru fjölbreytt og gjarnan tengd samtíð, umhverfi og samfélagi

Kennsluaðferðir eru líklegar til að hjálpa barninu til að ná settum markmiðum

Viðmót kennara virkar hvetjandi á barnið og byggir upp sjálfstraust þess

Barnið fær viðeigandi stuðning (námslega og félagslega)

Barnið ber viðeigandi ábyrgð á eigin námi

Barnið vinnur í mismunandi hópum við margvíslegar aðstæður (stærð, samsetning s.s. aldur, kyn, áhugi, námsstaða).

Í seinni hluta sögðu foreldrar til um hversu ánægðir þeir væru með kennsluna í tilteknum kennslugreinum

Íslenska

Stærðfræði

Þema (m.a. samfélagsfræði, náttúrufræði, trúarbragðafræði og lífsleikni)

Heimilisfræði

Tölvu og upplýsingatækni

Íþróttir

Sund

Textílmennt

Smíði

Myndmennt

Tónmennt

Enska

Danska

Valnámskeið á unglíngastigi

Þá var ákveðið að elstu nemendur skólans og kennarar svöruðu spurningum byggðum á sambærilegum grunni.

### Kennarakönnun

Tilteknar fullyrðingar voru settar fram og kennarar svöruðu til um það hversu sammála eða ósammála þeir væru þeim.

Ég nota hrós til að hvetja nemendur og byggja upp sjálfstraust þeirra.

Ég legg áherslu á að markmið og verkefni hæfi þörfum og getu einstakra nemenda.

Ég beiti fjölbreyttum kennsluaðferðum sem eru líklegar til að hjálpa nemendum til að ná settum markmiðum.

Verkefnin sem ég vel og það skipulag sem ég starfa eftir hvetur nemendur til að skila góðri vinnu.

Námshraði hæfir getu og aðstæðum nemenda.

Kennsluskipulag mitt gerir ráð fyrir að nemendur beri viðeigandi ábyrgð á eigin námi.

Ég og samstarfsfólk mitt hagar skipulaginu þannig að nemendur vinna saman við margvíslegar aðstæður og í mismunandi hópum.

Langflestum nemendum fer fram og eðlilegur stígandi er í námi þeirra.

Stuðningsaðilar taka virkan þátt í að mæta þörfum nemenda.

Ég vek áhuga nemenda á fyrirliggjandi viðfangsefnum.

Ég hef það að leiðarljósi við val verkefna og kennsluaðferða að taka mið af reynslu nemenda og áhuga þeirra.

Viðfangsefni eru fjölbreytt og gjarnan tengd samtíð, umhverfi og samfélagi.

Í kennslu hjá mér þurfa nemendur iðulega að hugsa sjálfstætt og segja sitt álit t.d. á hugmyndum eða segja frá eigin reynslu.

Nemendur vinna vel, þótt þeir séu ekki undir nánu eftirliti.

### Nemendakönnun (5. bekkur og eldri)

Tilteknar fullyrðingar voru settar fram og nemendur svöruðu til um það hversu sammála eða ósammála þeir væru þeim.

Verkefnin í skólanum eru oftast fjölbreytt

Ég fæ oftast þá hjálp sem ég þarf

Kennararnir hrósa mér oft

Verkefnin í skólanum eru oftast mátulega erfið

Ég er ekki alltaf að vinna með sömu krökkunum í öllum verkefnum.

Ég hef eitthvað um námið að segja (fæ oft að velja eða tjá mig um námið)

Í öðrum hluta könnunarinnar var kannaður hugur nemenda til einstakra greina, annars vegar hversu vel þeim líkaði fagið og svo hversu vel þeim líkaði kennslan í viðkomandi fagi. Nemendur voru spurðir um sömu námgreinar og foreldrar.

Gæði náms og til móts við þarfir nemenda - Niðurstöður og úrvinnsla

Sérstakar skýrslu voru gerðar fyrir hverja og eina könnun. Eftir að hafa rýnt niðurstöður þeirra ákvað sjálfsmatshópurinn að úrbótaáætlun yrði gerð varðandi 7 atriði. Starfhópnum var skipt upp í 4 hópa og fékk hver hópur tiltekin atriði til úrvinnslu. Fjallað var um þessi atriði á þremur kennarafundum.

### **Upplýsingar á heimasíðu**

Skoðum heimsíðuna með gleraugum foreldra – hvaða upplýsingar vantar inn á heimasíðuna, ef við göngum út frá því að hún sé gagnabanki um skipulag og starf í Sjálandsskóla og birtingarform skólanámskrár?

### **Upplýsingastreymi umsjónarkennara um líðan**

Hvernig fylgjumst við með líðan nemenda og hvernig og hvenær miðlum við upplýsingum til foreldra ef við teljum að eitthvað bjáti á?

### **Gæði leikaðstöðu á lóð**

Hvað getum við gert til þess að auka gæði leikaðstöðu á lóð – vantar eitthvað? Er hægt að breyta skipulaginu?

### **Viðbrögð skólans við upplýst einelti**

Hvernig tilkynnum við eða foreldrar grunsemdir um einelti og hvernig vinnum við áfram með málið – þurfum við að gera þetta á formlegri hátt?

### **Heimavinna**

Ljóst er að mörgum foreldrum nemenda í 3.-7. bekk þykir sem að auka megi líttillega heimavinnu nemenda – virðist þetta viðhorf hanga saman við það að foreldrar vilja gera sér betri grein fyrir námslegri stöðu barna sinna. Hvernig getum við gert betur?

### **Vinna nemenda án eftirlits**

Hvað getum við gert til þess að nemendur haldi betur áfram vinnu þó svo að kennari þurfi að bregða sér af svæði?

### Nemendur vilja hafa meira með námið að segja

Hvernig getum við stuðlað betur að því að nemendur upplifi að þeir hafi oftast eitthvað um námið að segja? Hvað gerum við nú þegar – hvað getum við gert betur?

Upplýsingar á heimasíðu - niðurstaða

Meiri upplýsingar vantar á heimasíðuna, t.d. undir alla flipa og að einhverju leyti þarf að skilgreina betur hvaða upplýsingar eiga að vera hvar (t.d. hjúkrunarfræðingur og námsráðgjafi). Einnig þarf að klára að fylla út upplýsingar um starfsmenn. Aðalatriðið er að á heimasíðu séu allar helstu upplýsingar um skólann nærtækar og greinargóðar.

Mikið verk var unnið á vordögum í því að bæta upplýsingar á heimasíðunni – þessu verki verður haldið áfram á næsta skólaári.

Upplýsingastreymi umsjónarkennara um líðan - niðurstaða

Mikilvægt er að umsjónarkennarar taki stöðuna daglega í umsjón og vikulega á bekkjarfundum. Leggja þarf meiri áherslu á öflugt upplýsingastreymi milli umsjónkennarar, sérgreinakennara og sérkennarar ef eitthvað er sem varðar líðan nemenda. Þá er lykilatriði að tryggja gagnkvæma upplýsingastreymi milli heimilis og skóla. Það þarf að reyna að ljúka öllum málum í lok skóladags annars reynum við að hafa samband heim og láta foreldra vita af upþákomum sem verða í skólanum. Þá þarf að fylgja málum eftir t.d. ef foreldri hringir út af einhverju máli þá þarf að hafa samband heim stuttu seinna (t.d. 2 vikur) til þess að heyra hvernig mál hafa þróast. Nýta þarf Mentor í ríkara mæli og fylla þar inn þegar upp koma mál með nemendum þar sem kennarar og skólastjórnendur geta fylgst með. Allir kennarar reyni að skrá í Mentor ef upp koma atvik sem aðrir þurf að vita af. Ef kostur er á að hringja frekar en að nota tölvupóst. Mikilvægt að allir viti að það er samvinnuverkefni heimila og skóla að börnum líði vel í skólanum.

Gæði leikaðstöðu á lóð - niðurstaða

Ekki er nægjanlegt magn af leiktækjum á skólalóðinni miðað við nemendafjölda. Huga þarf að því að tvískipta útivist að morgni. Koma þarf nýju tækjunum hjá íþróttahúsinu í notkun. Þjóða þarf stundum upp á skipulagða leiki í frímínútum og fara oftast í fjöruna í frímínútum. Þá skiptir máli að hvetja nemendur til þess að koma með sitt eigið dót að heiman, t.d. bolta sippubönd o.f.l.

Viðbrögð skólans við upplýst einelti – niðurstaða

Mikilvægt er að hafa það skýrt hvenær tilkynnt hefur verið um einelti. Hafa þarf tilkynningablað um einelti eða grun um einelti á heimasíðu sem skila á til skólastjóra. Skólastjóri kemur því síðan til eineltisteymis sem vinnur að málinu samkvæmt áætlun skólans í nánu samstarfi við umsjónarkennara.

Upplýsa alla aðila sem vinna með barnið innan skólans um ástandið. Þetta er mjög mikilvægt til þess að sérgreinakennarar geti gripið inn í og fylgst með. Huga þarf vel að skráningu eineltismála. Gæta þarf að því að hafa allt skráð til þess að hægt sé að rekja allar aðgerðir og fundi aftur í tímann. Nota á Mentor til þess að skrá ýmsa atburði bæði vegna gerenda og þolenda.

Ferlið þarf að vera mjög skýrt gagnvart foreldrum. Foreldrar eiga að fá að vita hvernig ferlið er og meðan á ferlinu stendur og hvenær því lýkur. Þrep í áætluninni á að ljúka í samvinnu við foreldra og mikilvægt að umsjónarkennari sé í góðu sambandi við foreldrar á meðan ferlið er í gangi (hvernig fréttir ber barnið heim – hvernig líður því í frístundum og heima?).

Fara þarf fram fræðsla og forvarnarvinna strax að hausti og halda henni svo við allan veturinn. Þar má nefna að halda reglulega bekkjarfundi og passa að þeir eigi alltaf pláss á töflu. Fastsetja þarf heimaþing á næsta skólaári.

Heimavinna – niðurstaða

Í skólanámskrá segir:

*Skólinn er vinnustaður nemenda. Þar fá þeir nauðsynlega leiðsögn um nám og starf og almennt ríkir því jöfnuður í þeim stuðningi sem nemendur fá við nám sitt. Vinnudagur nemenda í grunnskóla er langur og mikilvægt að börn eigi rík tækifæri til þess að rækta aðra hæfileika sína eftir að vinnudegi í grunnskóla lýkur. Mikilvægt er að foreldrar styðji við nám og vinnu nemenda. Til þess að svo megi verða er mikilvægt að upplýsingastreymi sé öflugt og tiltekin verkefni leysi nemendur á heimili sínu með stuðningi foreldra.*

Í Sjálandsskóla er því lögð áhersla á að:

*Allir nemendur lesi heima í 20 mínútur á dag (í hljóði og upphátt), alla daga ársins og foreldrar lesi líka fyrir börn sín á hverjum degi, í það minnsta fyrir nemendur í 1.-4. bekk.*

*Nemendur vinna verkefni heima sem lúta að heimilisfræði og heimilishaldi, sérstaklega í svokölluðum heimilisvikum.*

*Nemendur í 1.-6. bekk vinni öðru hvoru verkefni sem tengja saman heimili og skóla. Nemendur í 8. – 10. bekk fá verkefnaskammt ef vinnudagurinn í skóla dugar ekki og eins ef þeir vilja hraða sér í námi.*

*Þar sem að skólinn leggur áherslu á einstaklingsmiðun í starfi sínu erum við boðin og búin að útbúa „heimavinnupakka“ fyrir nemendur ef áherslur foreldra og aðstæður nemenda eru þannig.*

Stuðla þarf að auknum stíganda í heimavinnu og tryggja þarf að foreldrar hafi betri tilfinningu fyrir námi í skólanum og námslegri stöðu barna sinna

## Heimalestur

Fylgja þarf betur eftir heimalestri og vinna meira með lesskilning heima í tengslum við heimalestur. Gefa þarf foreldrum leiðbeiningar um eftirfylgni heimalestrar. Umsjónarkennarar



þurfa að hafa samband heim ef ekki er lesið reglulega heima og gera meira mál úr því ef honum er ekki sinnt.

### **Önnur heimavinna 1. og 2. bekkur**

Stök verkefni tengd íslensku, stærðfræði og heimilisfræði – megináhersla á heimalestur og heimavinnu þeirra nemenda sem að beiðni foreldrar hafa fengið „heimavinnuskammt“.

### **Önnur heimavinna 3. og 4. bekkur**

Verkefni send heim hálfsmánaðarlega, íslenska og stærðfræði til skiptis í tengslum við vinnu nemenda í skólanum. Kennarar búa til námsáætlun fyrir veturinn og senda heim. Áfram boðið upp á aukna heimavinnu þeirra nemenda sem að beiðni foreldrar hafa fengið „heimavinnuskammt“. Skoðað verði hvort hægt sé að senda bækur heim reglulega yfir veturinn t.d. í tengslum við afhendingu á námsmatsmöppu.

### **Önnur heimavinna 5. til 7. bekkur**

Áætlunarvinna sé unnin í samvinnu við heimilin (foreldrar áætli með börnum sínum) þannig að nemendur áætli vinnu heima og í skóla (í þeim vikum sem það á við). Foreldrar og nemendur hafi viðmið bekkjar til hliðsjónar og áætlun vetrar. Foreldrar þá tækifæri á að fylgja betur eftir heimanámi barnsins og geta þannig betur fylgst með stöðu barns í námi. Skoðað verði hvort hægt sé að senda bækur heim reglulega yfir veturinn t.d. í tengslum við afhendingu á námsmatsmöppu.

### **Önnur heimavinna 8. til 10. bekkur**

Nú þegar er töluverð heimavinna á unglíngastigi og óþarfi að endurskoða hana að svo komnu máli.

### **Heimavinna – ýmis atriði**

Þjóða þarf á haustdögum formlega upp á aukna heimavinnu nemenda. Hafa vasa/möppu undir lestur og annað heimanám. Ekki senda heimanám eftir 1. des og 1. maí.

Vinna nemenda án eftirlits - niðurstaða

Mikilvægt er að rækta með nemendum það sjálfstæði og öryggi að þeir geti haldið áfram án þess að kennari sé stöðugt vakandi yfir þeim. Þetta atriði varðar þá nemendur sem fá leyfi til að fara

út af svæði til vinnu í aðstæðum sem þeir kjósa sér (t.d. pallur, stigi, fundarherbergi, skólasafn), þegar kennari er upptekinn við leiðsögn við aðra nemendur, þegar kennari þarf að bregða sér af svæði vegna óvæntra uppákoma eða erinda.

Þetta er best gert með þjálfun, umræðu og góðu skipulagi. Nemendur þurfa að þekkja þjargir þ.e. hvað eiga þeir að gera ef þeir eru strand (t.d. spurðu tvo – kennarann svo; kennari staðsetji sig á miðju svæði og nemendur komi til hans). Þá þurfa kennarar að láta aðra á svæðinu vita svo þeir geti litið til með nemendahópnum ef með þarf. Ef nemendur fá leyfi til að fara af svæði gæti kennari merkt við hvar þeir eru staddir í verkefni (t.d. námsbók) og skoðað hvað þeim hefur unnist í lok tímans. Þeir sem ekki nýti tímann til gagns missi réttinn á því að fara út af svæði.

Nemendur vilja hafa meira með námið að segja - niðurstaða

Þegar lagt er af stað með þema er mikilvægt að kanna forþekkingu og áhuga nemenda. Einnig er mikilvægt að nemendur vinni einstaklingsverkefni á miðstigi. Þyrfti helst að vera eitt óskapema og eitt einstaklingsverkefni á vetri. Með öflugri áætlunarvinnu er verið að auka tilfinningu nemenda fyrir því að þeir hafi eitthvað um eigið nám að segja. Þá mætti einnig byggja upp kerfi þannig að þeir sem ljúka með sóma þeim verkefnum sem hafa legið fyrir fá einhverja stund í „frjálsa vinnu“ (bundið val). Heimþing er liður í þessari umræðu, heimþing forsenda þess að nemendur hafi eitthvað um nám sitt að segja, þurfum að styrkja nemendalýðræðið í skólanum.

## 2. Skólanámskrá

Fyrir lá að gera þyrfti átak í því að færa skólanámskrá til bókar. Skólinn hefur verið í mikilli þróun á liðnum árum, mörg gögn verið samin og áætlanir gerðar. Það vantaði hins vegar talsvert upp á að búa til úr þessu heilstæða mynd. Mikil bragarbót var gerð á heimasíðunni á vormánuðum og hafði sérstakt teymi það verk með höndum.

### Lokaorð

Teymið telur að skólastarfið hafi þróast í jákvæða átt á árinu og sjálfsmatið verið liður í því. Mikilvægt er að taka upp þau atriði sem úrbótavinnan skilaði í upphafi næsta skólaárs og fastsetja næstu skref.

Hópur á vegum Menntamálaráðuneytis tók út starfshætti skólans nú á árinu. Niðurstaða hans var að sjálfsmat skólans hefi verið til þess að auka gæði skólastarfsins en sjálfsmatið væri full yfirgripsmikið – of mikið þúður væri lagt í fjölmargar spurningar um atriðið sem eru í lagi og hafa verið í lagi árum saman. Betra sé að skilgreina einhverjar 10-12 lykilspurningar sem spurt er um á hverju ári og kafað ofan í einstaka spurningu ef niðurstaða hennar er óásættanleg. Á næsta skólaári er mikilvægt að taka þessa ábendingu til alvarlegrar skoðunar.



# Gegn einelti í Garðabæ

## Samantekt

### GEGN EINELTI Í GARÐABÆ

Apríl 2010  
Starfshópur gegn einelti í Garðabæ

G E G N E I N E L T I Í G A R Ð A B Æ

SAMANTEKT

Inngangur

Könnun þessi á líðan nemenda í Garðabæ var unnin á vegum stýrihóps í verkefninu „Gegn einelti í Garðabæ“.

Framkvæmd könnunarinnar var í stórum dráttum:

- Könnunin var lögð fyrir alla nemendur í 4.-10. bekk í grunnskólum Garðabæjar í nóvember/desember 2009.
- Við könnunina var notað forritið Survey Console.
- Hver skóli skipulagði könnunina hjá sér eftir aðstæðum.
- Hver skóli vann úr sínum niðurstöðum.
- Stýrihópurinn tók saman heildarniðurstöður.

Helstu niðurstöður úr könnuninni koma fram hér í þessari skýrslu.

Garðabæ 27.apríl 2010

Ólöf S. Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri Sjálandsskóla

Harpa Maren Sigurgeirsdóttir, námsráðgjafi Sjálandsskóla

M. Elín Guðmundsdóttir, deildarstjóri Flataskóla

Ásta Bára Jónsdóttir, námsráðgjafi Flataskóla

Ásta Gunnarsdóttir, námsráðgjafi Garðaskóla

Auður Sigurðardóttir, námsráðgjafi Garðaskóla

Helga María Ólafsdóttir, deildarstjóri Garðaskóla

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir, deildarstjóri Hofsstaðaskóla

Kristrún Sigurðardóttir, deildarstjóri Hofsstaðaskóla

Elva Björk Ágústsdóttir, námsráðgjafi Hofsstaðaskóla



#### Aðdragandi verkefnisins

Verkefnið „Gegn einelti í Garðabæ“ hefur verið í gangi frá árinu 2002. Meginmarkmið verkefnisins er heilstæð fræðsluáætlun sem snýr að forvörnum og viðbrögðum gegn einelti meðal grunnskólabarna í Garðabæ.

Árið 2003 var lögð fyrir könnun á umfangi eineltis í Grunnskólum Garðabæjar. Námsmatsstofnun sá um framkvæmd og úrvinnslu rannsóknarinnar. Sama könnun var lögð fyrir ári síðar. Skólarnir hafa síðan þá gert kannanir á eigin vegum, til að fá upplýsingar um líðan nemenda. Þær upplýsingar hafa þó einungis verið notaðar og kynntar í hverjum skóla fyrir sig.

Á fundi stýrihóps verkefnisins „Gegn einelti í Garðabæ“ vorið 2009 var ákveðið að leggja könnun fyrir alla nemendur í 4.-10 bekk í grunnskólum Garðabæjar um einelti og líðan. Markmiðið var að fá áreiðanlega niðurstöðu á umfangi og eðli eineltis og stríðni í skólunum. Ennfremur að skólarnir fái stöðumat þessara mála hjá sér og geti þannig sett sér árangursmarkmið út frá stöðumatinu. Könnunin var rafræn og unnin í spurningaforritinu Survey Console. Kennsluráðgjafar í tölvu- og upplýsingatækni aðstoðuðu stýrihópin við gerð listans svo og framkvæmd. Könnunin byggir á lista sem lagður var fyrir í upphafi verkefnisins 2003 en valdar voru úr 13 meginspurningar sem okkur fannst helst gefa vísbendingar um einelti og stríðni. Nemendur voru spurðir um líðan frá skólabyrjun haustið 2009.

Hver skóli sá um framkvæmd könnunarinnar, þannig að allir nemendur 4.-10. bekkja svöruðu spurningum könnunarinnar í tölvum í heimaskóla sínum. Settar voru inn bakgrunnsbreytur í könnunina, þannig að hægt væri að skoða skiptingu svara bæði eftir kyni nemenda og eftir aldri. Úrvinnsla könnunarinnar var í höndum stýrihópsins og miðaðist við að fá fram heildarniðurstöður fyrir alla skólana í Garðabæ. Hver skóli hefur aðgang að niðurstöðum úr sínum skóla til samanburðar.

#### Niðurstöður

938 nemendur tóku þátt eða 95,7% af öllum nemendum í 4.-10.bekk í grunnskólum Garðabæjar á haustönn 2009. 497 stúlkur svöruðu könnuninni og 441 piltur. Skekkjumörk ættu að vera nokkuð þröng.

Í könnuninni var spurt um fjölmarga þætti sem snúa að líðan nemendanna s.s. einelti, líðan almennt, þátttöku í slagsmálum og annarri andfélagslegri hegðun. Einnig var spurt um hvar nemendur væru helst lagðir í einelti og hvaða hópar væru líklegastir til að leggja aðra í einelti.

Hér á eftir er samantekt á helstu niðurstöðum úr nokkrum meginspurningum könnunarinnar. Þess ber að geta að niðurstöður spurninganna voru í sumum tilfellum ólíkar eftir skólum.

Þegar nemendur eru spurðir um þátttöku í slagsmálum kemur fram að 63,6 % nemenda hefur aldrei lent í slagsmálum. 11,2 % nemenda hefur aftur á móti lent 3-4 sinnum eða oftár í slagsmálum.


Einnig er spurt um hvort nemendur hafi verið beittir líkamlegu eða andlegu ofbeldi. Langflestir eða 72 % hafa ekki verið beittir ofbeldi á þessu tímabili. 8,27% hafa aftur á móti verið beittir ofbeldi oftár en 4 sinnum.

3,3% nemenda eða 33 nemendur eru oft hræddir við suma krakka í skólanum. Þetta er hópur sem skólarnir verða að sinna með viðeigandi hætti. Ljóst er að mikil vanlíðan fylgir því að vera hræddur við skólafélaga sína og þarf að styrkja þessa nemendur. Einnig þurfa þeir nemendur sem sýna ógnvekjandi hegðun á aðstoð og stuðningi að halda. Tæplega 33% nemenda hefur einhvern tíma á tímabilinu verið skilinn útundan. Í flestum tilvikum er þó um að ræða 1-2 skipti eða 21 %. Einnig er spurt um rafræn samskipti og kemur í ljós að nær eingöngu er andfélagsleg hegðun viðhöfð á Facebook og á Msn þegar um rafræna miðla er að ræða. Þeir sem höfðu orðið fyrir því að einhver hafði sært þá eða látið líða illa á Facebook voru 7,9% og á Msn 10%.

Spurt var um hvaða staðir það væru sem helst væri strítt á. Þar kemur fram að flestir verða fyrir stríðni í frímínútum eða um 9,8% nemenda. Um aðra staði má sjá í meðfylgjandi töflu.



## Hvar er nemendum helst strítt?



Þá er komið að spurningum um hverjir standa fyrir stríðninni?

Í yfirgnæfandi meirihluta er um að ræða drengi sem eru jafngamlir eða eldri en sá sem verður fyrir stríðninni.

Í könnuninni var birt eftirfarandi skilgreining á einelti:

***Einelti er endurtekið ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, þar sem einn eða fleiri níðast á einum sem á erfitt með að verja sig.***


Í framhaldi er spurt um einelti. 81% nemenda segjast aldrei hafa verið lagðir í einelti á þessu skólaári en 4,6% eða 45 nemendur segjast vera lagðir í einelti nokkrum sinnum. Nokkur munur var á tíðni eineltis eftir aldri og skólum. Einelti er algengast í 4. og 5. bekk en minnst í 8. og 9. bekk.

Þegar þessar niðurstöður eru skoðaðar með tilliti til kynja má sjá að 88% stúlkna hefur aldrei orðið fyrir einelti á þessu skólaári á meðan 82,9% pilta hefur aldrei orðið fyrir einelti.

Þegar nemendur eru spurðir hvort þeir hafi tekið þátt í að leggja aðra í einelti á þessu skólaári kemur fram að 93,4% segjast aldrei hafa tekið þátt og 0,8% nokkrum sinnum í viku. 0,6% segist leggja daglega í einelti.

Að lokum er spurt um hvert nemendurnir leita ef þeim líður illa. Í meðfylgjandi töflu má sjá hvert þeir leita.

## Við hverja talar þú ef þér líður illa?



### Lokaorð

Í lýsingu á aðdraganda verkefnisins er rætt um að fá áreiðanlega niðurstöðu á umfangi og eðli eineltis og stríðni í skólunum. Einnig var stefnt að því að skólarnir fái mælanleg og samanburðarhæf viðmið. Við teljum að skólarnir séu nú komnir með nokkuð samanburðarhæf viðmið og skýra mynd af stöðunni í skólunum. 4,6% nemenda segjast verða fyrir einelti í skólanum nokkrum sinnum. Þetta er of stór hópur sem skólarnir þurfa nú að einbeita sér frekar að. Ennfremur þarf að velta því fyrir sér hvers vegna svo fáir segjast leggja í einelti en aðeins 1,4% nemenda segist leggja í einelti. Skýringum á þessu misræmi þarf að leita.

Það má einkum nefna tvennt sem kom fram í könnuninni sem við teljum að væri ástæða til að skoða nánar. Annars vegar er það tæpast ásættanlegt að í miklum meirihluta virðast drengir frekar verða fyrir stríðni og einelti en stúlkur. Hitt atriðið snýr að þeirri

spurningu þegar spurt er hvert nemendurnir leita þegar þeim líður illa. Við teljum að of fáir leiti til umsjónarkennara sinna eða um 10,7%. Þarna er ástæða til að velta fyrir sér leiðum þannig að nemendur upplifi meiri stuðning af hálfu þess starfsmanns sem þeir eru í mestum samskiptum við.

Við framkvæmd verkefnisins komu í ljós nokkrir annmarkar bæði á könnuninni og við úrvinnsluna. Í einhverjum tilvikum virtist gæta misskilnings í svarmöguleikum og einhverjar spurningar voru ekki nægilega skýrt orðaðar.

Vinnan við að velja spurningar og setja saman könnunina og úrvinnslan að henni lokinni tók mikinn tíma og telja fulltrúar í starfshópnum að setja verði sérstaka aðila í framkvæmd á könnun sem þessari.

FYLGISKJAL 7 - FRÉTTADAGBÓK AF HEIMASÍÐU

09. júní 2010

SKÓLASLIT

Skólaslit í Sjálandsskóla verða sem hér segir fimmtudaginn 10.júní nk. :... [\[ nánar \]](#)

09. júní 2010

INNILEGAN

Þá er hinni árlegu innilegu lokið og gekk hún mjög vel. Mánudagurinn byrjaði á gönguferðum en flestir gengu að þessu sinni á Helgafell. Aðrir fóru í Valaból og enn aðrir hófu ferðina í Heiðmörk ... [\[ nánar \]](#)

02. júní 2010

ÍPRÓTTADAGUR

Í dag var íþróttadagur í Sjálandsskóla. Allir nemendur tóku þátt í hinum ýmsu íþróttagreinum. Meðal annars syntu nokkrar hetjur sjósund ... [\[ nánar \]](#)



26. maí 2010

HJÓL OG SÓL

Það var líf og fjör hjá nemendum í 7.bekk í gær er þau hjóluðu í Elliðaárdalinn. Veðrið var yndislegt og krakkarnir nýttu tækifærið og stukku úti ána. Hressir og hraustir krakkar hér á ferð. ... [\[ nánar \]](#)



25. maí 2010

ÁRSHÁTÍÐ 7. BEKKINGA

Nemendur í 7. bekk héldu árshátíð í sal Sjálandsskóla. Þema kvöldsins var „gala“ og það mættu allir í sínu fínasta þússi. Foreldrar hennar Hrefnu elduðu fyrir bekkinn. Þau fengu kjúklingaspjót og rjómapasta. Í eftirrétt fengu þau heita súkkulaðiköku og ís. Eftir matinn var ... [\[ nánar \]](#)

17. maí 2010

### RAPP Í 5.-6. BEKK - HLUSTIÐ!

Í apríl voru nemendur í 5.-6. bekk í þema um upphaf Íslandsbyggðar og var þá unnið með kvæði og hlustað á kvæðasöng í tónmennt. Kvæðasöngurinn var svo borinn saman við rapp tónlist nútímans. Í framhaldi af því völdu bekkirnir sér svo ljóð úr námsbókunum Blákápu og Rauðkápu til að rappa. Þeir völdu sér takta ... [\[nánar\]](#)



12. maí 2010

### REYKJANESIÐ

Nemendur í 3.-4. bekk eru í þema um Ísland og eru að lesa bók um landnemana. Af því tilefni var farið í heimsókn á Reykjanesið og skoðuðu Skessuhelli og borðuðu nestið þar. Síðan var hópnum skipt upp á tvo staði. Annar hópurinn fór fyrst í Víkingaheima ... [\[nánar\]](#)



10. maí 2010

### TRÚARGJÖRNINGUR 5.-7. BEKKUR

Nemendur í 5. 6. og 7. bekk hafa verið að vinna saman í þema um trúarbrögð ólíkra þjóða. Kristni, hindú, búddismi og íslam hafa verið til umfjöllunar. Nemendur stilltu sér upp í nokkra hringi. Innst var Faðir vor túlkað með hreyfingum og tali. Næst var Búddatrú þar sem hópurinn kyrjaði möntruna Nam mjóhó renge kjó. Þá ... [\[nánar\]](#)



07. maí 2010

### 150 HJÓL Á SKÓLALÓÐINNI

Nemendur og starfsfólk Sjálandsskóla taka þátt í verkefninu Hjólað í vinnuna. Nú má sjá yfir 150 reiðhjóla á skólalóðinni.... [\[nánar\]](#)



07. maí 2010

#### UNICEF HLAUPIÐ

Í dag fór fram Unicef hlaupið. Nemendur í öllum árgöngum hlupu til styrktar börnum í öðrum heimshlutum. Eins og sjá má á myndunum voru duglegir krakkar á ferð.... [[nánar](#)]



06. maí 2010

#### KASSABÍLAKEPPNI

Nemendur í 5.-6. bekk bjuggu til kassabíl í tengslum við listadaga í Garðabæ. Byrjað var á að bjóða þeim sem vildu að taka þátt í að hanna kassabíl. Síðan teiknuðu allir hópar sínar hugmyndir á blað að skiluðu skissu. Þrír bílar voru valdir í framleiðslu og sáu 6-8 nemendur í 5.og 6. bekk um að smíða hvern bíl ... [[nánar](#)]



05. maí 2010

#### HLJÓÐFÆRI

Nemendur í 3.-4. bekk bjuggu til sín eigin hljóðfæri. Hljóðfærin voru hristur, svipur, tamporínur. Allt efni sem nemendur notuðu var til hér í skólanum og margt sem var „rusl“ . Í morgunsöng fluttu nemendur síðan lag undir stjórn Ólafs tónmenntakennara. Sjá myndir hér.... [[nánar](#)]



05. maí 2010

#### AFRAKSTUR LISTADAGA

Allir að skoða fallegu fuglana sem nemendur í 1.-2. bekk hafa málað á steina við göngustíginn. Krakkarnir eru í þemanu plöntur og dýr. Þau völdu sér fugl með stuðningi bóka og fuglavefsins,

síðan öfluðu þau sér heimilda um fuglinn og teiknuðu á blað. Síðan var farið út við göngustíginn við fjöruna og nemendur völdu sér stein ... [\[ nánar \]](#)



30. apríl 2010

### LJÓÐALESTUR Í FJÖRUNNI

Nemendur í 3.-4. bekk fluttu frumsamin ljóð um Ísland í fjörunni við Sjálandsskóla á miðvikudaginn. Ljóðalesturinn var í tilefni af listadögum og þemanu sem nemendur eru í um Ísland. Ljóðin voru samin úti hrauni á góðum degi, myndskreytt heima í skóla og hengd upp... [\[ nánar \]](#)



28. apríl 2010

### ÁFRAM VEGINN

Út er komin skýrsla með niðurstöðum foreldrakönnunar. Almennt má álykta sem svo að foreldrar séu mjög sáttir við starfið í Sjálandsskóla. Starfshópurinn fær góðan vitnisburð og er ljóst að foreldrar álíta að í Sjálandsskóla starfi afar hæft starfsfólk sem leggur alúð í starf sitt og samskipti sín við nemendur og foreldra. Það hefur tekist að byggja upp jákvæðan og hvetjandi skólabrag. Foreldrar taka það skýrt fram hvað börnum þeirra líður að öllu jöfnu vel í skólanum. ... [\[ nánar \]](#)



27. apríl 2010

### GRAFFÍTI OG VINDHÖRPUR

Í dag voru nemendur í 7. bekk með gjörning út í móa. Þau unnu graffítí verk útfra þemanu skólinn minn og bærinn minn. Þá höfðu nemendur einnig útbúið vindhörpur sem hanga úti stauraskógi. Markmiðið með þessu verkefni var að allir myndu skapa listaverk og tókst það frábærlega vel. ... [\[ nánar \]](#)

27. apríl 2010

### KVIKMYNDATÓNLIST

Krakkarnir í 7. bekk hafa verið að semja tónlist við stuttmyndir í mars og apríl í tónmennt hjá Ólafi Schram. Þau notuðu búta úr myndum sem fylgdu með nótnaskriftarforritinu Sibelius sem skólinn á. Hlustið nú:... [ [nánar](#) ]



26. apríl 2010

### Í BARNASTÆRÐUM

Nemendur í 1. og 2. bekk fóru s.l. föstudag á sýningu í Hafnarborg í Hafnarfirði. Þetta var sýningin „Í barnastærðum – íslensk og alþjóðleg hönnun fyrir börn“ Þar fengu nemendur að kynna leikföngum og húsgögnum sem sérstaklega eru hönnuð fyrir börn. ... [ [nánar](#) ]



24. apríl 2010

### GAMAN Í STÆRÐFRÆÐI

S.l. 2 vikur hafa nemendur í 1.-4. bekk og lítill hópur í 5.-6. bekk fengið aðgang að erlendu stærðfræðinámsefni á netinu. Sjá <http://www.mathletics.com> Hér er um að ræða fjölbreytt námsefni sem snertir öll svið stærðfræðinnar svo og þjálfunarleik þar sem nemendur keppa í rauntíma við jafnaldra út um allan heim. Þá er innbyggt í þetta mjög öflug skráning þannig að kennari getur fylgst ítarlega ... [ [nánar](#) ]



23. apríl 2010

### HREINSUN Í NÁGRENNI SKÓLANS

Í dag hafa allir nemendur skólans tekið þátt í hreinsunarátaki á skólalóð og nágrenni skólans. Hópunum var skipt um og voru yngstu nemendurnir á skólalóðinni, 3.-4. bekkur tók fjöruna, 5.-6. bekkur lækinn og sjávarsíðuna fyrir neðan Löngulínu, 7. bekkur ilströndina og 8.-9. bekkur göngustíga ... [ [nánar](#) ]

20. apríl 2010



### FÓTBOLTI FYRIR ALLA

Íþróttæfingar fyrir börn með sérþarfir hefjast á laugardaginn í íþróttahúsinu Ásgarði kl. 11:00. Æfingarnar eru ætlaðar börnum sem vegna þroskafrávika og/eða fötlunar geta ekki nýtt sér hefðbundiðstarf á vegum barna- og unglिंगadeilda íþróttafélaganna. Ábyrgðarmaður þessa verkefnis, sem er styrkt af Velferðarsjóði barna, er Ýr Sigurðardóttir barnalæknir. Sjá auglýsingu hér. ... [\[ nánar \]](#)



19. apríl 2010

### MORGUNSÖNGUR OG DANS

Skóladagurinn hefst ávallt með morgunsöng á sal. Þangað koma nemendur ásamt kennurum sínum og syngja saman tvö lög. Í morgun sungu þau Sá ég spóa í fjórföldum keðjusöng og var það glæsilega gert hjá þeim. Síðan komu þær Kristín María og Aníta Ólöf nemendur í 3.-4. bekk og sýndu okkur flott dansatriði, takk fyrir það stelpur. Sjáið myndirnar hérna. ... [\[ nánar \]](#)



16. apríl 2010

### SÆLA Í SÆLUKOTI

Það var nóg að gera hjá krökkunum í Sælukoti í dag og eins og alltaf voru nokkur valsvæði í boði fyrir þau. Úti var hellirigning og því vorum við inni í dag. Þau gátu valið úr 4 svæðum fyrir kaffi, Hafdís fór með 12 stykki í að baka pizzusnúða og gekk það alveg glimrandi vel og gómsætir snúðar komu útúr ofnunum skömmu síðar. Í danssalnum á efri hæðinni ... [\[ nánar \]](#)

13. apríl 2010

### VEÐRAVERK

Í byrjun ársins var veðrapema hjá 7. bekk. Þá sömdu nemendur í tónmennt tónverk sem túlkar ákveðin veður. Verkin eru tvö og eru þau hvert um sig í tveimur köflum, A og B. Verkin voru samín og æfð í 12 - 13 manna hópum en svo var hvert hljóðfæri tekið upp sér til að fá sem best hljómgæði. ... [\[ nánar \]](#)



26. mars 2010

#### 5.-6. BEKKUR Í GERÐARSAFN

Nemendur fóru á Gerðarsafn í tveimur hópum að sjá tvær sýningar. Annars vegar sáu þeir ljósmyndasýningu Blaðaljósmyndafélags Íslands og hins vegar sáu þeir sýninguna Náttúra er vörumerki. Hvoru tveggja þessara sýninga vöktu mikla lukku hjá nemendum. Þeir fengu leiðsögn og umræður sköpuðust ... [\[ nánar \]](#)



28. mars 2010

#### ÍPRÓTTIR 1.-2. BEKKUR

Fyrsti og annar bekkur átti að segja sína uppáhaldsleiki og hvað þeim finnst gaman að gera í íþróttum. Þar kom m.a. í ljós að þeim finnst gaman í fótbolta, handbolta, skotbolta, Krókódíll krókódíll, Kýló, tröllin í fjöllum, Tarzan... [\[ nánar \]](#)



27. mars 2010

#### 7. BEKKUR SUND

Í síðasta sundtíma fyrir páska fóru nemendur í púslboðsund. Hver hópur safnar 12 púslum púslar þau og fer eftir fyrirmælunum á púsluspilunum sem eru m.a. gefðu fimm nemendum fimmu, óskaðu fimm nemendum gleðilegra páska, hrósaðu fimm nemendum o.s.frv. Til að fá púsl þurfa nemendur að synda yfir laugina hífa sig upp á bakkann og velja eitt púsl (sem ... [\[ nánar \]](#))



05. apríl 2010

#### VERÐLAUNASÆTI Í STÆRÐFRÆÐIKEPPNI

Hin árlega stærðfræðikeppni FG var haldin fyrr í mánuðinum og fóru 4 nemendur úr Sjálandsskóla til að taka þátt í keppninni. Bjarki Páll Hafþórsson nemandi í 8. bekk lenti í 2.-3. sæti í sínum aldursflokki og Gunnar Húni í 9. bekk hreppti 1. sæti í sínum aldursflokki. Framúrskarandi ... [\[ nánar \]](#)



25. mars 2010

### FATAHÖNNUN - TÍSKUSÝNING

Fatahönnun er val hjá nemendum í 8. – 9. bekk. Í vikunni sýndu nokkrir nemendur afrakstur sinn eftir námskeið í fatahönnun. Stelpurnar hönnuðu sjálfar flíkurnar og/eða fylgihluti, töscur og veski. Þær sem að sýna fötin eru ekki endilega í fötum sem að þær saumuðu. ... [\[ nánar \]](#)

24. mars 2010

### SUND 5.-6. BEKKUR

Það var stöðvaþjálfun í sundtíma hjá 56 bekk. Stöðvarnar voru fimm, skriðsund með hönskum, baksund með ugga, þrjú bringusundstök og svo kollhnýs í vatninu nemendur máttu vera með nefklemmur svo vatnið færi ekki upp í nefið. Einnig var köfun eftir klemmum og stunga. ... [\[ nánar \]](#)



25. mars 2010

### SUND 8.-9.BEKKUR

Nemendur komu í fötum í sund. Þau fengu að æfa sig í því að synda í fötum, kafa eftir hlut, synda að manneskju og synda með hana 12,5 meter að bakkanum. Þeim fannst þetta taka mikið á og er gott og gaman fyrir þau að prófa þetta. Það sem eftir var tímans fóru nemendur í leiki í fötunum auðvitað :-)... [\[ nánar \]](#)



24. mars 2010

### HRAFNHILDUR OG ERLÉN ANNA SIGRÁ

Stóra upplestrarkeppnin var haldið í gær í Félagshemili Seltjarnarness. 11 keppendur frá Sjúlandsskóla, Flataskóla, Hofstaðaskóla og Valhúsaskóla Seltjarnarnesi kepptu til úrslita í Stóru upplestrarkeppninni í Félagshemili Seltjarnarness í gær. Það voru nemendur Sjúlandsskóla þær Hrafnhildur og Erlen Anna sem hrepptu fyrstu tvö sætin,... [\[ nánar \]](#)



24. mars 2010

#### JAKOB HELGI SIGURVEGARI

Unglingameistaramót Íslands á skíðum var haldið á Siglufirði dagana 20.-21. mars. Jakob Helgi Bjarnason úr Sjúlandsskóla sigraði þar í flokki 13-14 ára með nokkrum yfirburðum í öllum greinum þ.e. svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni. Auk þess tryggði Jakob sér bikarmeistaratitilinn með fullu húsi stiga en sá titill er stigakeppni úr öllum bikarmótum vetrarins.... [\[ nánar \]](#)



23. mars 2010

#### AFI Í HEIMSÓKN

Helgi Halldórsson afi Helga Hrafn í 2. bekk kom í heimsókn í tilefni af lestrarátakinu. Hann sagði börnunum sögur og fræddi þau um bókagerð. Í lokin gaf hann skólanum tvö eintök af bókum sem hann hefur gefið út. Við færum þeim nöfnum bestu þakkir fyrir. ... [\[ nánar \]](#)



19. mars 2010

#### AÐ LESA LIST ER GÓÐ

Lestur hefur skipað stóran sess þessa vikuna. Nemendur og starfsmenn hafa byrjað skóladaginn eftir morgunsöng með lestri. Allir lesa í 15 mínútur áður en farið er í önnur verkefni. Það hefur verið róleg og notaleg stemming í skólanum og áhugasamir nemendur lesið og lesið. Gögn er varða hvaða bækur nemendur lesa og hve mikið er safnað á glervegginn við bókasafnið. ... [\[ nánar \]](#)



17. mars 2010

### FRÆÐSLUFUNDUR F. FORELDRA - GERUM BETUR

Fræðslufundur fyrir foreldra verður haldinn fimmtudaginn 18. mars í sal Hofsstaðaskóla kl. 19:30-22:00. Nýlegar rannsóknir sýna að of mörgum börnum líður ekki vel í skólanum. Við þurfum að kynna okkur málið og reyna að gera betur... [\[ nánar \]](#)



15. mars 2010

### LESTRARDAGAR 16.-22. MARS

Kennarar í Sjálandsskóla hafa af því nokkrar áhyggjur að yndislestur barna og unglinga fari minnkandi, enda sýna kannanir að svo sé, og skera íslensk börn sig úr hópi jafnaldra sinna á Norðurlöndum að þessu leyti. Kennarar og starfslið skólans halda sannarlega uppi stöðugum áróðri fyrir bóklestri, en nú viljum við gera sérstakt áhlaup á þennan vanda, og blása til sérstakra lestrardaga 16.-22.mars. Gengur átakið þannig fyrir sig ... [\[ nánar \]](#)



12. mars 2010

### HLJÓMSVEITARVINNA

Nokkrar hljómsveitir hafa verið við störf í tónmenntastofunni eftir að skóla lýkur. Þeir félagar Sólon, Siggí, Gerald og Davíð eru með hljómsveitina Mission accomplished og æfa þeir reglulega. Þeir hafa nýlega tekið upp lag sem hefur ekki enn fengið nafn. ... [\[ nánar \]](#)

11. mars 2010

### SJÁLANDSSKÓLI - KYNNING FYRIR FORELDRA

Það verður opið hús í Sjálandsskóla fimmtudag 11. mars 2010. Kynningarfundur fyrir foreldra nemenda í 1.-7. bekk verður kl.17:00 -18:00. Kynningarfundur fyrir foreldra nemenda í 8.-10. bekk verður kl.18:00 -19:00 Að lokinni kynningu verður gestum boðið að skoða skólann í fylgd starfsmanna ... [\[ nánar \]](#)



08. mars 2010

#### HAMINGJUDAGUR

Fræðslufundur fyrir foreldra verður haldinn fimmtudaginn 18. mars í sal Hofsstaðaskóla kl. 19:30-22:00. Nýlegar rannsóknir sýna að of mörgum börnum líður ekki vel í skólanum. Við þurfum að kynna okkur málið og reyna að gera betur. Náðu þér í fróðleik ... [\[ nánar \]](#)

05. mars 2010

#### HEIMKOMA 7. BEKKJAR

7. bekkur er væntanlegur í bæinn uppúr 14:30 í dag, en þau eru að koma úr skólaferðalagi frá Reykjum í Hrótafirði.... [\[ nánar \]](#)



04. mars 2010

#### MERKILEG STEINAGJÖF

Skólanum hefur verið gefin mjög merkileg gjöf. Það er James Rail afi í skólanum sem kom með steina sem hann hefur safnað s.l. 40 ár. Steinarnir eru allir frá eyjum á Íslandi eða utan úr heimi. Með steinunum fylgir Íslandskort og ... [\[ nánar \]](#)

04. mars 2010

#### TÓNLIST 5.-6. BEKKUR

Krakkarnir í 5. og 6. bekk voru að taka upp lagið I wana sing scat. Lagið er sungið í tveim hópum sem kallast á. Annars vegar eru það strákar sem kallast á við stelpur og hinsvegar tveir, þrír eða fjórir nemendur sem kallast á við annan ... [\[ nánar \]](#)



26. febrúar 2010

#### VERÐLAUNASÆTI Í LÍFSHLAUPINU

Það var föngulegur hópur nemenda og starfsmanna Sjúlandsskóla sem mætti niður í ÍSí í hádeginu í dag til að taka við verðlaunum fyrir frábæra frammistöðu í Lífshlaupinu. Nemendur í skólanum höfðu verið mjög duglegir að hreyfa sig s.l. 3 vikur sem skilaði sér í að þau fengu 3. sæti í flokki skóla af stærðargráðunni 150-399 nemendur. Markmiðið ... [[nánar](#)]



24. febrúar 2010

### 7. BEKKUR OG HAITÍ

7.bekkur hefur undanfarnar vikur heilmikið verið að ræða atburði og aðstæður á Haiti. Bekkurinn hugsaði sig því ekki tvisvar um þegar þeim bauðst að taka þátt í hjálpastarfi sem fólst í því að aðstoða fólk á Haiti. Í dag fór bekkurinn og hjálpaði til við að flokka og pakka vörum sem á að senda út. Bekkurinn stóð sig rosalega vel. Þau pökkuðu ... [[nánar](#)]



22. febrúar 2010

### TÓNLISTARMYNDBÖND

Nemendur í 8.-9. bekk gátu valið námskeiðið tónlistarmyndbönd hjá Ólafi Schram þar sem nemendur sömdu tónlist og léku og unnu eigin myndband. Þrír hópar bjuggu til myndbönd. Það eru myndböndin Doom, Foot love og myndband tekið uppá þaki skólans. Hér eru þau. ... [[nánar](#)]

15. febrúar 2010

### 1.-2. BEKKUR DRAUGALAG

1. og 2. bekkur hefur verið að búa til draugalega útsetningu af íslenska þjóðlaginu Móðir mín í kví kví í tónmennt. Þau sungu og spiluðu það svo inn á upptöku og hér er afraksturinn. Hljóðfærin sem þau spila á eru m.a. klukkuspil, gong, trommur, regnstafir og vindhörpur o.fl. ... [[nánar](#)]



11. febrúar 2010

### DÝRIN Í HÁLSASKÓGI

Nemendur í 1.-2. bekk sýndu leikritið um Dýrin í Hálsaskógi þrisvar sinnum fyrst fyrir leikskólanemendur, síðan fyrir foreldra og loks í morgunsöng. Þetta var glæsileg sýning hjá þeim þar sem nemendur höfðu unnið flotta leikmynd og leikmuni og krakkarnir léku og sungu af innlifun. Til hamingju með flotta sýningu. ... [[nánar](#)]



08. febrúar 2010

### HUGSAÐU ÁÐUR EN ÞÚ SENDIR

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn er er haldinn þriðjudaginn 9. febrúar undir yfirskriftinni "Hugsaðu áður en þú sendir". Málþing verður haldið í Skriðu í Stakkahlíð kl. 14:30-16:30 og fundarstjóri verður Páll Óskar Hjálmtýsson. Þar verður fjallað um netsiðferði, félagsnetssíður, myndbirtingar ... [[nánar](#)]



05. febrúar 2010

### LISTSÝNING Á FORELDRADAGINN

Á foreldradaginn á mánudaginn bjóða listgreinakennarar foreldrum að líta á listsýningu fyrir framan listgreinastofurnar. Þar gefur að líta ýmsar afurðir frá nemendum úr textíl, myndmennt og smíði. Þar eru þæfðar myndir, þrívíddarmyndir úr tré, bangsar og bangsarúm, munir úr plexígléri, skórinn minn til að æfa að reima og ýmis myndverk. Listgreinakennarar verða á staðnum og hægt er að skoða verk nemenda sem eru enn í vinnslu. ... [[nánar](#)]

04. febrúar 2010

### FRÉTT Á MBL.IS

Hér má skoða frétt með viðtölum við krakka í Sjálandsskóla sem birtist á mbl.is í gær í tilefni af Lífshlaupinu. ... [[nánar](#)]



03. febrúar 2010



### LÍFSHLAUPIÐ HAFIÐ

Daníel Breki Johnsen nemandi í 4. bekk bauð gesti velkomna en Ólafur Rafnsson, forseti ÍSí, Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Álfheiður Ingadóttir, heilbrigðisráðherra, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar og Margrét Björnsdóttir, forstjóri Lýðheilsustöðvar settu Lífshlaupið í morgun hér í Sjálandsskóla. ... [\[nánar\]](#)



02. febrúar 2010

### LÍFSHLAUPIÐ HEFST Á MORGUN

Lífshlaupið er átaksverkefni í 3 vikur þar sem landsmenn eru hvattir til þess að huga að sinni daglegu hreyfingu og auka hana eins og kostur er þ.e. í frítíma, heimilisverkum, vinnu, skóla og við val á ferðamáta. Mikil þátttaka hefur verið úr Sjálandsskóla í Lífshlaupinu á síðustu árum bæði meðal nemenda og starfsmanna og verður svo áfram. Þess vegna var ákveðið að hefja Lífshlaupið héðan kl. 11 á morgun... [\[nánar\]](#)



02. febrúar 2010

### ÍPRÓTTIR HJÁ 1.-2. BEKK

Nemendur í 1.- 2. bekk voru saman í íþróttatíma í dag. Þau fóru m.a. í spennandi púsl boðhlaup þar sem þau unnu mjög vel saman. Eins og sést á myndunum.... [\[nánar\]](#)



01. febrúar 2010

### LÍNA LANGSOKKUR

S.I. föstudag fluttu nemendur í 3.-4. bekk leikritið um Línu langsokk. Þetta var flott sýning hjá krökkunum þar sem nemendur fléttuðu saman leik, söng, dans, fimleikum, göldrum og fleiru. Skoðið myndirnar var generalprufunni og leiksýningunni.... [\[nánar\]](#)

01. febrúar 2010

### 9. BEKKUR Í NOREGI

Í gær lagði 9. bekkur í Sjálandsskóla af stað til Lillehammer í Noregi á vetraríþróttahátíð. Hægt er að fylgjast með ævintýrum þeirra á blogginu hér til vinstri. Lillehammerbloggid.blog.is... [\[ nánar \]](#)



27. janúar 2010

#### NEMENDARÁÐ HITTAST

Nemenda- og félagsráð unglिंगastigsins buðu til sín sl. þriðjudag nemendaráði Garðaskóla. Krakkarnir tóku vel á móti gestunum, sýndu þeim skólann, fóru á kajak undir tryggri leiðsögn Helga skólastjóra og funduðu um félagslíf unglinga í Garðabæ. Heimsóknin var vel heppnuð í alla staði.... [\[ nánar \]](#)



27. janúar 2010

#### ÁVEXTIR Í BOÐI - MORGUNHRESSING

Fyrir áramót var kannaður hugur foreldra til þess að boðið sé upp á kaupa ávexti í skólanum í morgunhressingu í áskrift. Viðbrögð voru það góð að ákveðið var að bjóða upp á þessa þjónustu frá og með næstu mánaðarmótum fyrir nemendur 1.-4. bekkjar. Það er nokkuð skammur fyrirvari á þessu en miðað er við að pöntun fyrir febrúarmánuð þurfi að berast fyrir 28. janúar og er það gert á heimasíðu Heitt og kalt.... [\[ nánar \]](#)



21. janúar 2010

#### SKEMMTILEGT BINGÓKVÖLD

Nemendur og foreldrar í 9. bekk stóðu fyrir stórglæsilegu bingói þriðjudaginn 19. janúar. Þátttaka var mjög góð og spiluðu ungir sem aldnir saman bingó undir góðri stjórn Kristjáns bingóstjóra. Nemendur í 9. bekk og foreldrar þeirra þakka öllum fyrir komuna. Skoðið myndirnar.... [\[ nánar \]](#)

BINGO				
12	18	41	47	61
7	26	39	54	70
4	27	FREE BINGO	49	63
5	23	35	58	73
3	30	32	52	75

14. janúar 2010

### BINGÓ BINGÓ BINGÓ

Bingó verður haldið þriðjudaginn 19. janúar kl. 20 í hátíðarsal Sjálandsskóla í Garðabæ. Bingóið er til að styrkja ferð 9. bekkjar Sjálandsskóla til Lillehammer í Noregi en bekkurinn var valinn til þátttöku í vetraríþróttahátíð sem haldin verður þar í lok janúar. Veitingasala, skemmtiatriði ... [ [nánar](#) ]

12. janúar 2010

### HR NEMAR Í ÍÞRÓTTUM

Frá 11. janúar til 29. janúar verða verknámsnemar frá Háskólanum í Reykjavík í skólanum. Þau heita Thelma Ólafsdóttir og Brynjúlfur Jónatansson og munu kenna íþróttir og sund þessar vikur.... [ [nánar](#) ]



12. janúar 2010

### FJÁRÖFLUN

Fjáröflun fyrir Noregsferðina er í fullum gangi. Nemendur hafa undanfarið safnað dósum og flöskum og komu í morgun með afraksturinn í skólann. Þar blasti við þeim stærðarinnar hrúga og við tók talning og flokkun. Nemendur söfnuðu 100 þúsund krónum fyrir þetta. Það voru ótrúlega duglegir krakkar sem voru við störf í skólanum í morgun. ... [ [nánar](#) ]

11. janúar 2010

### TÓNLIST 20. ALDAR

Nemendur í 8. bekk voru í þemanu tónlist 20. aldar á haustönninni og unnu að tónsmíðum hjá Ólafi tónmenntakennara. Hlusta má á afrakstur tveggja hópa hér.... [ [nánar](#) ]



08. janúar 2010

### STYRKUR ÚR SPROTASJÓÐI

Sjálandsskóli hefur fengið styrk úr Sprotasjóði menntamálaráðuneytisins að upphæð 400.000 kr. vegna þemakennslu á unglingastigi. Kennslan á unglingastigi skólans hefur verið í þróun síðastliðin tvö ár. Hún hefur tekið mið af því að nemendur ... [\[ nánar \]](#)

08. janúar 2010

### FORELDRAFÉLAGIÐ

Foreldrafélag Sjálandsskóla hefur birt fundargerðir sínar á heimasíðu skólans. Hægt er að nálgast þær hér.... [\[ nánar \]](#)

06. janúar 2010

### GLEÐILEGT ÁR - HLUSTUM Á TÓNLIST!

Nemendur í 3.-4. bekk voru í tónmennt að syngja og spila á hristur, sköpur, cabassa og málmspil lag frá Mexíkó sem heitir Mi Caballo. Mi Caballo þýðir "hesturinn minn". Hlustið á lögin. ... [\[ nánar \]](#)



18. desember 2009

### GLEÐILEG JÓL!

Skólastarfi á árinu 2009 lauk í dag með jólaskemmtun nemenda og starfsmanna. Dagurinn byrjaði á sal þar sem nemendur flutt fjölbreytt skemmtiatriði, söng, dans og leik. Nemendur í 5. bekk fluttu helgileik. Þetta var flott sýning hjá nemendum og allir nutu vel. Síðan var farið inná heimasvæði þar sem var notaleg stund við kertaljós. Skemmtunin endaði síðan á sal þar sem gengið var í kringum jólatréð. Það var ... [\[ nánar \]](#)



17. desember 2009

### 1.-2. BEKKUR JÓLASVEINAR

Nemendur í 1.-2. bekk fluttu jólasveinavísurnar eftir Jóhannes úr Kötlum á sal skólans í morgun. Krakkanir voru mjög dugleg við að lesa vísurnar og leika jólasveinana við ýmsa iðju. Það var ánægjulegt að sjá hve margir foreldrar gátu komið og notið sýningarinnar með okkur. Myndir á myndasíðunni. ... [\[ nánar \]](#)



15. desember 2009

### TÓNLISTARMYND BAND

Nemendur í 8.-9. bekk sem eru í vali tónlist og tónlistarmyndbönd voru uppá þaki í gær. Þar var verið að taka upp myndband við lag sem strákarnir höfðu samið. Sjáið flottu tilþrin hjá þeim. Nú er verið að vinna myndbandið og fáum við vonandi að heyra og sjá það síðar. ... [[nánar](#)]

14. desember 2009

### 9. BEKKUR TIL NOREGS

Nemendurnir okkar í 9. bekk voru aldeilis heppnir nú á haustdögum þegar bekkurinn þeirra var dreginn út sem fulltrúar Íslands á vetrariþróttahátíð í Lillehammer í Noregi dagana 31.janúar - 5.febrúar n.k. Á hátíðina er boðið einum bekk af unglingastigi frá hverju Norðulandanna, auk Eistlands, Lettlands og Litháens. Krakkarnir fá kynningu og kennslu í vetrariþróttum auk þess sem unnið verður við að gera listaverk úr snjó, ... [[nánar](#)]



11. desember 2009

### FJÁRHÚS

Nú í desember hafa nemendur skólans útbúið ýmsa fallega muni til að skreyta skólann. Inni á bókasafni lúrir mjög fallegt fjárhús með Jósep, Maríu og Jesúbarninu, hirðunum, vitringunum, englinum. Þessa muni hafa nemendur unnið undir stjórn listgreinakennara og er útkoman frábær. Þarna var unnið með leir og náttúrleg efni ýmis konar. En myndirnar tala sínu máli. ... [[nánar](#)]



10. desember 2009

### NÝJA TESTAMENTIÐ OG SPIL

Í dag komu félagar úr Gideonfélaginu og færðu nemendur í 5. bekk Nýja testamentið að gjöf. Einnig fengu börnin að gjöf spil frá Samanhópnum.... [[nánar](#)]



04. desember 2009

### MÚSASTIGI 31 METRI AÐ LENGD

Hérna má sjá flotta músastigann sem nemendur unnu. Hann er búinn til úr filtefni sem nemendur sniðu niður og settu saman. Í lok vinnunnar var hann mældur og reyndist 31 metri að lengd. Skoðið myndirnar. ... [\[ nánar \]](#)



03. desember 2009

### JÓLAFÖNDUR

Í dag og gær unnu nemendur í aldurblönduðum hópum að ýmsum föndurverkefnum tengdum jólunum. Eins og sjá má á myndunum var verið að vinna ýmislegt til að skreyta skólann okkar. Margt af þeim munum sem unnir voru munu verða eign okkar allra og teknir upp um hver jól. Myndir af endanlegum afrakstri koma síðar. ... [\[ nánar \]](#)



25. nóvember 2009

### GEGN EINELTI Í GARÐABÆ

Könnun verður lögð fyrir nemendur í nóvember og desember 2009. „Gegn einelti í Garðabæ“ er aðgerðaáætlun grunnskóla Garðabæjar sem hófst haustið 2003. Markmið hennar er að fyrirbyggja og bregðast við einelti ásamt því að bæta líðan og öryggi nemenda. Verkefnið grundvallast á markmiðum í skólastefnu Garðabæjar. ... [\[ nánar \]](#)

24. nóvember 2009

### LAUFABRAUÐ FORELDRAFÉLAGSINS

Foreldrafélag Sjálandsskóla stendur fyrir laufabrauðsútskurði og steikingu í skólanum sunnudaginn 29. nóvember kl. 10:30-13:30. Hópur foreldra úr öllum bekkjardeildum sér um steikinguna. Hægt er að koma með kökur að heiman en foreldrafélagið mun einnig selja 5 kökur á 500.-... [\[ nánar \]](#)

24. nóvember 2009

### NÝ UPPTAKA HJÁ 2. BEKK

Krakkarnir í 2. bekk voru að syngja og spila lagið Tinga Layo í tónmennt. Í því syngja þau kynskipt, þ.e. stelpurnar syngja fyrra erindið og strákararnir hið síðara en allir syngja viðlögin saman. Svo spiluðu þau ólíka takta á ásláttarhljóðfæri sem undirspil í laginu. Lagið er undir verk nemenda hægra megin á forsiðu.... [[nánar](#)]



20. nóvember 2009

### RAFHEIMAR

Nemendur í 5. og 6. bekk eru um þessar mundir að læra um rafmagn. Nemendur hafa m.a.farið í heimsókn í Rafheima sem eru staðsettir við Rafstöðvarveg í Elliðaárdal, gegnt gömlu rafstöðinni. Rafheimar eru fræðslumiðstöð Orkuveitu Reykjavíkur og er markmiðið með Rafheimum að fræða nemendur af veitusvæði OR um undirstöðuatriði ... [[nánar](#)]



18. nóvember 2009

### TÓMSTUNDAHEIMILIÐ SÆLUKOT

Í Sælukoti tómstundaheimili Sjálandsskóla eru um 66 börn eftir að skóla lýkur. Þar fer fram fjölbreytt starf þar sem allir geta fundið eitthvað við hæfi. Hægt er að skoða myndir af starfinu á heimasíðu tómstundaheimilis. ... [[nánar](#)]



16. nóvember 2009

### DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU

Í dag á degi íslenskrar tungu tíðkast að nemendur skólans fara út úr húsi og flytja ljóð eða söng fyrir fólk á förnum vegi. Nemendur í 5.-6. bekk fóru í heimsóknir í Fjölbautskóla Garðabæjar og síðan í Jónshús. Nemendur ... [[nánar](#)]



11. nóvember 2009

### LOFTSLAGSBREYTINGAR

Í dag opnaði menntamálaráðherra frú Katrín Jakobsdóttir nýjan vef um loftslagsbreytingar á jörðinni. Það er Námsgagnastofnun sem er að gefa út nýja kennslubók ásamt vef og dvd disk um efnið. Oddný og Styrkár nemendur í 9. bekk tóku á móti ráðherra ... [[nánar](#)]



06. nóvember 2009

### BALL HJÁ 8. - 9. BEKK

Þann 5. nóvember var haldið fyrsta ball vetrarins fyrir 8. og 9. bekk. Það heppnaðist mjög vel og ekki annað að sjá en að nemendur hafi skemmt sér konunglega. Kíkið á myndir..... [[nánar](#)]



05. nóvember 2009

### LEIKFANGAGERÐ

Í dag fóru nemendur 5. og 6. bekkjar í leikfangagerð á Garðatorgi á vegum Hönnunarsafnsins, Ikea og Sorpu. Leikföngin eða hlutirnir sem þeir bjuggu til voru búnir til úr efni sem við yfirleitt lítum á sem rusl. Nemendur voru ekki í neinum vandræðum með að skapa fjölbreytilega hluti, allt frá ... [[nánar](#)]



05. nóvember 2009

### HAUSTFERÐ 9. BEKKJAR

Nemendur í 9. bekk fóru í ferðalag á Úlfjótswatn dagana 28. – 29. október. Fyrri daginn fór hópurinn í 3 klst. göngu um svæðið. Eftir gönguna var sigturninn prófaður undir tryggri leiðsögn



Helga skólustjóra. Seinni partinn var farið í ýmsa skemmtilega hópeflisleiki. Kvöldmatinn undirbjuggu nemendur sjálfir og voru grillaðir gómsætir hamborgarar. Nemendur sáu einnig um fráganginn og stóðu sig vel. Um kvöldið ... [\[ nánar \]](#)



04. nóvember 2009

### TÓNLIST FYRIR ALLA

Þeir félagar Gunnar Hrafnsson og Björn Thoroddsen fóru með nemendur í ferð um óravíddir tónheimanna og fjölluðu meðal annars um takt, hljóðstyrk og laglínu með skemmtilegum tóndæmum. Í lok tónleikanna var dansað kónga um allan 2. áfangann.... [\[ nánar \]](#)



03. nóvember 2009

### FÉSBÓKIN - FACEBOOK

Tekin hefur verið ákvörðun um að hafa lokað á að nemendur í grunnskólum Garðabæjar geti opnað "facebook" í skólunum þar sem ólöglegt er fyrir nemendur yngri en 13 ára að stofna síðu þar. Almennt hefur það þó ekki verið í boði fyrir nemendur skólans. En eftirfarandi tilvísun er tekin beint úr skilmálum "facebook" á netinu. ... [\[ nánar \]](#)



30. október 2009

### GJÖF TIL SKÓLANS

Alexandra og Ellen nemendur í 9.bekk færðu skólanum fallega gjöf. Þær höfðu hannað og útbúið disk með merki skólans í vali í glerlist. Þetta er stórglæsilegt hjá þeim og þær fá bestu þakkir fyrir.... [\[ nánar \]](#)



28. október 2009

### FRJÁLST Í SUNDI

Nemendur í 3. og 4. bekk fá fjórða hvern sundtíma frjálсан fyrir áramót. Eftir áramót verður spennan yfir nýju sundlauginni farinn úr þeim og þá er það fimmti hver tími sem er frjálс. Fimmtudaginn 15.okt var frjálс tími og þá fengu þau í fyrsta sinn að prófa nýju núðlurnar okkar. Myndirnar af þessum flottu krökkum tala sínu máli. ... [\[ nánar \]](#)

28. október 2009

### HLJÓÐSAGA 1.-2. BEKKUR

Í tengslum við þemað um hafið sem 1. og 2. bekkur var í fyrr í haust, hljóðsettu nemendur sögu í tónmennt. Unnið var sérstaklega með styrk, tónlengd, og takt í verkefninu auk tónsköpunar og því að fylgja stjórnanda. Sjá hér. ... [\[ nánar \]](#)



23. október 2009

### FLOTT LEIKSÝNING - 5.-6. BEKKUR

Nemendur í 5.-6. bekk voru með leiksýningu og söng úr sögunni Fólkið í blokkinni sem þau hafa verið að vinna með undanfarið. Fyrst buðu þau foreldrum og fjölskyldu á sýningu og námskynningu og síðan sýndu þau fyrir nemendur og starfsmenn. Þetta var stór hópur ... [\[ nánar \]](#)

21. október 2009

### FÓLKIÐ Í BLOKKINNI

5.-6. bekkur hefur verið að æfa leikritið "Fólkið í blokkinni" í tengslum við þema sem nú er að ljúka. Nemendur eru að fara að sýna foreldrum sínum það í dag kl. 17 í tengslum við námskynningu. Í fyrramálið er svo fyrirhugað að sýna leikritið í morgunsöng en það tekur um 30 til 40 mínútur í flutningi. Allir velkomnir. ... [\[ nánar \]](#)



20. október 2009

### HRINGTÓNAR

Krakkarnir í 7. bekk eru búin að vera að semja hringitóna í tónmennt í haust. Verkefni áttu að uppfylla eftirfarandi skilyrði: þurftu að hafa trommutakt og bassa, þurftu að hafa hljómahljóðfæri, þurftu að innihalda laglínu sem mátti bæði vera leikin á hljóðfæri eða sungin. Þá átti lagið að vera u.þ.b. 30 sekúndur. ... [[nánar](#)]



16. október 2009

### 7. BEKKUR

Nemendur í 7. bekk voru með tískusýningu þar sem þau komu fram fyrir hönd ýmissa Evrópulanda. Hugmyndin var algjörlega þeirra en tengdist þema sem þau eru í um Evrópu.... [[nánar](#)]



15. október 2009

### ÚTIÍPRÓTTIR 1.-2. BEKKUR


Á myndasíðunni má finna myndir af góðum haustdegi í útiþróttum hjá 1. og 2. bekk er þau fóru í nokkra leiki. Spyrjið börnin hvernig leikirnir eru. 1. bekkur fór í stórfiskaleik, Ungamma í þeim leik er ein ungamma,... [[nánar](#)]



08. október 2009

### HEIMILISFRÆÐI 3.-4. BEKKUR

Fyrsti heimilisfræðihópurinn í 3. – 4. bekk er nú að ljúka 7. vikna lotu í greininni. Nemendur hafa staðið sig ljómandi vel og verið virkilega áhugasöm um hreinlæti, fæðuhringinn, eldun og bakstur. ... [\[ nánar \]](#)



08. október 2009

#### STÆRÐFRÆÐI ER SKEMMTILEG

Háskólinn í Reykjavík stendur fyrir námskeiðum í Ólympíustærðfræði í vetur sem krakkar úr 5.-8. bekk geta tekið þátt í. Ólympíustærðfræði eru námskeið þar sem leystar eru þrautir sem reyna á hugmyndaflug og rökhugsun. Þetta eru skemmtileg og ögrandi verkefni fyrir krakka sem hafa gaman af að glíma við þrautir og að reikna.... [\[ nánar \]](#)



01. október 2009

#### FJALLGANGA OG SKÁLAFERÐ

Nemendur í 8. bekk luku við þemað Upp um fjöll og firnindi með því að fara í fjallgöngu og útilegu með umsjónarkennara og skólastjóra. Hópurinn gisti í skála sem heitir Þristur og er undir hlíðum Móskaðshnjúka. Hópurinn fékk alls konar veður ... [\[ nánar \]](#)

01. október 2009

#### SKÓLAPAKKAR

Nú eru greiðsluseðlar fyrir skólapökkunum að berast foreldrum/forráðamönnum. Því miður kemur fram rangur texti á seðlinum en þar stendur skólagæsla í stað skólapakkar. Verð á pökkunum er ... [\[ nánar \]](#)

23. september 2009

#### LEGÓ NÁMSKEIÐ F. 1.-7. BEKK

Núna í október er í boði að sækja legónámskeið í Sjálandsskóla í umsjón Jóhanns Breiðfjörð. Sjá auglýsingu hér:... [\[ nánar \]](#)

